


**skoðun** 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Lífsstíll





# RISAjólamarkaður




Við opnum RISAjólamarkað í Smáralind
(við hlið Debenhams), föstudaginn 12. nóv. n.k.

TIGER
Villidýr á verði · www.tiger.is


# FRÉTTABLAÐIÐ


Þriðjudagur
9. nóvember 2010
263. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




**Sigrún Eldjárn**
*Fagnar þrjátíu ára útgáfuafmæli.*
**tímamót** 18

**Það besta frá Barða**
*Barði í Bang Gang hefur sent frá sér plötu með bestu lögum hljómsveitarinnar.*
**fólk** 24



**Enginn Eiður Smári**
*Ólafur Jóhannesson hefur valið landsliðið fyrir Ísraelsleikinn.*
**sport** 26

**veðrið í dag**




**HÆGUR VINDUR** af austri ríkjandi á landinu í dag. Slydda SA-til, annars víða él en bjart V-lands. Hiti 0-5 stig en sums staðar vægt frost N- og A-lands.
VEÐUR 4



**VEL KLÆDDUR Á KORPUVELLI** Fjöldi kylfinga stundar golfíþróttina allt árið enda holl og góð útivera. Þessi kylfingur var að gera sig kláran í að pútta með Skálafell snæviþakið í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ákærð fyrir milljóna dollara fjárkúgun

**Íslensk kona handtekin í Bandaríkjunum fyrir fjárkúgun og svindl, ásamt kærasta sínum. Utanríkisráðuneytið staðfestir handtöku konu vestanhafs.**

**LÖGREGLUMÁL** Íslensk kona, Helga Ingvarsdóttir, var handtekin ásamt kærasta sínum, Vickram Bedi, í Bandaríkjunum á fimmtudag fyrir stórfellda fjárkúgun.

Samkvæmt bandaríska fréttamiðlinum Patch.com, telur lögreglan í Harrison í New York-ríki að upphæðirnar sem parið kúgaði út úr fórnarlambi sínu hafi verið allt að 20 milljónir Bandaríkjadala. Skrifstofa saksóknara í Westchester segir upphæðina nema um 6 milljónum Bandaríkjadala.

Parið er ákært fyrir að hafa kúgað erfingja olíufyrirtækis um fyrrnefndar upphæðir á löngu árabili og eiga þau yfir höfði sér allt að 25 ára fangelsisdóm. Þau hótuðu honum líkamsmeiðingum og eyðileggingu á ævistarfi hans, tónlist í stafrænu formi, ef hann borgaði ekki.

Lögreglan í Harrison segir í samtali við fjölmiðla vestanhafs að málið hafi verið í rannsókn síðan í ágúst. Eftir húsleit á heimili parsins í Chappaqua og í fyrirtæki þeirra, Datalink Computers, var lagt hald á 17 milljónir íslenskra króna í reiðufé, farartæki og skartgripi.

Saksóknari sagði á blaðamannafundi í gær að hin ákærðu hefðu svikið féð út úr fórnarlambinu með flóknum lygum. Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins, staðfestir að íslensk kona hafi verið handtekin í Bandaríkjunum og ráðuneytið hafi verið í sambandi við fjölskyldu hennar til að aðstoða þau við framhaldið.

- sv, bj

## Kúgunin líkist fléttu í Hollywood-mynd

Samkvæmt patch.com áttu Helga og Bedi tölvufyrirtæki sem heitir Datalink. Fórnarlambið, sem er af ríkum ættum, leitaði aðstoðar hjá Datalink eftir að tölvan hans sýktist af vírus árið 2004. Bedi segir fórnarlambinu fljótlega að hann og fjölskylda hans séu í bráðri hættu. Á sex ára tímabili kokkar parið upp ótrúlega lygasögu. Það segist hafa rakið vírusinn til tölvu sem var í þorpi í Hondúras. Bedi segir fórnarlambinu að hann hafi sent frænda sinn, sem sé í indverska hernum, til Hondúras til að eyðileggja tölvuna. Hann hafi farið með herflugvél þangað og í þorpinu hitt fyrir pólska presta með tengsl inn í kaþólsku trúarregluna Opus Dei. Bedi fullyrðir síðan að hann sjálfur sé nú farinn að starfa með bandarísku leyniþjónustunni (CIA) í þeim tilgangi að stöðva ráðabrugg pólsku prestanna. Talið er að fórnarlambið hafi á sex ára tímabili greitt Helgu og Bedi á bilinu 660 til 2.200 milljónir króna.

Arnaldur Indriðason vinsæll:

## Hefur selt sjö milljónir bóka

**FÓLK** Arnaldur Indriðason hefur skriðið fram úr Sigur Rós og hefur selt næstum sjö milljónir eintaka af bókum sínum á heimsvísu. Fjórmenningarnir í Sigur Rós hafa hins vegar selt sex milljónir eintaka af plötum sínum.



ARNALDUR INDRIÐASON

Hvorki Arnaldur né Sigur Rós eiga þó roð í Björk Guðmundsdóttur sem hefur selt tuttugu milljónir eintaka af plötum sínum.

„Ísland hefur auðvitað verið mikið í umræðunni og það hefur kannski smitast út í listirnar, það er allavega mikill áhugi á bókunum víða um Evrópu," segir Arnaldur.

- fgg / sjá síðu 30

Eftirlitshópur sendiráðs:

## Vilja upplýsingar um eftirlitið

**UTANRÍKISMÁL** Engar upplýsingar eru til sem benda til þess að bandarísk stjórnvöld hafi haft samráð við íslensk stjórnvöld um eftirlit með nágrenni sendiráðsins, segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. Hann segir að farið verði fram á upplýsingar frá sendiráðinu um eftirlitið.

„Þetta er ekki leynilegt verkefni og ekki hluti af starfsemi leyniþjónustu," segir Laura Gritz, talsmaður bandaríska sendiráðsins. Hún staðfestir að fylgst hafi verið með nágrenni sendiráðsins.

„Mér geðjast illa að því ef erlend ríki hafa afskipti af íslenskum þegnum eða innanríkismálum hér, hvað þá að menn séu að snuðra um fólk eða njósna," segir Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra. Hann hefur óskað eftir upplýsingum frá ríkislögreglustjóra um hvort samráð hafi verið haft við embættið um eftirlitið.

- bj / sjá síðu 6


Egill Árnason



ÞÝSKAR LOFTAÞILJUR
Verð frá kr. 1.990 m²

VIÐ ERUM FLUTT!
Við tökum vel á móti þér í nýju versluninni okkar að Suðurlandsbraut 20.

Suðurlandsbraut 20 | Sími: 595 0500

Margslungin og mögnuð
Ný bók eftir metsöluhöfundinn Paulo Coelho, höfund Alkemistans
„Þessi brasilíski galdramaður lætur bækur hverfa úr bókabúðum."
The New York Times




JPV ÚTGÁFA www.forlagid.is

JPV ÚTGÁFA www.forlagid.is

Saga meistara
Ævisaga stórsöngvarans er komin út



## SPURNING DAGSINS



*Georg, er hann Golli mikill selskapskópur?*

„Já, hann er þokkalega sprækur og dálítill bægslagangur í honum.“

Georg Skæringsson, starfsmaður á Fiska- og náttúrugripasafninu í Vestmannaeyjum, hefur verið með útselskópinn Golla í fóstri síðustu daga.

Starfsfólki á heilbrigðisstofnunum fækkar um 456 vegna niðurskurðaráforma:

# Konur í meirihluta þeirra sem missa vinnu

**HEILBRIGÐISMÁL** Starfsfólki hjá heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni fækkar um samtals 456 nái niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar fram að ganga. Átta af hverjum tíu sem missa vinnuna eru konur, alls 369 starfsmenn.

Þetta kemur fram í skriflegu svari Guðbjarts Hannessonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar, þingmanns Framsóknarflokks, á Alþingi í gær.

Stöðugildin sem tapast eru talsvert færri, alls 312 talsins, þar af 252 sem mönnuð eru af konum.

Á móti kemur að niðurskurðinum verður mætt með auknum útgjöldum til sjúkraflutninga, heimahjúkrunar og sálfélagslegrar þjónustu við börn og ungmenni. Við það ættu að verða til störf fyrir 63 einstaklinga, alls 50 stöðugildi. Alls verða uppsagnir umfram ráðningar því 393 vegna niðurskurðarins.

Flest störf munu tapast á St. Jósefsspítala og Sólvangi í Hafnarfirði. Þar munu 96 manns í 69 stöðugildum missa vinnuna. Þá munu 78 missa vinnuna á Heilbrigðisstofnun Austurlands, og sami fjöldi á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. **- bj**



**UPPSAGNIR** Alls munu 96 missa vinnuna á St. Jósefsspítala og Sólvangi í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þrjátíu dagar á skilorði:

## Ungur piltur með barnaklám

**DÓMSMÁL** Piltur á átjánda ári hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystra í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir vörslu barnakláms.

Pilturinn hafði í fartölvu þrjár ljósmyndir og átján hreyfimyndir, sem tóku tæpar þrjár klukkustundir í afspilun. Myndirnar sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Pilturinn játaði sök fyrir dómi. Hann hafði áður hlotið dóm árið 2008, skilorðsbundinn til tveggja ára. Sá dómur var nú tekinn upp og piltinum dæmd refsing í einu lagi. **- jss**

Í haldi þar til dómur fellur:

## Kona segist hafa fengið smyglbíl að gjöf

**DÓMSMÁL** Önnur tveggja kvenna sem handteknar voru á Seyðisfirði með tæpa tuttugu lítra af amfetamínbasa skal sæta gæsluvarðhaldi þar til dómur fellur í máli hennar, samkvæmt nýjum dómi Hæstaréttar.

Vökvinn var falinn í bensíntanki bifreiðar. Konan ber að maður hafi gefið sér bílinn. Sá hinn sami hlaut fjögurra ára fangelsisrefsingu árið 2006 fyrir að hafa smyglað hingað tveimur lítrum af amfetamínvökva og brennisteinssýru. Konan segir manninn einnig hafa greitt fyrir Íslandsferð hennar. Hann hafi verið með bifreiðina undir höndum um skeið í Litháen áður en konurnar fóru með hana til Íslands. **- jss**

**HEILBRIGÐISMÁL**

### Nýr aðstoðarforstjóri

Benedikt Olgeirsson hefur verið ráðinn í nýtt starf aðstoðarforstjóra Landspítalans. Hann mun hafa með höndum margþætt verkefni sem snúa meðal annars að gerð langtímaáætlana spítalans.

# Dior notar vatn úr Ölfusinu í snyrtivörur

**Snyrtivörurisinn Christian Dior notar vatn frá Icelandic Glacier í kremi sem kemur á markað á næsta ári. Samningurinn markar tímamót í sögu Dior.**

**VIÐSKIPTI** Franska snyrti- og tískuvörufyrirtækið Christian Dior hefur samið við fyrirtækið Icelandic Water Holdings um að nota lindarvatn úr Ölfusinu í krem sem kemur á markað í kringum áramótin. Vatninu er tappað á flöskur í verksmiðju Icelandic Water Holdings við Þorlákshöfn og selt um heim allan undir merkjum Icelandic Glacial.

Dior áætlar að kaupa allt að áttatíu tonn af vatni árlega sem notað verður við framleiðslu á kreminu, að því er segir í opinberri tilkynningu sem birt verður í vikunni.

Kremið heitir Dior Snow og er fyrir þá sem vilja lýsa upp húð sína. Prufuútgáfur með íslenska vatninu koma á markað í kringum áramótin. Markaðssetning um heim allan er fyrirhuguð árið 2012 með áherslu á Kína og önnur Asíuríki.

Jón Ólafsson, forstjóri og stjórnarformaður Icelandic Water Holdings, segir þetta gríðarlega mikilvægan samning, bæði fyrir ímynd Íslands og fyrirtækið. Erfitt sé að verðleggja hann. Hann bendir á að verðmæti samningsins liggi ekki síst í því að á hverri krukku og hverjum pakka sem geymi kremið komi fram að notað sé vatn Icelandic Glacial. Þetta er fyrsta skiptið sem Christian Dior notar vörumerki annars fyrirtækis á vörum sínum.

Jón segir samstarf tískuhússins og Icelandic Water Holdings að nokkru leyti gosinu í Eyjafjallajökli í vor að þakka. Gosið varð til þess að flugsamgöngur röskuðust verulega í Evrópu í apríl en Jón varð flugtepptur í nokkra daga í París, heimaborg Dior. Hann nýtti ferðina vel, fundaði með bæði Bernard Hennet, forstjóra módelskrifstofunnar Elite, og forsvarsmönnum Christian Dior, sem voru að leita að vatni fyrir snyrtivörulínu sem þeir höfðu í hyggju að setja á markað.

„Þeir skoðuðu allt það vatn sem hægt er að nota í heiminum og komust að þeirri niðurstöðu að okkar vatn væri best. Síðan óskuðu þeir eftir viðræðum við okkur. Þetta er gífurleg viðurkenning,“ segir Jón og spáir því að samningurinn muni hafa góð áhrif á sölu átappaðs vatns undir merkjum Icelandic Glacial í Kína í kjölfarið. Vatnið kemur þar á markað eftir áramótin.

jonab@frettabladid.is



**VATNINU TAPPAÐ Á FLÖSKUR** Samningar hafa náðst um að nota lindarvatn austan úr Ölfusi í snyrtivörur franska tískurisans Christian Dior. Asíubúar munu vera í meirihluta þeirra sem munu smyrja vatninu á andlit sitt í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Tískuveldi Christians Dior í hnotskurn



- Christian Dior stofnar tískufyrirtækið í Frakklandi árið 1946.
- Dior rekur 160 verslanir um heim allan. Fyrirtækið er í dag hluti af hátískuveldinu LVMH Moët Hennessy. Undir því eru mörg af þekktustu hátískumerkjum í heimi, svo sem Louis Vuitton, TAG Heuer, Donna Karan, Marc Jacobs og Moët et Chandon.
- Tískuhönnuðurinn John Galliano er í dag listrænn stjórnandi tískuhúss Dior.
- Tekjur Dior-veldisins námu 17,75 milljörðum evra í fyrra. Það jafngildir rúmum 2.700 milljörðum íslenskra króna.



**BANDARÍSKUR HERMAÐUR Í AFGANISTAN** Tímaáætlun Karzais forseta um brottför þykir henta Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríkjaher:

## Vill að NATO stefni á brottför

**AFGANISTAN, AP** Bandarísk hermálayfirvöld hvetja Atlantshafsbandalagið til að fallast á tímaáætlun Hamids Karzai Afganistansforseta.

Karzai telur að Afganar verði orðnir færir um að taka að sér stjórn öryggismála í landinu árið 2014. Erlenda herliðið geti því farið að skipuleggja brottför með hliðsjón af því.

Þeir Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, og Mike Mullen, formaður herráðs Bandaríkjanna, voru staddir í Ástralíu í gær. Þar hvöttu þeir NATO til að fallast á þetta á ársfundi bandalagsins, sem haldinn verður síðar í þessum mánuði. **- gb**

Mjólkursamsalan sigursæl:

## Fengu gull í Danmörku

**IÐNAÐUR Hleðsla, Skyr.is og Abdrykkur frá Mjólkursamsölunni hreppu gullverðlaun í sínum flokkum í norrænni samkeppni mjólkurvara sem fór fram á mjólkurvörusýningu í Herning í Danmörku.**

**Alls bárust 1.600 vörutegundir frá öllum Norðurlöndunum í keppnina. Vörurnar voru metnar eftir bragðgæðum, útliti og samsetningu, að því er fram kemur í tilkynningu frá Mjólkursamsölunni. Skyr.is með jarðarberjabragði fékk gullverðlaun og heiðursverðlaun, en samtals fengu vörur MS 34 verðlaun.**


12 V hleðsluborvél m. höggi




Verð með vsk.
59.900
DCD945B2
Öflug 12 V borvél m. höggi
LED-ljós
13 mm patróna
3ja gíra, 0-450/1200/1800
Átak 44 Nm.
2x2,6 Ah Ni-Mh rafhlöður.
Verslanir
www.sindri.is / sími 575 0000
SINDRI
Viðarhöfða 6 - Reykjavík / Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði
PIPAR\TBWA • SÍA • 101164


D-vaktin í steypuskála Norðuráls gaf Mæðrastyrksnefnd starfsmannasjóðinn:

# Erum alsæl með að hafa gefið

**FÓLK** „Okkur finnst þetta öllum hið besta mál og skorum á fleiri að gera slíkt hið sama,“ segir Eiríkur Kristófersson, starfsmaður á D-vakt í steypuskálanum hjá Norðuráli á Grundartanga. D-vaktin gaf allan starfsmannasjóðinn til góðgerðamála.

Tólf manns eru á D-vaktinni, ellefu karlar og ein kona. Öll greiða þau eitt þúsund krónur á mánuði í starfsmannasjóð. Fyrir stuttu stóð sjóðurinn í 176 þúsund krónum.

„Venjulega höfum við notað þessa peninga þegar við förum út að skemmta okkur, í menningarferðir eins og við köllum þær. Í þetta skipti vildum við leyfa einhverjum öðrum að njóta þeirra og gefa bara sjóðinn,“ segir Eiríkur, sem kveður hópinn hafa ákveðið að færa Mæðrastyrksnefnd Akraness allan sjóðinn.



**D-VAKTIN** Tólfmenningarnir á D-vaktinni hjá Norðuráli höfðu safnað 176 þúsund krónum í starfsmannasjóð og gáfu þær allar til Mæðrastyrksnefndar Akraness frekar en að skemmta sér fyrir upphæðina.

Eiríkur kveður gjöf hópsins hafa verið vel tekið af Anitu Björk Gunnarsdóttur, formanni Mæðrastyrksnefndarinnar.

„Anita sagði okkur að um 150 fjölskyldur hefðu fengið aðstoð hjá þeim fyrir síðustu jól bara á Akranesi. Maður kom alveg af fjöllum að heyra um þennan fjölda. Við erum alsæl með það að hafa gefið peningana á þennan stað,“ segir Eiríkur Kristófersson. **- gar**

TAL

HEIMASÍMI GSM INTERNET

# HVENÆR SPURÐI SÍMAFÉLAGIÐ ÞITT ÞIG SÍÐAST HVERNIG ÞÚ VILDIR HAFA HLUTINA?

KOMDU Á TAL.IS, HAFÐU SAMBAND Í 1817 EÐA KÍKTU Í KAFFI Í NÆSTU VERSLUN
OG SEGÐU OKKUR HVERNIG ÞJÓNUSTU ÞÚ VILT OG HVAÐ ÞÚ VILT BORGA. ÞÚ RÆÐUR.

MINNA BRUÐL. MEIRA TAL.

## GENGIÐ 08.11.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 110,46 | 110,98 |
| Sterlingspund | 178,12 | 178,98 |
| Evra | 153,7 | 154,56 |
| Dönsk króna | 20,618 | 20,738 |
| Norsk króna | 18,968 | 19,08 |
| Sænsk króna | 16,551 | 16,647 |
| Japanskt jen | 1,3604 | 1,3684 |
| SDR | 173,88 | 174,92 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

205,2887

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Margar ábendingar til ráðuneytis um að tekjuviðmið vegna gjafsóknar sé of lágt:

# Hækka viðmið um 20 til 25%

**ALÞINGI** Tekjuviðmið vegna gjafsóknar verða hækkuð um 20 til 25 prósent í kjölfar fjölmargra ábendinga um að viðmiðið sé of lágt, sagði Ögmundur Jónasson, dómsmála- og mannréttindaráðherra, á Alþingi í gær.

Með því að sækja um að fá gjafsókn fyrir dómstólum geta tekjulágir höfðað mál þótt þeir hafi ekki efni á því að bera kostnað við málsóknina. Gjafsóknarnefnd þarf að samþykkja umsóknina, en geri hún það fellur kostnaður við málsóknina á ríkið.

Eitt af því sem gjafsóknarnefnd þarf að horfa til eru tekjur þeirra sem sækja um. Árstekjur þeirra sem sækja um þurfa að vera undir 1,6 milljónum, eða 2,5 milljónum í tilviki hjóna eða sambúðarfólks.

Tekjuviðmiðin munu hækka um 25 prósent, í tvær milljónir króna, fyrir einstaklinga, og um 20 prósent, í þrjár milljónir króna, fyrir sambúðarfólk.

Ögmundur sagði kostnað vegna gjafsókna falla á ríkið einu til tveimur árum eftir að gjafsókn er veitt. Rýmkun á heimild muni því ekki auka útgjöld ríkisins strax. Málið er nú í skoðun í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. **- bj**



**GJAFSÓKN** Einstaklingur með tekjur undir tveimur milljónum mun geta fengið gjafsókn eftir að Ögmundur Jónasson hækkar tekjuviðmiðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ávítaðir fyrir hávaða:

# Réðust á mann á svölum húss

**DÓMSMÁL** Tveir karlmenn um tvítugt hafa verið ákærðir fyrir líkamsárás í síðasta mánuði.

Mönnunum er gefið að sök að hafa ráðist á mann á sjötugsaldri á svölum á fjölbýlishúsi á Akureyri eftir að hann hafði gert athugasemdir við hávaða í þeim. Í ákæru segir að annar maðurinn hafi kýlt þann sem ráðist var á í andlitið en hinn sparkað í höfuð hans. Fórnarlambið hlaut talsverða áverka við árásina, bæði sár, mar og bólgur.

Báðir árásarmennirnir eru einnig ákærðir fyrir fíkniefnabrot. **- jss**



**OBAMA OG SINGH** Bandaríkjaforseti og Manmohan Singh, forsætisráðherra Indlands, á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Obama styður Indland:

# Landið fái sæti í öryggisráði SÞ

**INDLAND, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti styður óskir Indlands um að fá varanlegt sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Kom þetta fram í ræðu sem Obama flutti á indverska þinginu.

Obama hefur verið í þriggja daga opinberri heimsókn á Indlandi og er talið að álit hans um sæti Indlands í öryggisráði muni skapa meira traust á milli þjóðanna tveggja, en landið hefur óskað eftir sæti í öryggisráðinu í mörg ár. Obama er nú í opinberri heimsókn um Asíu og heldur til æskuslóða sinna á Indónesíu í dag. **- sv**

Borgarstjóri vill spara:

# Lokun Bláfjalla sparar milljónir

**BORGARMÁL** Jón Gnarr borgarstjóri velti upp þeirri hugmynd í gær að loka skíðasvæðinu í Bláfjöllum. Það myndi spara 87 milljónir króna. Þetta kom fram í Kastljósinu í gær.

Heiður Hjaltadóttur, formaður skíðadeildar Breiðabliks, segir hugmyndina fjarstæðukennda. Börn stundi skíðaæfingar í Bláfjöllum og þúsundir fólks njóti svæðisins á hverjum vetri.

# Deilir ekki átjándu aldar sýn

**Formaður lagadeildar HR segir skoðun formanns Lögmannafélagsins á tilhögun laganáms úr takti við nútíma kennsluhætti. Munur er á skólum þegar skoðaður er fjöldi lögfræðinga sem standast réttindapróf.**

**MENNTAMÁL** Hlutfall lögfræðinga frá Háskólanum í Reykjavík (HR) sem í fyrstu tilraun stóðust réttindapróf til að starfa sem héraðsdómslögmaður er í ár hærra en hlutfall útskrifaðra lögfræðinga frá lagadeild Háskóla Íslands (HÍ). Tæp 69 prósent útskrifaðra nemenda HR stóðust prófið í fyrstu tilraun á móti tæpum 65 prósentum frá HÍ.

Hlutfallið breytist svo HR í óhag þegar einnig er horft til endurtektarprófs, en þá standast 73 prósent nemenda HÍ prófið á móti 68 prósentum frá HR.

Öllu færri útskrifaðir lögfræðingar frá Háskólanum á Bifröst og Háskólanum á Akureyri þreyta prófið og því vafamál hvort sú tölfræði sé samanburðarhæf. Í heild stóðust tveir nemendur af sjö frá Bifröst prófið í ár og einn nemandi af fjórum frá HA.

Þegar horft er til heildartalna áranna 2007 til 2010 virðist þó mega draga þá ályktun að útskrifaðir lögfræðingar skólanna séu misvel undir það búnir að þreyta héraðsdómslögmannsréttindapróf, eins og þau eru upp sett. Á tímabilinu hafa 84 prósent lögfræðinga frá HÍ staðist prófið, 76 prósent frá HR, 46 prósent frá Bifröst og 38 prósent frá Háskólanum á Akureyri.

Í forsíðufrétt blaðsins í gær fórst fyrir að taka fram að tafla sem sýndi hlutfall þeirra sem náð höfðu réttindaprófi til héraðsdómslögmanns árin 2005 til 2009 tók ekki til endurtektarprófa, heldur einungis fyrstu tilraunar. Af öllum sem þreyttu prófið á þessum árum féllu nærri 40 prósent í fyrstu tilraun. Í fréttinni lýsti Brynjar Níelsson, hæstaréttarlögmaður og formaður Lögmannafélags Íslands, áhyggjum af því að menntun lögfræðinga væri ekki nógu góð í öllum tilvikum. Hann kallaði eftir úttekt á laganámi sem hér færi fram og að kannað yrði hvort það fullnægði eðlilegum kröfum. Hann vill samræma kröfur sem gerðar séu til grunnáms í lögfræði í ólíkum skólum.

„Ég deili ekki þeirri átjándu aldar sýn sem birtist í skoðunum Brynjars Níelssonar um að það sé til eitthvað eitt samræmt laganámsfont sem öllum beri að fara eftir,“ segir Bryndís Hlöðversdóttir, forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst. „Að því að ég best veit er það ekki hugsun sem á sér neins staðar stoð í hinum vestræna heimi að til sé einhver slík skilgreining, eða að í sjálfu sér sé æskilegt að mennta alla lögfræðinga út úr sömu formúlunni. Ég tel þetta sorglega gamaldags viðhorf sem ég get á engan hátt tekið undir.“

Til viðbótar bendir Bryndís á að saga laganáms í nýju háskólunum sé stutt og varhugavert að draga of víðtækar ályktanir út frá tölfræðilegum samanburði á þeim. „Nýju skólarnir byggja nám sitt upp með öðrum hætti og leggja mögulega höfuðáherslu á aðra þætti en þarna reynir á. Það eru ekki allir lögfræðingar menntaðir til að verða lögmenn.“

Þá furðar Bryndís sig á því að formanni Lögmannafélagsins virðist ekki kunnugt um að reglulega séu gerðar úttektir á laganámi hér á landi. „Það er í gangi gæðaeftirlit með þessu námi, en því miður finnst mér þetta viðhorf sem hann sýnir bera vott um að hann hafi ekki fylgst með því hvernig laganám hefur þróast í heiminum og að fjölbreytni sé æskileg í slíku námi.“

Þórður S. Gunnarsson, forseti lagadeildar HR, hafnar einnig gagnrýni Brynjars og telur hann skorta upplýsingar um inntak og gæði laganáms við skólann. Þórður kveðst ætla að svara Brynjari betur á vettvangi Lögmannablaðsins, en furðar sig, líkt og Bryndís, á því að hann skuli ekki vita um þær úttektir sem þegar hafi verið gerðar á laganámi í landinu, en niðurstöður tveggja slíkra sé að finna á vef menntamálaráðuneytisins.

**olikr@frettabladid.is**



**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK Í VATNSMÝRI** HR tekur forystuna í laganámi hér á landi ef horft er til gengis útskrifaðra lögfræðinga skólans sem stóðust í ár í fyrstu tilraun próf til að starfa sem héraðsdómslögmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Próf til héraðsdómslögmannsréttinda 2007-2010*

| Skóli | Skráðir | Lokið | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Háskóli Íslands | 131 | 110 | 83,97% |
| Háskólinn í Reykjavík | 67 | 51 | 76,12% |
| Háskólinn á Bifröst | 24 | 11 | 45,83% |
| Háskólinn á Akureyri** | 8 | 3 | 37,50% |
| **Skólarnir allir** | **230** | **175** | **76,09%** |

### Réttindapróf 2010 – fyrsta tilraun

| Skóli | Skráðir | Lokið | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Háskóli Íslands | 17 | 11 | 64,71% |
| Háskólinn í Reykjavík | 19 | 13 | 68,42% |
| Háskólinn á Bifröst** | 5 | 2 | 40,00% |
| Háskólinn á Akureyri** | 3 | 0 | 0,00% |
| **Skólarnir allir** | **44** | **26** | **59,09%** |

*Fyrsta tilraun og endurtektarpróf, skv. uppl. frá HR og Lögmannafélaginu.
**Vegna þess hve fáir þreyttu próf eru tölurnar vart marktækar í samanburði.




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**KALT Í VEÐRI**

Ágætt veður verður á landinu í dag þar sem vindur verður nokkuð hægur. Síðdegis á morgun gengur í vaxandi norðaustanátt og á fimmtudag verður mjög víða hvasst með éljum á Norður- og Austurlandi.



**Á MORGUN** Vaxandi NA-átt síðdegis.

**FIMMTUDAGUR** Víðast 10-18 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 11° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 5° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 9° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 12° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | 1° |
| París | 10° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 52259 11/10




## EIN BÓKUN, EINN FARSEÐILL, BETRI TENGINGAR, BETRA VERÐ

Í samstarfi við SAS býður Icelandair flug um Kaupmannahöfn eða Stokkhólm til nokkurra af fegurstu og áhugaverðustu borgum í Evrópu, borga sem eru hvort tveggja í senn vinsælir ferðamannastaðir og þróttmiklar viðskiptaborgir.

Í flugvélum Icelandair bíða þín þægileg flugsæti, gott sætabil, matur fyrir börnin án endurgjalds og þinn eigin persónulegi skjár þar sem þú getur valið úr 100 klukkustundum af afþreyingarefni og góðu úrvali barnaefnis á íslensku.

SAS
Scandinavian Airlines

**+ Bókaðu á www.icelandair.is**

ICELANDAIR

Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar Icelandair fljúgi með vél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.

## KJÖRKASSINN



*Telur þú að þjóðfundurinn skili góðum árangri?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 40,8% |
| NEI | 59,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að kjósa í kosningum til stjórnlagaþings 27. nóvember?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Forseti ákveður hvort þjóðaratkvæðagreiðsla verður um Icesave segir utanríkisráðherra:

# Segist ekki spá í gang himintunglanna

**ALÞINGI** Það er forseta Íslands að ákveða hvort hann skjóti Icesave-málinu til þjóðarinnar öðru sinni, sagði Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra á Alþingi í gær.

Þar svaraði hann fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins. Sigmundur spurði hvort Össuri þætti ekki hæpið að ljúka málinu án þess að þjóðin fengi að eiga síðasta orðið, í ljósi þess að þegar hafi verið gengið til þjóðaratkvæðis um Icesave-samningana einu sinni.

„Ég tel að þetta mál eigi að koma til þingsins, og þingið eigi að afgreiða það. Það er síðan þannig að forsetinn hefur þennan rétt, sem hann hefur nýtt sér áður. Ég spái ekkert í gang himintungla varðandi niðurstöðu hans," sagði Össur.

Fyrri samningi sem náðist við Breta og Hollendinga vegna Icesave-málsins var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Það gerðist í kjölfar þess að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, synjaði því að staðfesta lög ríkisstjórnarinnar 5. janúar síðastliðinn, og skaut málinu þar með í þjóðaratkvæðagreiðslu. - bj



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**TIL ÞINGSINS** Þegar samningar nást í Icesave-málinu eiga þeir að fá afgreiðslu hjá Alþingi, sagði Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra á Alþingi í gær.



**FLÚNIR TIL TAÍLANDS** Hópur flóttamanna kominn yfir landamærin. NORDICPHOTOS/AFP

Átök í kjölfar kosninga:

## Þúsundir hafa flúið frá Búrma

**BÚRMA, AP** Að minnsta kosti tíu þúsund manns hafa flúið yfir landamærin til Taílands vegna bardaga milli stjórnarhers Búrma og uppreisnarhers karena.

Bardagar brutust út í kjölfar þingkosninga í Búrma, sem haldnar voru um helgina. Kosningarnar hafa verið harðlega gagnrýndar, og þykja eingöngu til þess ætlaðar að styrkja völd herforingjastjórnarinnar í Búrma.

Karenar hafa barist, með mislöngum hléum, gegn herforingjastjórninni áratugum saman. - gb

# Vilja upplýsingar um eftirlit bandaríska sendiráðsins

**Bandaríska sendiráðið á Íslandi starfrækir hóp sem fylgist með ferðum fólks. Geðjast illa að snuðri og njósnum segir dómsmálaráðherra. Ekki leynilegt verkefni eða hluti af leyniþjónustu segir talsmaður sendiráðsins.**

**UTANRÍKISMÁL** Íslensk stjórnvöld fara fram á að fá upplýsingar um eftirlit bandaríska sendiráðsins hér á landi með íslenskum borgurum, og hvort samráð hafi verið haft við stjórnvöld vegna þessa.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segir að engin gögn um eftirlitið finnist í skjölum ráðuneytisins og starfsmenn kannist ekki við samráð af nokkru tagi. Hann segir að óskað verði eftir upplýsingum um eðli eftirlitsins.

„Mér geðjast illa að því ef erlend ríki hafa afskipti af íslenskum þegnum eða innanríkismálum hér, hvað þá að menn séu að snuðra um fólk eða njósna," segir Ögmundur Jónasson dómsmála- og mannréttindaráðherra.

Hann hefur óskað eftir upplýsingum frá ríkislögreglustjóra um hvort slíkt samráð hafi verið haft. Ögmundur segir aðspurður að honum þætti afar óeðlilegt hafi íslensk lögregluyfirvöld tekið þátt í slíku eftirliti.

Talsmaður bandaríska sendiráðsins hefur staðfest að eftirlitshópur á vegum sendiráðsins sé starfræktur hér á landi.

„Þetta er ekki leynilegt verkefni og ekki hluti af starfsemi leyniþjónustu," segir Laura Gritz, talsmaður bandaríska sendiráðsins. Hún segir hlutverk hópsins að fylgjast með ferðum fólks við sendiráðið og nærri starfsmönnum sendiráðsins.

Eftirlitssveitir bandarískra sendiráða komust í hámæli á hinum Norðurlöndunum eftir að upplýst var um tilvist þeirra nýverið. Stjórnvöld í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hafa óskað eftir skýringum bandarískra stjórnvalda á eftirlitinu.

Spurð hvort íslensk stjórnvöld hafi vitað af eftirlitinu segir Gritz: „Við munum ræða við íslensk stjórnvöld vegna málsins og svara þeirra spurningum, en það munum við ekki gera í gegnum fjölmiðla."

Hún gat ekki upplýst um þjóðerni þeirra sem gegnt hafi eftirlitinu. Norskir fjölmiðlar staðhæfa að norskir borgarar hafi sinnt eftirliti fyrir sendiráðið í Osló, gjarnan fyrrverandi lögreglumenn.

Gritz segir að slíkir eftirlitshópar séu starfræktir í öllum sendiráðum Bandaríkjanna. Tildrög þess séu hryðjuverkaárásir sem gerðar hafi verið á sendiráð landsins í Tansaníu og Kenía árið 1998. Í ljós hafi komið að hryðjuverkamennirnir hafi fylgst með sendiráðunum í nokkurn tíma áður en þeir létu til skarar skríða. brjann@frettabladid.is



**LAUFÁSVEGUR** Upplýst hefur verið að bandaríska sendiráðið hefur fylgst með fólki í nágrenni sendiráðsins við Laufásveg í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


## Kynningarfundur um Þróunarsjóð EFTA

Fulltrúar sjóðsins halda sérstakan kynningarfund um áherslur í starfsemi hans á nýju starfstímabili og möguleika á samstarfi við styrkþega sjóðsins í utanríkisráðuneytinu, miðvikudaginn 10. nóvember nk. kl. 10-12.

Þróunarsjóður EFTA er starfræktur til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sjóðurinn er um þessar mundir að hefja nýtt starfstímabil og mun samtals starfa á 17 áherslusviðum. Þau taka m.a. til endurnýjanlegra orkugjafa, umhverfismála, lýðheilsu, jafnréttismála og varðveislu menningarverðmæta auk þess sem gert er ráð fyrir að reknar verði áætlanir um rannsóknir og skólastyrki.

Styrkþegar sjóðsins eru auk nýju aðildarríkja Evrópusambandsins í A-Evrópu Grikkland, Spánn og Portúgal. Annað meginmarkmið sjóðsins á nýja starfstímabilinu er að styrkja tvíhliða tengsl milli þessara ríkja og EFTA-ríkjanna sem taka þátt í EES. Ýmsir möguleikar eru á samstarfi í því skyni, bæði með rekstri samstarfsáætlana og þátttöku í fyrirfram skilgreindum verkefnum.

Allir sem áhuga hafa á að kynna sér samstarfsmöguleika við sjóðinn eru velkomnir á fundinn en þátttaka óskast tilkynnt á netfangið: gyda.einarsdottir@utn.stjr.is

Nánari upplýsingar um sjóðinn og áherslusvið á nýja starfstímabilinu er að finna á eftirfarandi slóð: http://www.eeagrants.org/id/1940

Utanríkisráðuneytið




**MERAPI Í INDÓNESÍU** Sjálfboðaliði beinir íbúum leið frá rótum eldfjallsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannskæðasta eldgos Merapi í áttatíu ár:

## Þúsundir manna flýja

**INDÓNESÍA, AP** Þúsundir flúðu heimili sín undan rótum eldfjallsins Merapi í Indónesíu í gær. Opinber viðvörun var gefin út um að eldfjallið gæti gosið aftur hvenær sem væri og fjölmennu íbúar inn í rútur, lestir og bíla til að flýja í kjölfarið.

Fjöldaútför var haldin á sunnudag fyrir þá 141 sem höfðu látið lífið í eldgosinu á síðustu tveimur vikum, en þetta er mannskæðasta gos sem hefur orðið í fjallinu á síðustu 80 árum.

Nálægasti flugvöllur á svæðinu hefur verið lokaður vegna ösku síðustu daga. Hefur því umferð til höfuðborgarinnar Jakarta tvöfaldast og er orðin mjög þung. Mörg flugfélög hafa þó hætt við flug til höfuðborgarinnar vegna öskufalls.

Merapi er eitt af virkustu eldfjöllum heims og hafa gosin á síðustu öld orðið meira en 1.400 manns að bana. Á föstudaginn síðasta var tala látinna orðin sú hæsta síðan 1930.

Samkvæmt íslömskum trúarbrögðum skal grafa hina látnu eins fljótt og auðið er og fengu ættingjar fórnarlambanna þrjá daga til að bera kennsl á ástvini sína. Var líkunum síðan komið fyrir í fjöldagröf, sem er algengt í Indónesíu þegar hörmungar sem þessar dynja yfir. - sv

SAMFOK lýsa yfir áhyggjum:

## Telja að gæði skólastarfs muni skerðast

**MENNTAMÁL** SAMFOK, samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, lýsa yfir áhyggjum af fyrirhuguðum niðurskurði á menntasviði Reykjavíkurborgar þriðja árið í röð.

Guðrún Valdimarsdóttir, formaður SAMFOK, segir helsta áhyggjuefnið vera að fjárveitingar til skólanna muni vart duga til að fylgja ákvæðum grunnskólalaga að fullu.

„Við höfum verið í samráði með niðurskurðinn hingað til og skiljum þörfina á honum," segir Guðrún. „En nú höfum við miklar áhyggjur af því að kerfið þoli ekki meira og að gæði skólastarfsins muni skerðast." - sv

**HAFNARFJÖRÐUR**

**Suðurskautsfara hafnað**

Bæjarráð Hafnarfjarðar segir sér ekki fært að verða við ósk Þórdísar Kötlu Bjartmarz um fjárstyrk til að sækja leiðtoganámskeið á Suðurskautslandinu í mars á næsta ári.


Engin transfita
100% WHOLE GRAIN
Orville Redenbacher's
Natural
NO ARTIFICIAL INGREDIENTS
SIMPLY SALTED
6 BAGS
MICROWAVE
6-3.3 OZ (93.3g) BAGS
NET WT 1 LB 4 OZ (560g)
Í Orville örbylgjupoppi eru engar transfitusýrur, það er ekkert leyndarmál á bakvið bragðið okkar!
Gerðu samanburð
því það verður að vera Orville

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hver er rektor Háskólans á Bifröst?

2 Hvað heitir kirkjan sem hefur verið í smíðum í Barcelona í 118 ár og páfi vígði um helgina?

3 Hvað heitir söngleikurinn sem Bono og Edge úr U2 hafa samið tónlist fyrir?

**SVÖR**

1. Magnús Árni Magnússon. 2. Sagrada Família (Heilög fjölskylda). 3. Spiderman.

Landakotsskóli vill bæta við nemendum á miðjum vetri og sendir bréf til fjöldamargra foreldra:

# Leita nýrra nemenda í þrjá bekki

**GRUNNSKÓLAR** Landakotsskóli leitar nýrra nemenda á miðjum vetri. Fjölmargir foreldrar hafa fengið bréf frá skólanum undanfarna daga þar sem börnum er boðið að skipta um skóla frá næstu mánaðamótum. Starfsmenn skólans hafa borið bréfið út í sjálfboðavinnu, segir Sölvi Sveinsson skólastjóri, og þeir séu ekki hálfnaðir við útburðinn.

Bréfin eru send foreldrum sem búa á svæðinu frá Seltjarnarnesi og austur að Elliðaám og eiga börn í fjórða og sjöunda bekk grunnskóla eða fimm ára börn, fædd 2005. Fimm ára börnunum er boðið að hefja nám í fimm ára bekk Landakotsskóla um áramót. Ein fimm ára bekkjardeild er í skólanum en áhugi er á að opna aðra.



**SÖLVI SVEINSSON**

Sölvi segist ánægður með undirtektir foreldra.

„Ég er búinn að fá tvær umsóknir, eina um fimm ára bekk og aðra um fjórða bekk. Síðan hafa foreldrar verið að skoða."

Um 120 nemendur eru í Landakotsskóla í 1.-10. bekk grunnskóla auk fimm ára bekkjarins. Starfsmenn eru 27 talsins.

Sölvi segir að starfsmenn á hvern nemanda séu færri en í öðrum skólum og bekkjardeildirnar litlar miðað við það sem gerist og gengur. Um 25-30 prósent nemenda eiga erlenda foreldra eða íslenska foreldra sem eru nýlega fluttir heim frá útlöndum. - pg



**LANDAKOTSSKÓLI** Skólinn var áður rekinn af kaþólsku kirkjunni en er nú almennur grunnskóli sem kennir samkvæmt aðalnámskrá.

# Fátt um svör fyrr en kröfur Íslands verða lagðar fram

**Framkvæmdastjórn ESB birtir í dag ársskýrslu sína um framvindu aðildarviðræðna við Ísland. Sendiherra ESB hér á landi reiknar ekki með miklum tíðindum. Framvindan hafi gengið vel eins og við var búist.**

**EVRÓPUMÁL** Evrópusambandið getur litlu svarað um viðbrögð sín við samningskröfum Íslendinga fyrr en þær kröfur hafa formlega verið lagðar fram.

„Auðvitað getum við giskað á hlutina, en það er ekki okkar hlutverk," segir Timo Summa, sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi. „Það er íslenska stjórnin sem þarf að segja okkur hver þeirra afstaða er, og þá getum við sest niður og rætt saman."

Þótt Íslendingar hafi nefnt ýmislegt, bæði í opinberri umræðu hér heima og í óformlegum viðræðum við embættismenn Evrópusambandsins, um þær kröfur sem nauðsynlegt er að gera til Evrópusambandsins svo hagsmunir Íslendinga verði tryggðir í aðildarviðræðum, þá hafa enn engar formlegar kröfur verið lagðar fram.

Það verður ekki hægt að gera fyrr en svokallaðri rýnivinnu er lokið, en hún felst í því að fulltrúar bæði Íslands og Evrópusambandsins fara sameiginlega í gegnum bæði íslensk lög og lög ESB til að komast nákvæmlega að því hvað ber á milli.

Sú rýnivinna hefst á mánudaginn kemur og samkvæmt fundaáætlun, sem utanríkisráðuneytið birti nýverið, lýkur henni ekki fyrr en í júní á næsta ári.

Þeirri vinnu er skipt niður í 35 kafla eftir málasviðum. Búist er við því að mest beri á milli í köflum um sjávarútveg, landbúnað og nokkur önnur stór hagsmunamál Íslendinga, en í flestum köflunum hefur Ísland fyrir löngu aðlagað sitt lagaumhverfi að lögum Evrópusambandsins. „Auðvitað er enginn fullkominn, Ísland ekki heldur. Þannig að við þurfum að fara í gegnum þetta allt og skoða hvort einhvers staðar þurfi að fínstilla eitthvað," segir Summa.

Rýnivinnan fer þannig fram að fyrst er haldinn fundur, þar sem fulltrúar Evrópusambandsins útskýra nákvæmlega fyrir fulltrúum Íslands hvernig löggjöf Evrópusambandsins er háttað í hverjum kafla fyrir sig. Nokkru síðar er haldinn annar fundur þar sem Íslendingar útskýra fyrir Evrópusambandinu hvernig íslenskri löggjöf er háttað um efni viðkomandi kafla. Að því búnu setja Íslendingar fram samningskröfur sínar fyrir hvern kafla, og þá fyrst verður hægt að hefja eiginlegar samningaviðræður.

„Auðvitað köllum við þetta viðræður," segir Summa, spurður um hvort Evrópusambandið bjóði upp á raunverulegt svigrúm til samninga.

„Við höfum áður átt í aðildarviðræðum við ríki sem búa við sérstöðu í einhverjum málum. Við höfum ákveðnar meginreglur og höldum okkur við þær, en við þurfum að vita hvaða kröfur Íslendingar hafa og hvað þeir leggja mesta áherslu á. Ef það koma upp einhver vandamál þá ræðum við það."

Meðan aðildarviðræður standa yfir birtir framkvæmdastjórn ESB árlega skýrslu um framvindu þeirra. Fyrsta skýrslan um Ísland verður birt í dag.

Timo Summa segist í sjálfu sér ekki reikna með miklum tíðindum í þeirri skýrslu, öðrum en þeim að framvindan hafi gengið vel eins og við var búist.

„Þegar næsta ársskýrsla verður birt, eftir um það bil eitt ár, þá munum við vita miklu meira."

gudsteinn@frettabladid.is



**TIMO SUMMA** Hinn finnski sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi er með aðstöðu í gömlu Moggahöllinni við Aðalstræti, á hæðinni fyrir neðan flokksskrifstofur Vinstri grænna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HELDUR ÚR HÖFN** Vestmannaeyingar vilja betri upplýsingar um ferðir Herjólfs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bæjarstjórinn í Eyjum ósáttur:

# Vill betra flæði á upplýsingum

**SAMGÖNGUR Elliði Vignisson bæjarstjóri í Vestmannaeyjum hefur lýst yfir óánægju með upplýsingaflæði vegna ferða Herjólfs, en ferð til lands féll niður í gærmorgun sökum óhagstæðra veðurskilyrða.**

**Í samtali við Eyjafréttir.is sagði Elliði að þótt eflaust væri verið að vinna að úrbótum hefðu þær tekið of langan tíma.**

**„Það skiptir hins vegar mestu að lágmarka óþægindin fyrir farþegana. Það er hægt að gera með endurbótum á upplýsingagjöf," segir Elliði og kallar einnig eftir því að seinni ferðum verði flýtt, sé þeim fyrri aflýst.** - þj

Sunnlendingar mótmæla:

# Afhenda lista til Alþingis

**KJARAMÁL** Íbúar á Suðurlandi hafa nú hafið undirskriftasöfnun til að mótmæla fyrirhuguðum niðurskurði í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni.

Undirskriftarskjalið er áskorun Sunnlendinga til ríkisstjórnarinnar og Alþingis að tryggja að sjúkrahúsunum á Selfossi, Vestmannaeyjum og Höfn verði ekki lokað eins og ætlunin er með fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011. Forsætis-, heilbrigðis- og fjármálaráðherrum verður afhentur undirskriftalistinn við Alþingishúsið á fimmtudaginn 11. nóvember kl. 16.00. - sv

Dauðsföll af völdum háþrýstingshjartasjúkdóms margfaldast á milli ára:

# Of fá tilvik til að teljast marktæk

**HEILBRIGÐISMÁL** 25 manns létust á síðasta ári vegna háþrýstingshjartasjúkdóms, en það eru fimm sinnum fleiri en árið áður.

Árið 2006 létust sextán manns úr sjúkdómnum, en það er mesti fjöldinn á tímabilinu 1996 til 2009, fyrir utan síðasta ár. Á því árabili deyja að meðaltali um tíu manns á ári vegna háþrýstingshjartasjúkdóms. Eru þessar tölur fengnar frá Hagstofu Íslands.

Geir Gunnlaugsson landlæknir segir ekkert benda til þess að dauðsföllum af völdum háþrýstingshjartasjúkdóms sé að fjölga og þau séu svo fá að tölurnar séu vart marktækar.

„Þetta er engin breyting sem hægt er að draga nokkrar ályktanir af. Við erum búin að skoða þetta með okkar fólki og niðurstaðan er sú að þetta eru fá tilvik og fjölgun er lítil," segir Geir. „Við verðum að sjá þróunina á lengri tíma til að draga nokkrar ályktanir."




Þórarinn Guðnason hjartalæknir tekur í sama streng og Geir og telur tölurnar vera of lágar til að teljast marktækar. „Háþrýstingshjartasjúkdómur er mjög óljós greining," segir Þórarinn. „Það þarf ekki annað en að læknir hafi sett þessa skilgreiningu oftar en sá sem gerði það á árinu áður. Þá kemur þessi tala út." Þá sé hópurinn of lítill til að vera tölfræðilega marktækur. - sv


Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir:

## Bláí flugdrekinn 藍風箏 (1993)

Leikstjórinn Tian Zhuangzhuang 田壯壯 dregur upp vægðarlausa og raunsæja mynd af lífinu í skugga Mao formanns. Myndir segir á átakanlegan og mannlegan hátt frá ungum dreng, Tietou, og uppvexti hans á stormasömum tímum Menningarbyltingarinnar.




**Sýningin er öllum opin og án endurgjalds.**

**Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS**
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is

北极光孔子学院
KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS
HÁSKÓLI ÍSLANDS




Nissan Qashqai hefur farið sigurför um Evrópu og verið mest seldi bíllinn í sínum flokki undanfarin misseri. Nú er komin glæný og mikið endurnýjuð útgáfa af þessum frábæra sportjeppa, sem líka má fá í 7 manna útfærslu, **Qashqai+2**.
Komdu við hjá okkur í dag, kynntu þér magnaðan fjölskyldubíl og mátaðu hvor útgáfan af Nissan Qashqai hentar þér betur.

**Qashqai fylgir ríkulegur staðalbúnaður, m.a.:**

- Bluetooth símsvörunarbúnaður
- Bakkskynjarar
- Regnskynjarar á rúðuþurrkum
- 17" álfelgur
- Tvöföld loftkæling
- ESP stöðugleikastýring
- Glerþak (Qashqai+2)
- 7 sæti (Qashqai+2)

# Verið velkomin í reynsluakstur

Qashqai kostar frá:

**4.990.000 kr.**



NISSAN **QASHQAI**




NISSAN **QASHQAI+2**

**NÝ SENDING!**
Eigum bíla til afhendingar

**B&L og Ingvar Helgason**
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

**www.nissan.is**

NISSAN

**SHIFT_**the way you move



**1700 HESTÖFL** Vélin á þessu tryllitæki er örlítið öflugri en á meðal fólksbíl. Wayne Alleman frá Bretlandi sýndi 1700 hestafla bílinn á bílasýningu í Essen í Þýskalandi í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Deilt um golfvöll á Álftanesi:

## Golfvöllur bara á teikniborðinu

**SVEITARSTJÓRNIR** Sigurður Magnússon, fulltrúi Á-listans, sem situr einn í minnihluta í bæjarstjórn Álftaness, mótmælti á síðasta fundi samþykkt deiliskipulags sem felur í sér nýjan golfvöll í sveitarfélaginu.

Í bókun Sigurðar segir að um sé að ræða áform um að hefjast handa við undirbúning golfvallar á Norðurnesinu. Það muni kosta tugmilljónir á sama tíma og grunnþjónusta við íbúana sé skorin niður.

Meirihluti D, B og L-lista bókaði þá að Sigurður færi með rangt mál.

„Í þessari samþykkt er einungis verið að tala um deiliskipulag svæðis en ekki framkvæmdir við golfvöll eins og fulltrúi Á-listans heldur svo ranglega fram,“ sögðu fulltrúar meirihlutans. **- gar**

# Um 14% drengja telja að konur eigi ekki að vinna úti

**Rannsókn leiðir í ljós að viðhorf íslenskra ungmenna til jafnréttismála eru ekki í samræmi við opinbera stefnu. Félagsfræðingur kallar eftir umbótum í skólakerfinu. Viðhorf breytist ekki af sjálfu sér.**

**JAFNRÉTTISMÁL** Þrátt fyrir nýbirta skýrslu þar sem fram kemur að jafnrétti kynjanna sé meira hér á landi en annars staðar virðist viðhorf íslenskra ungmenna vera á skjön við það. Félagsfræðingur kallar eftir aðgerðum innan skólakerfisins.

Í nýlegri skýrslu Rannsókna & greiningar fyrir Norðurlandaráð, þar sem leitast var við að kanna hagi, líðan og lífsstíl norrænna ungmenna á aldrinum sextán til nítján ára, kemur fram að viðhorf íslenskra ungmenna samræmist vart opinberri stefnu í jafnréttismálum.




Til dæmis telur nær helmingur íslenskra drengja á þessu aldursbili að konur eigi að vera heima með börnum þegar þau eru ung, og jafnvel eru fjórtán prósent drengja fylgjandi því að konur eigi alls ekki að vinna úti.

Þegar drengir eru spurðir hvort eigi að ráða meiru í sambúð manns og konu segja 38 prósent að það sé maðurinn, en 7,3 prósent stúlkna eru á þeirri skoðun.



ANDREA HJÁLMSDÓTTIR

Þrátt fyrir allt er mikill meirihluti beggja kynja engu síður á þeirri skoðun að jafnrétti eigi að vera á milli kynjanna, eða 88 prósent drengja og 96 prósent kvenna.

Þessi afstaða íslenskra ungmenna er ekkert einsdæmi því að hún er í öllum aðalatriðum í samræmi við hin Norðurlöndin sem tóku þátt í þessari könnun.

Andrea Hjálmsdóttir, félagsfræðingur og lektor við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri, segir þessa niðurstöðu ekki koma sér á óvart, enda sé hún í samræmi við hennar eigin kannanir á viðhorfum unglinga til verkaskiptingar innan heimilisins.

„Við erum með mjög gott formlegt jafnrétti og góð lög, en okkur hefur gengið illa að ná raunverulegu réttlæti, til dæmis að leiðrétta launamun milli kynjanna.

> Við erum með mjög gott formlegt jafnrétti og góð lög, en okkur hefur gengið illa að ná raunverulegu réttlæti, til dæmis að leiðrétta launamun milli kynjanna.“
>
> **ANDREA HJÁLMSDÓTTIR** FÉLAGSFRÆÐINGUR.

Við tölum alltaf eins og við höfum í raun náð jafnrétti og það litla sem vanti upp á komi svo sjálfkrafa með næstu kynslóðum. Það er sú orðræða sem er í gangi í samfélaginu, en allar niðurstöður undanfarið benda til þess að við þurfum að gera eitthvað í málinu.“

Andrea leggur áherslu á að þrátt fyrir að foreldrar eigi að axla sína ábyrgð sé skólakerfið lykilatriði til framfara og þá helst að kennaranemar læri kynjafræði til að geta svo kennt það í skólunum.

„Við verðum að fá skólakerfið með okkur til að fræða börn um það hvernig samfélagið virkar í raun og hvernig væri æskilegt að það væri. Annars náum við ekki fram neinum raunverulegum breytingum.“

**thorgils@frettabladid.is**



Björgunarbúnaði stolið:

## Skilur milli feigs og ófeigs

**LÖGREGLUMÁL Björgunartækjum sem ætluð eru til að bjarga fólki sem fellur í sjóinn á hafnarsvæði Sauðárkróks var stolið nýverið. Fram kemur á fréttavefnum Feyki að búnaðurinn geti skilið milli feigs og ófeigs detti fólk í sjóinn.**

**Stolið var björgunarhring og svokölluðu Markúsarneti sem skylda er að hafa með stuttu millibili við hafnir landsins til að bjarga fólki úr lífsháska. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var tilkynnt um stuldinn um helgina og er málið í rannsókn.** - bj

Þjófar létu greipar sópa í Humarhúsinu í Reykjavík um helgina:

# Stálu 100 kílóum af dýrum fiski og eðalvínum

**LÖGREGLUMÁL** Miklu magni af humri var stolið úr Humarhúsinu í Reykjavík í fyrrinótt. Að auki var stolið allmiklu magni af víni og fleiri fiskitegundum. Lögregla vann að rannsókn málsins þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Sá eða þeir sem voru þarna á ferð brutust inn um dyr á geymslu við veitingastaðinn.

Að því er fram kemur á vefsíðunni Freisting.is er talið að um átta kassar, sem vega um tólf kíló hver, hafi verið teknir. Einnig hvarf áll í öskjum, hörpuskel í pokum, hvítvín, bjór og kampavín. Ottó Magnússon, einn eigenda Humarhússins, sagði í samtali við Fréttablaðið að mynd af einum manni hefði náðst á öryggismyndavél á staðnum. Hann var klæddur ljósri hettuúlpu, gallabuxum, hvítum strigaskóm og með lambhúshettu. Gögnin úr myndavélinni voru afhent lögreglu í gær.

Ottó sagði enn fremur að engar skemmdir hefðu verið unnar í húsnæðinu sjálfu þar sem hinn óboðni gestur, eða gestir, höfðu athafnað sig. Humarinn er í kössum merktum VSV, það er Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum. - jss



**HUMARHÚSIÐ** Óprúttnir létu greipar sópa í geymslu við staðinn.

Haustfundur öllum opinn:

## Hægt að gefa álit á stefnunni

**IÐNAÐUR** Ný framtíðarsýn og stefna Landsvirkjunar verður kynnt á opnum haustfundi fyrirtækisins á Hilton Reykjavík Nordica milli klukkan tólf og tvö á morgun. Í kjölfarið gefst fólki kostur á að senda inn viðbrögð sín við hugmyndum Landsvirkjunar.

Í fundarboðinu kemur fram að stefnan sé í mótun og að miklar breytingar hafi átt sér stað í innlendu og alþjóðlegu umhverfi orkugeirans.

„Aukin eftirspurn eftir endurnýjanlegri orku, hækkun raforkuverðs í Evrópu, takmarkaður aðgangur að náttúruauðlindum, tækniþróun og almenn krafa um gegnsæi eru breytingar sem orkugeirinn þarf að bregðast við,“ segir í fundarboði Landsvirkjunar. - óká

Transfitusýrur hafa neikvæð áhrif á heilsu fólks og auka hættuna á hjarta- og æðasjúkdómum:

# Landlæknir vill banna transfitusýrur

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknisembættið hefur lýst yfir stuðningi við að notkun transfitusýra í matvælum verði bönnuð hér á landi. Geir Gunnlaugsson landlæknir sagði í samtali við Vísi mikilvægt að stjórnvöld séu vel vakandi fyrir þáttum sem geti haft jákvæð og neikvæð áhrif á heilsu. Í því skyni þurfi að skoða mjög vel hvaða möguleikar séu í stöðunni hvað varðar matvæli.

„Það sem við vitum um transfitusýrur er að þær geta haft áhrif á hjarta- og æðasjúkdóma. Nokkun þeirra gæti þannig unnið gegn markmiðum heilbrigðisyfirvalda um að styðja við heilbrigða lífshætti,“ sagði Geir.

Danmörk, Frakkland, Austurríki og fleiri lönd í Evrópu hafa tekið upp bann við transfitusýrum og þar með tekist að breyta innihaldi matvæla yfir í heilnæmari fitu eða olíur. „Þetta hefur farið fram án þess að það væri nokkur styr um það,“ sagði Geir.

Landlæknir telur að iðnaðurinn hér á landi hafi tekið mark á þeirri umræðu sem hefur verið í gangi varðandi transfitusýrur og sé að reyna að finna lausnir til að takast á við það.

Rannsóknarfyrirtækið Matís ohf. gerði fitusýrugreiningar á 51 sýni af matvælum á árunum 2008 og 2009. Áhersla var lögð á að kanna magn transfitusýra í matvælum eins og borðsmjörlíki, bökunarvörum, djúpsteikingarfeiti, mat frá skyndibitastöðum, ís, kexi, snakki og sælgæti. Í ljós kom að í öllum flokkum greindust einhver sýni með litlu sem engu magni af transfitu og er það mikil breyting frá árinu 1995, þegar viðamikil rannsókn var gerð á fitusýrum í íslenskum matvælum. Er þetta talið sýna fram á að matvælaiðnaðurinn hafi nú þegar fundið leiðir til að framleiða afurðir án transfitu. - sv

**Niðurstöður Matís: Fitusýrugreining í matvælum**

**Taflan sýnir magn (grömm) fitu og fitusýra í 100 grömmum af ótilgreindum tegundum í flokki matvæla. Athugið að listinn er ekki tæmandi.**

| Flokkur matvæla | Fita (g) | Transfitusýrur (g) |
|---|---|---|
| Borðsmjörlíki | 43,7 - 67,6 | 0,6 - 12,4 |
| Kleinur | 15,9 - 24,7 | 0,1 - 6,1 |
| Franskar kartöflur | 6,3 - 16,1 | 0,1 - 0,4 |
| Smjörlíki | 79,8 - 83,8 | 0,3 - 18,1 |
| Örbylgjupoppkorn | 10,4 - 26,1 | 0,1 - 6,8 |

Heimild: Matvælastofnun



**GEIR GUNNLAUGSSON** Landlæknir telur að margt bendi til þess að matvælaiðnaðurinn sé nú þegar farinn að taka mark á umræðunni um skaðsemi transfitu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





**OBAMA Á NÖGL** Indverski örlistamaðurinn Ramesh Shah málaði mynd af Barack Obama á nögl þumalfingurs síns í tilefni af Asíuferð Bandaríkjaforseta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skrif forstjóra Alþjóðabankans í Financial Times vekja athygli:

# Mælir með því að gullfótur verði tekinn upp

**EFNAHAGSMÁL** Robert Zoellick, forstjóri Alþjóðabankans, mælir með því að helstu iðnríki heims taki upp gullfót eða aðra viðmiðun fyrir gjaldmiðla landanna.

Með gullfæti er átt við það þegar gengi gjaldmiðla er tengt ákveðnu magni af gullforða sem seðlabanki hvers lands þarf að koma sér upp. Slík viðmiðun var við lýði með einum eða öðrum hætti allt frá nítjándu öld og fram til 1971.

Zoellick skrifaði um málið í breska dagblaðið Financial Times í gær en þar segir hann gullfótinn geta styrkt trú á gjaldmiðla heimsins eftir kreppuna og dregið úr verðbólgu, sem fylgt hafi fljótandi gengi.

Skrif forstjórans komu á óvart í alþjóðlegum fjármálageira í gær og vísuðu margir henni út af borðinu. Jean Claude-Trichet, aðalbankastjóri evrópska seðlabankans, sagði í samtali við fréttastofu Reuters, málið ekki hafa verið rætt á fundi hans með nokkrum af helstu seðlabankastjórum heimsins hjá Alþjóðlega greiðslumiðlunarbankanum í Basel í Sviss í gær.

„Ég man eftir því að Jim Baker hafi viðrað þessa hugmynd síðast fyrir löngu síðan, þegar hann var fjármálaráðherra Bandaríkjanna á níunda áratugnum. Ég hef ekkert um þetta að segja frekar,“ sagði Trichet. - jab



**ROBERT ZOELLICK** Tillaga forstjóra Alþjóðabankans um upptöku gullfótar hefur ekki fallið í kramið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






**BIÐRÖÐ EFTIR NAUÐSYNJUM** Þótt erlendir lánardrottnar taki á sig fjárhagslegt tjón hrunsins verða Íslendingar að glíma við afleiðingar þess fyrir raunhagkerfið, segir Gylfi Zoëga hagfræðiprófessor í Vísbendingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Reikningurinn falinn í gjaldþrota bönkum

**Erlendir lánardrottnar greiða fyrir viðskiptahalla bankaævintýrisáranna. Hagfræðiprófessor telur erlenda stöðu þjóðarbúsins betri nú en um mitt ár 2003. Landið sleppi þó ekki við afleiðingar hrunsins.**

**EFNAHAGSMÁL** Erlendir aðilar bera allan fjárhagslegan kostnað af hruninu og borga einnig hallann á viðskiptum Íslands við útlönd á síðustu árum. Þetta segir Gylfi Zoëga hagfræðiprófessor að hafi gleymst í þeirri miklu ólgu sem verið hafi hér á landi frá því að bankarnir fóru á hliðina í október 2008.



**GYLFI ZOËGA**

Í nýlegri grein í efnahagsritsinu Vísbendingu ber Gylfi saman skuldastöðu þjóðarinnar erlendis í „upphafi ævintýrisins“ árið 2003 og svo árið 2010. „Niðurstaða þessa yfirlits er sú að skuldastaða Íslands erlendis sé furðulega góð þegar tillit er tekið til erlendra eigna þjóðarbúsins, þótt miklar brúttóskuldir feli vissulega í sér hættu,“ segir hann í greininni. Gylfi segir hreinar skuldir á öðrum ársfjórðungi þessa árs geta verið minni á öðrum ársfjórðungi þessa árs en þær voru á öðrum ársfjórðungi 2003, jákvæð eignastaða um 2,6 prósent, í stað neikvæðrar um 68 prósent af vergri landsframleiðslu.

„Ef hrein skuldastaða gagnvart útlöndum hefur ekki breyst eða mögulega batnað á tímabilinu er niðurstaðan sú, að erlendir lánardrottnar hafi greitt fyrir viðskiptahallann og hann sé hluti af því tjóni sem erlendir lánardrottnar hafi orðið fyrir hér á landi,“ segir Gylfi og bendir á að eftir standi bílafloti, byggingar og borgarhverfi, en reikningurinn sé falinn í gjaldþrota bönkum.

Gylfi slær engu að síður þann varnagla að tveir stóru viðskiptabankanna séu nú í eigu erlendra aðila. „Einnig hefur landið glatað lánstrausti sínu og óvíst hvert skuldaóþol (e. debt intolerance) erlendra lánardrottna gagnvart Íslandi verður í framtíðinni.“

Um leið bendir Gylfi á að þótt landið virðist sleppa vel þegar litið sé á stöðu þess gagnvart útlöndum, þá eigi ekki hið sama við um ýmsa þjóðfélagshópa. Íslendingar verði eftir sem áður fyrir þeim skakkaföllum sem fylgi hruni bóluhagkerfis, atvinnuleysi, skerðingu kaupmáttar og samdráttar framleiðslu.

Meginverkefni stjórnvalda segir Gylfi nú hljóta að vera að sannfæra erlenda fjárfesta og banka um að greiðslufall íslenskra banka og fyrirtækja árin 2008 og 2009 sé undantekning frá reglunni. „Markmiðið hlýtur að vera að tryggja íslenskum fyrirtækjum aðgang að erlendu fjármagni á sem lægstum vöxtum og gera landið eftirsóknarvert fyrir erlenda fjárfesta. Einungis með þeim hætti er unnt að rjúfa einangrun landsins, vinna bug á gjaldeyriskreppunni og bæta lífskjör.“ olikr@frettabladid.is



Ljósmæður um niðurskurð:

# Ógnar öryggi fjölskyldna

**HEILBRIGÐISMÁL** Fagráð ljósmæðra á Landspítala álytkar að yfirvofandi niðurskurður í heilbrigðisþjónustunni muni ógna öryggi barnshafandi kvenna og fjölskyldna þeirra. Kom það fram á fundi fagráðsins í síðustu viku.

„Fagráð ljósmæðra á Landspítala lýsir áhyggjum sínum yfir þróun mála í barneignarþjónustu og kallar eftir heildstæðri stefnumótun frá heilbrigðisyfirvöldum áður en ráðist er í breytingar sem ekki skila raunverulegum sparnaði,“ segir í tilkynningu. - sv

Annatími hjá hjólbarðaverkstæðum á höfuðborgarsvæðinu:

# Víða hefur orðið vart við dekkjaskort

**VERSLUN** Dekkjaskortur hefur gert vart við sig á sumum hjólbarðaverkstæðum höfuðborgarsvæðisins síðustu daga og vikur, enda tíðarfar þannig að langar biðraðir hafa myndast við mörg verkstæðanna.

Viðmælandi Fréttablaðsins á skrifstofu Sólningar sagði aðspurður að ekki væri hægt að neita því að vart hefði verið um dekkjaþurrð. Enn væru þó til dekk í flestum stærðum, en versta ástandið væri í sendibíladekkjunum. Þó væri líka farið að ganga á birgðir í jeppadekkjum og sumum stærðum fólksbíla.

Hann sagði að hjá Sólningu væru vetrardekk fyrir jeppa og fólksbíla pöntuð í upphafi árs og það tæki tíma að fá nýja pöntun. Sérstaklega hvað varðaði nagladekk, sem virtust halda velli þrátt fyrir allt sem væri sagt þeim í móti.

Dagur Benónýsson, yfirmaður hjá N1, sagði að þótt mikið annríki hefði verið hjá verkstæðum fyrirtækisins þessa fyrstu daga frosts og snjóa væri ástandið ekki orðið alvarlegt. „Þetta bjargast. Við erum að fá nýjar sendingar reglulega og sú næsta kemur í næstu viku.“ - þj



**ÖRTRÖÐ** Mikið annríki hefur verið á dekkjaverkstæðum síðustu daga svo að víða hefur orðið vart við dekkjaskort. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Ráðherra baðst afsökunar:

# Kenndi Birni um samning

**ALÞINGI Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra baðst í gær afsökunar á því að hafa veitt Alþingi rangar upplýsingar.**



ÖGMUNDUR JÓNASSON

**Ögmundur hafði fyrr um daginn svarað fyrirspurn um aðkomu danskrar arkitektastofu að hönnun fangelsis á Hólmsheiði. Sagði hann þá að Björn Bjarnason hefði samið við Danina í tíð hans sem dómsmálaráðherra. Það reyndist ekki rétt, því samið var við arkitektana í júní, þegar Ragna Árnadóttir sat í stóli ráðherra.**

**Hönnunarkostnaður við fangelsið er um 120 milljónir króna. Samningur við dönsku arkitektana hljóðar upp á innan við fimm milljónir. - bj**



**MENTOR** Vilborg Einarsdóttir er framkvæmdastjóri Mentor, sem fagnar tuttugu ára afmæli um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Frumtak kaupir hlut í Mentor:

# Fjárfesta fyrir 200 milljónir

**NÝSKÖPUN** Samlagssjóðurinn Frumtak keypti hlut í fyrirtækinu Mentor fyrir tvö hundruð milljónir króna.

Mentor var stofnað fyrir tuttugu árum og hefur frá upphafi unnið að þróun og rekstri upplýsingakerfa fyrir grunn- og leikskóla.

Í tilkynningu segir að Mentor sé notað í fjórum löndum og sé áætlað að setja upp starfsstöð í Sviss í byrjun næsta árs.

Frumtak er í eigu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, viðskiptabanka og nokkurra lífeyrissjóða. Hann fjárfestir í sprotafyrirtækjum sem eiga vaxtarmöguleika erlendis. - jab

**HAFNARFJÖRÐUR**

## Borga erlent lán með láni

Hafnarfjarðarbær hyggst taka 400 milljóna króna lán til að borga upp 4,5 milljóna evra lán sem Hafnarfjarðarhöfn tók frá Bayerische Landesbank á sínum tíma til að fjármagna hafnarframkvæmdir.


FJÁRmál

Fræðsla fyrir þig

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Reykjavík – 10. nóv.
Fjármál heimilanna
Borgartún 19
Fyrirlesari Breki Karlsson

Kópavogur – 16. nóv.
Greiðslur úr lífeyrissparnaði, hvað ber að hafa í huga?
Turninn Smáratorgi
Fyrirlesari Theódór Friðbertsson

Reykjavík – 24. nóv.
Lærðu á netbankann þinn
Borgartún 19
Fyrirlesari Kristjana Emma Kristjánsdóttir



Boðið er upp á táknmálstúlkun

FJÁRmál eru fyrirlestraröð og fræðsluátak á vegum Arion banka. Tilgangurinn er að koma til móts við þarfir viðskiptavina fyrir haldgóðar upplýsingar og örugga leiðsögn í nýju efnahagsumhverfi. Arion banki er bakhjarl Stofnunar um fjármálalæsi.

**Skráðu þig á arionbanki.is.** Allir velkomnir - **Ókeypis aðgangur. Fundirnir hefjast kl. 17:30 og standa yfir í 90 mínútur.**

Komdu og njóttu góðra veitinga í bland við fróðleik sem kemur sér vel.

Nánari upplýsingar veita þjónusturáðgjafar í útibúum Arion banka eða í síma 444 7000.

Stofnun um fjármálalæsi



Breki Karlsson
Forstöðumaður stofnunar um fjármálalæsi

Arion banki

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sláandi viðhorf ungmenna á Norðurlöndum til jafnréttis kynja:

## Ólíkar hugmyndir kynja um framtíðina

Samkvæmt alþjóðlegum samanburði eru engin lönd nær jafnrétti kynja en Norðurlöndin. Þetta á fyrst og fremst við um formlegt jafnrétti, svo sem í lögum, en líklega eru þó fá ríki í heimi sem hafa náð viðlíka árangri í viðhorfum til jafnréttis kynja og jafnréttis í raun eins og Norðurlönd.

Niðurstöður norrænnar rannsóknar á viðhorfum 16 til 19 ára ungmenna á Norðurlöndum, meðal annars til ýmissa málefna sem snúa að jafnrétti kynjanna, eru því sláandi. Rannsóknin er unnin er af Rannsóknum og greiningu.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Þegar unga fólkið er spurt beint að því hvort það sé hlynnt því að jafnrétti sé með körlum og konum eru raunar langflestir sammála eða um og yfir 90 prósent af báðum kynjum á Norðurlöndum öllum og íslensku ungmennin eru þarna yfir meðaltali Norðurlanda.

Þegar kemur að raunveruleikanum sem við unga fólkinu blasir svo sem í spurningu um hvort konur eigi að vera heima hjá börnum sínum meðan þau eru ung blasir við önnur mynd. Tæplega helmingur piltanna sem spurðir voru taldi að konur ættu að vera heima hjá ungum börnum og nærri 36 prósent stúlkna. Hér á landi var hlutfallið heldur lægra hjá báðum kynjum eða rúm 46 prósent hjá piltum og 28,5 hjá stúlkum. Ekki er síður sláandi að 13,2 prósent piltanna töldu að konur ættu yfirhöfuð ekki að vinna úti og 14 prósent íslensku piltanna. Miðað við atvinnuþátttöku kvenna undanfarna áratugi er þetta með hreinustu ólíkindum.

Ekki er síður sláandi viðhorf ungmennanna til hæfileika kynjanna til að taka ákvarðanir og vera í leiðtogahlutverki. 34,2 prósent íslensku piltanna telja farsælla að karlar taki ákvarðanir ern konur. Stúlkurnar eru á allt öðru máli því aðeins 4,3 prósent þeirra deila þessari skoðun með piltunum. Í þessari spurningu er gríðarlegur kynjamunur í öllum löndunum. Enn meiri kynjamunur er gagnvart fullyrðingunni: Karlar eru betri leiðtogar en konur. Nærri helmingur íslensku piltanna er sammála þessari fullyrðingu og 6,3 prósent stúlknanna. Þegar fullyrðingunni er snúið við kemur ekki fram nærri sami kynjamunur en tæplega 27 prósent stelpnanna telja konur betri leiðtoga en karla og 14,1 prósent strákanna.

Liðlega 38 prósentum strákanna finnst að karlar eigi að vera höfuð fjölskyldna þar sem karl og kona búa saman en 7,3 prósent stúlkna og hvorki meira né minna en 36,4 prósentum íslenskra stráka á aldrinum 16 til 19 ára finnst að karlar eigi að ganga fyrir í störf séu þau af skornum skammti og liðlega 10 prósent stelpnanna.

Andrea Hjálmsdóttir bendir á í frétt hér í blaðinu að orðræðan í samfélaginu gangi út á að jafnrétti komi sjálfkrafa með þeirri kynslóð sem nú sé að vaxa úr grasi. Niðurstöður þessarar rannsóknar og raunar fleiri bendi hins vegar til þess að aðgerða sé þörf.

Viðhorf ungmennanna eru sláandi miðað við að þau hafa alist upp í þeim heimshluta sem hvað lengst hefur náð í átt að jafnrétti. Það er svo sömuleiðis bæði sláandi og heldur sorglegt hversu ólíkar væntingar og hugmyndir ungra karla og kvenna eru til hlutverka kynjanna og þátttöku í samfélaginu. Það má því sannarlega taka undir með Andreu um að aðgerða sé þörf.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tímamót

Þau tímamót urðu í síðustu viku að Halldór Ásgrímsson varð á ný sá íslenski forsætisráðherra sem skemmst hefur setið á þessari öld. Jóhanna Sigurðardóttir komst þá fram fyrir hann hvað þau mál varðar. Halldór var forsætisráðherra í eitt ár og níu mánuði og náði Jóhanna þeim áfanga 1. nóvember síðastliðinn. Geir H. Haarde var forsætisráðherra í tvö ár og rúma sjö mánuði en metið á þessum áratug á auðvitað Davíð Oddsson, sem var forsætisráðherra fram í miðjan september 2004.

### Ólíklegt

Davíð var forsætisráðherra í á fjórtánda ár. Til að Jóhanna verði jafn langlíf í embætti þarf hún að sitja í rúm ellefu ár í viðbót, eitthvað fram á árið 2022. Ólíklegt verður að telja að hún hafi áhuga á því.



### Góð spurning

Margrét Tryggvadóttir Hreyfingunni hefur, í tilefni af meðmælum Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra með Árna Mathiesen til FAO, lagt fram fína fyrirspurn til ráðherrans. Hún hljóðar svo: „Hvað hefur ráðherra og/eða ráðuneytið skrifað mörg meðmælabréf vegna atvinnuumsókna fyrrum ráðherra á árunum 2000-2010? Fyrir hvern voru bréfin skrifuð, hvert voru þau send og hvenær?“ Svarið verður án efa fróðlegt. Fróðlegra hefði þó verið að sjá svarið ef Margrét hefði ekki einskorðað fyrirspurnina við fyrrverandi ráðherra heldur spurt um öll meðmælabréf ráðherra og ráðuneytisins.



bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Góðverk á annarra kostnað

Niðurfelling skulda



Guðbrandur Einarsson
form. Verslunarmannafélags Suðurnesja

Ögmundur Jónasson, núverandi ráðherra og fyrrverandi formaður BSRB, lýsti því yfir nýverið að hann væri fylgjandi hugmyndum Hagsmunasamtaka heimilanna um almenna niðurfellingu skulda. Þessar tillögur gera ráð fyrir að lánardrottnar gefi eftir af kröfum sínum til þess að gera þetta kleift.

Í tillögum frá Hagsmunasamtökum heimilanna má m.a. lesa eftirfarandi: „Gerð er tillaga um að kaupendur húsbréfa, húsnæðisbréfa og annarra skuldabréfa, sem Íbúðalánasjóður hefur notað til að fjármagna útlán sín, taki þátt í leiðréttingunni. Leiðrétting verðtryggðra lána getur ekki átt sér stað án þess að Íbúðalánasjóði sé veitt svigrúm til slíkra leiðréttinga. Möguleikar sjóðsins til slíks eru takmarkaðir nema að lánardrottnar sjóðsins gefi eftir hluta af sínum kröfum.“

> …opinberir starfsmenn haldi fullum réttindum hvað sem tautar og raular

Íbúðalánasjóður hefur að stórum hluta verið fjármagnaður af lífeyrissjóðunum og það yrðu því lífeyrissjóðirnir sem þyrftu að taka þessar niðurfærslur á sig. Skv. útreikningum myndu þær kosta um það bil 220 milljarða og þar af yrði hlutur lífeyrissjóðanna u.þ.b. 130 milljarðar.

Allir lífeyrissjóðir landsins urðu fyrir verulegu fjárhagstjóni af efnahagshruninu og hafa þeir sem greitt hafa til almennu lífeyrissjóðanna orðið fyrir talsverðum réttindamissi vegna skerðinga sem grípa þurfti til í kjölfarið.

Opinberu lífeyrissjóðirnir hafa einnig tapað verulegum fjármunum en munurinn á þeim og hinum almennu er sá að þar tapar enginn sínu vegna þess að ríkið ábyrgist að opinberir starfsmenn haldi fullum réttindum hvað sem tautar og raular.

Þessi tillaga sem Ögmundur Jónasson ráðherra hefur lýst sig samþykkan gengur út á það að skerða enn frekar réttindin í almennu lífeyrissjóðunum. Ögmundur heldur hins vegar alveg fullum réttindum í sínum sjóði. Til þess að svo megi verða, verður að hækka skatta annarra launþega sem því til viðbótar hefðu tekið á sig skerðingar á lífeyrisréttindum vegna niðurfærslu lána.

Það er einfalt að gera góðverk á annarra manna kostnað.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Við eigum öll heima hérna

Í DAG



Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður

Árið 1974 birtist í Andvara grein um Bjarna Benediktsson eftir Jóhann Hafstein. Bjarni var merkur stjórnmálamaður og leiðtogi. Var sjálfum sér samkvæmur og gjörsamlega laus við lýðskrum og leikaraskap. Um hann skrifar Jóhann meðal annars: „Bjarna féllu miður hnjóðsyrði um stjórnmálamenn að ósekju, sem og stóryrði þeirra sumra sín á milli og dómharka í opinberum umræðum. Honum duldist ekki hve háskaleg slík þröngsýni væri, enda sagði hann í ræðu á fyrsta afmælisdegi hins íslenska lýðveldis, „íslenzku lýðræði stafar því ekki meiri hætta af öðru en þeim illindum og óhróðri sem svo mjög gætir í stjórnmálum þjóðarinnar, þeirri viðleitni, sem reynir að sundra og skapa fjandskap milli þeirra, sem eiga allt undir því að sameining og vinátta takist þeirra í milli“. ... Hann sagði oft og með sanni, að í rauninni hefði engin þjóð síður ástæðu til sundurþykkju en Íslendingar.“

Þetta kemur upp í hugann þegar fréttir berast af Þjóðfundinum, þar sem metingi, upphrópunum og útúrsnúningum virðist hafa verið úthýst. Og manni líður allt í einu eins og þegar slökkt er á útvarpi eftir langvarandi hávaða. Þetta er þá hægt ennþá á Íslandi! Ég held að hlýhugur streymi til þeirra sem sátu þennan fund. Fólk er búið að fá meira en nóg af hinum ýmsu birtingarmyndum reiðinnar, hvort sem hún er réttlát eða ekki. Þjóðfundurinn hefur gefið fordæmi í mannsæmandi samskiptum og vinnubrögðum.

### Betrun

„Takið sinnaskiptum til lífernisbetrunar,“ á Jóhannes skírari að hafa sagt. Dálítið gott orð, lífernisbetrun. En það sem stæði okkur kannski nær núna væru sinnaskipti til samskiptabetrunar, en einkum samstöðubetrunar. Við erum öll á sama báti, og þegar gefur á bátinn vinna menn saman. Það er í allra þágu að það fiskist vel og að menn komi heilir í höfn. En það kann náttúrlega ekki góðri lukku að stýra þegar þjóðarskútunni er haldið í höfn þó að nóg sé af fiski vegna geðþótta og sérvisku fólks sem hefur nóg til hnífs og skeiðar.

Þjóðfundur og stjórnlagaþing eru góð og mikilvæg skref inn í þá framtíð sem við öll viljum mæta hér á landi. Það breytir því ekki að áhersla dagsins á að vera á kjör landsmanna og heimilin. Hitt getur beðið. Ekkert skiptir meira máli en öflugt atvinnulíf. Enginn á að þurfa að standa í biðröð eftir matargjöfum í okkar fámenna en auðuga landi. Um þetta eru menn sammála í orði kveðnu en duttlungar ráða ferðinni. Nú er að glaðna til á ýmsum sviðum og frumkvæði einstaklinga blómstrar í hvers kyns skapandi söluvarningi og athöfnum. Á meðan er dæmigerð kontóristaafgreiðsla á málum þeirra sem síst skyldi. Framkoma og grimmd við þá sem fatlaðir eru eða aldraðir er með ólíkindum víða um land. Tilkynningar um tilfærslur fólks í önnur sveitarfélög án samráðs við það, ákvarðanir um tilveru sem kannski er síðustu sporin, er þjóðarsmán.

> Fámenn eyþjóð á að vera eins og ein fjölskylda þegar erfiðleikar steðja að

Fámenn eyþjóð á að vera eins og ein fjölskylda þegar erfiðleikar steðja að.

### Fulltrúi framtíðarinnar

Ég á góða vinkonu sem er jarðbundin og skipulögð í því sem hún tekur sér fyrir hendur, en einnig hugmyndarík og skapandi. Þegar hún býr til sögur gengur allt upp. Til dæmis í ævintýri um úrræðagóða krakka og samskipti þeirra við andlitið í fjallinu, sem ekki má reiðast, því þá kemur jarðskjálfti. Hún er líka góður teiknari og með sinn eigin stíl. Er úr sex manna fjölskyldu og oft líf og fjör heima hjá henni. Fyrir skömmu kom hún með tillögu við kvöldverðarborðið. Lagði til að öll fjölskyldan tæki þátt í tiltekt á heimilinu. Hver og einn myndi vikulega draga um hvaða rými væri á hans ábyrgð næstu sjö daga. Var búin að gera kort með númeruðum reitum, og bauð fjölskyldumeðlimum að draga um svæði. Fannst þetta rökrétt tilhögun, „Því að við eigum öll heima hérna,“ sagði hún.

Þessi vinkona mín er níu ára gömul. Og það sem hún segir um fjölskylduna sína á líka við um okkur hin sem erum Íslendingar: Við eigum öll heima hérna!

Þessvegna er enginn stikkfrí.

## AF NETINU

### Kostir stjórnlagaþings

Samband ríkis og kirkju kemur hruninu til dæmis ekki við. Þess vegna mun það flýta fyrir vinnu stjórnlagaþingsins, ef það eyðir ekki kröftum sínum í umræður um stöðu kirkjunnar. Þá getur stjórnlagaþingið einbeitt sér að því, sem mestu skiptir, og það er að skerpa á þrískiptingu valdsins, endurskoða valdmörk forseta Íslands, uppfæra kaflann um dómskerfið, setja inn ákvæði um stjórnlagadómstól, færa mannréttindaákvæðin fremst í stað þess að hafa þau aftast eins og nú er og kveða skýrt á um eignarhald þjóðarinnar á auðlindum sínum.

Vísir.is

**Þorvaldur Gylfason**

### Aukin matvælaframleiðsla

Svo ör hefur fólksfjölgunin verið að á næstu 50 árum þarf að líkindum að framleiða meiri matvæli, en sem nemur matvælaframleiðslu síðustu hundruð ára samanlagt, til þess eins að brauðfæða heimsbyggðina. Að auki hefur víða verið komið á ómanneskjulegum verksmiðjubúskap til að auka framleiðni í landbúnaði, en sem um leið ógnar hugsanlega sjálfbærri landnotkun og þróun.

Vísir.is

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir**

LYFJA
– Lifið heil

Danatekt
Án parabena ilm- og litarefna

DANATEKT línan er krem, húðmjólk og hársápa fyrir alla fjölskylduna. Kremin næra þurra og viðkvæma húð og hlífa henni. Hársápan er svo mild að hana má nota á allan líkamann. Svansmerkið tryggir heilnæmi og gæði.




Nánari upplýsingar á www.portfarma.is

www.lyfja.is

Nýtt í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 51970 10.10

PIPAR\TBWA • SÍA • 91340



oryggi.is

Hollráð gegn innbrotum

Læsingar og krækjur
Mikilvægt er að **krækjur á gluggum** séu traustar og **læsingar** sterkar.

*Fleiri hollráð gegn innbrotum er að finna á oryggi.is*

Hringdu í 570 2400 og fáðu ókeypis öryggisráðgjöf heim!

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

Haustfundur Landsvirkjunar, Hilton Reykjavík Nordica, 10. nóvember kl. 12–14

Orkufyrirtæki á tímamótum

Ný framtíðarsýn og stefna er í mótun innan Landsvirkjunar. Miklar breytingar hafa átt sér stað í innlendu og alþjóðlegu umhverfi orkugeirans. Aukin eftirspurn eftir endurnýjanlegri orku, hækkun raforkuverðs í Evrópu, takmarkaður aðgangur að náttúruauðlindum, tækniþróun og almenn krafa um gegnsæi eru breytingar sem orkugeirinn þarf að bregðast við.

PIPAR\TBWA • SÍA • 102722

**Dagskrá**
Bryndís Hlöðversdóttir stjórnarformaður opnar fundinn

Hörður Arnarson forstjóri
*Nýjar áherslur í stefnu Landsvirkjunar – Arðsemi, nýsköpun og sátt*

Magnús Bjarnason framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunar
*Vöruþróun, samkeppnishæfni og verðstefna*

Bjarni Bjarnason framkvæmdastjóri Landsvirkjunar Power
*Sjálfbærni í rekstri orkufyrirtækja – Innleiðing sjálfbærnistaðals IHA*

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra
*Viðhorf ríkisins – Þjóðin sem eigandi*

*Fundarstjóri: Ragna Sara Jónsdóttir yfirmaður samskiptasviðs*

**Allir velkomnir**
*Skráning á www.landsvirkjun.is/skraning*

**Viltu hafa áhrif?**
Landsvirkjun leggur áherslu á að kynna og ræða nýja stefnu við hagsmunaaðila og eigendur fyrirtækisins – íslensku þjóðina. Ertu með hugmynd eða athugasemd? Kíktu á:
**www.landsvirkjun.is/framtidarsyn**

Landsvirkjun | Háaleitisbraut 68 | sími 515 9000 | www.landsvirkjun.is

Landsvirkjun

# Sterkari saman

**Ísland og ESB**



**Stefan Füle**
framkvæmdastjóri stækkunar- og nágrannastefnu ESB

Ísland og Evrópusambandið aðhyllast sömu grundvallargildi, lýðræði og mannréttindi, og vinna nú þegar saman að því að breiða þau út á alþjóðavettvangi. Sem framkvæmdastjóri stækkunar- og nágrannastefnu ESB fagna ég því að aðildarviðræður við Ísland séu formlega hafnar. Það hvernig Ísland hefur tekist á við afleiðingar bankahrunsins, hvort heldur sem litið er til efnahagsumbóta eða stjórnkerfisbreytinga, sýnir hversu rótgróin og sterk lýðræðishefðin á Íslandi er.

Ísland og Evrópusambandið auðga hvort annað. Evrópusambandið reiðir sig nú þegar á sérfræðiþekkingu Íslendinga í málefnum Norður-Atlantshafsins og norðurskautssvæðisins, ekki síst varðandi aðferðir til að bregðast við loftslagsbreytingum. Í því efni metum við reynslu og þekkingu Íslendinga á sviði endurnýjanlegrar orku. Íslendingar gætu, með aðild að Evrópusambandinu, styrkt verulega getu sína til að takast á við þær áskoranir sem framundan eru og nýtt þau tækifæri sem munu skapast vegna breytinga á norðurslóðum. Þessu til viðbótar getur aðild að Evrópusambandinu – með markað 500 milljón neytenda og sameiginlegan gjaldmiðil – lagt grunninn að hagvexti og stöðugleika til langs tíma.

Ég veit vel að íslenskt samfélag stendur frammi fyrir grundvallarákvörðun hvað varðar aðild að Evrópusambandinu. Sem tékkneskur ríkisborgari hef ég reynslu af stækkun ESB þegar land mitt gerðist aðili að Evrópusambandinu. Það ferli kallar á upplýsingamiðlun og víðtæk skoðanaskipti sem byggjast á staðreyndum og tölum fremur en á ótta eða goðsögnum.

Fyrsta framvinduskýrsla framkvæmdastjórnar ESB um Ísland gefur mynd af núverandi stöðu í undirbúningi hugsanlegrar aðildar að Evrópusambandinu. Í skýrslunni er að finna greinargott yfirlit viðfangsefna sem taka þarf til athugunar í viðræðuferlinu, einkum þau sem varða fiskveiðar, landbúnað og fjármálaþjónustu.

Okkur ber skylda til að vinna með opnum hug og jákvæðni að lausnum sem báðir aðilar hafa ávinning af. Í samningaviðræðunum framundan munum við taka tillit til sérstöðu Íslands og væntinga og standa um leið vörð um grundvallarreglur Evrópusambandsins. Nú þegar komið er að mikilvægum áfanga aðildarviðræðnanna mun samstarf okkar aukast enn frekar. Næstu vikur og mánuði koma sérfræðingar frá Íslandi og framkvæmdastjórninni saman og meta þann mun sem er á löggjöf okkar. Því næst ræðum við hvernig og hvenær við fjöllum um útistandandi atriði og hefjum að því loknu eiginlegar samningaviðræður um einstaka kafla.

Miklu skiptir að Íslendingar séu virkir þátttakendur í umræðunni um aðild að Evrópusambandinu svo að þeir geti sjálfir tekið ákvörðun varðandi framtíðarstefnu þjóðar sinnar. Þróttmiklar og markvissar umræður í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu eru fyrst og fremst á ábyrgð íslenskra stjórnmálamanna og Íslendinga sjálfra. Ég er ætíð reiðubúinn að leggja mitt af mörkum til umræðunnar. Ég er sannfærður um að vel undirbúin ákvörðun um aðild að Evrópusambandinu, sem fengið hefur ítarlega umræðu, er ávinningur fyrir báða aðila. Þetta markmið er ofarlega á dagskrá minni.

Ég er sannfærður um að Ísland og Evrópusambandið eiga svo margt sameiginlegt að þau komast betur af saman en sitt í hvoru lagi.

Íslendingar séu virkir þátttakendur í umræðunni um aðild að Evrópusambandinu…

# Engin transfita

**Heilbrigði**



**Siv Friðleifsdóttir**
alþingismaður

Um daginn birtist heilsíðuauglýsing í blaði þar sem ákveðin tegund örbylgjupopps var auglýst undir orðunum „Engin transfita“. Auglýsingin gladdi mig mjög því hún sýnir að markaðurinn bregst við umræðunni um óhollustu transfitusýra í matvælum. Nýlega birtist einnig þessi áskorun:

„Aðalfundur Læknafélags Íslands [...] skorar á Alþingi Íslendinga að samþykkja nú þegar þá þingsályktunartillögu sem lögð hefur verið fram á Alþingi um takmörkun á transfitusýrum í matvælum á Íslandi. Neysla transfitusýra í matvælum eykur tíðni hjarta- og æðasjúkdóma verulega.“

Auglýsingin og áskorunin sýna að nú er lag fyrir stjórnvöld að taka af skarið og setja reglur um transfitusýrur í matvælum. Undirrituð hefur ásamt meðflutningsmönnum lagt slíka tillögu fyrir Alþingi. Kröfur um að efni hættuleg heilsunni verði takmörkuð eða bönnuð í matvælum fara vaxandi. Transfitusýrur í matvælum eru dæmi um þetta.

Nýlega kynnti danskur læknir, Steen Stender, aðalfundi Læknafélags Íslands og fulltrúum í heilbrigðisnefnd Alþings reynsluna af takmörkun transfitusýra í matvælum í Danmörku. Hann er leiðandi á þessu sviði og dró vagninn árið 2003, þegar Danir settu, fyrstir allra, reglur um að matvara mætti ekki innihalda meira en 2 g af transfitusýrum í hverjum 100 g fitunnar. Sviss og Austurríki hafa nú sett svipaðar reglur. Reynsla Dana er mjög góð og sýnir rannsókn að þeir innbyrða minnst af transfitusýrum af þeim 24 þjóðum sem skoðaðar voru. Íslendingar skipuðu sér hins vegar í verstu sætin ásamt Austur-Evrópuþjóðum og Bandaríkjamönnum.

Transfitusýrur myndast þegar olía er hert í harða fitu. Hörð fita er notuð til að matvæli fái eftirsóknarverða eiginleika, s.s. aukið geymsluþol. Transfitusýrur eru einkum í matvörum þar sem bökunarsmjörlíki eða djúpsteikingarfeiti sem inniheldur herta fitu er notuð við framleiðslu. Vörur sem mögulega innihalda transfitusýrur eru t.d. smjörlíki, steikingarfeiti, kökur, kex, franskar kartöflur, djúpsteiktur skyndibitamatur, örbylgjupopp, snakk og sælgæti. Þessar vörur eru vinsælar meðal barna og unglinga. Dæmi eru um að transfitusýrur geti verið allt að 60% af heildarfitumagni í matvöru. Neysla á transfitusýru eykur líkur á hjarta- og æðasjúkdómum mun meira en neysla á mettaðri fitu, sem þó er vel þekktur áhættuvaldur. Ef neytt er meira en 5 g af transfitusýrum á dag aukast líkur á slíkum sjúkdómum um 25-30%. Hér á landi er auðvelt að fá það magn í einni máltíð. Neysla transfitusýra eykur einnig hættu á offitu og sykursýki. Hin seinni ár hefur neysla transfitusýra hér minnkað nokkuð, m.a. vegna minni neyslu og breyttrar samsetningar smjörlíkis. Meðaltalshlutfall er samt of hátt og ljóst að fjöldi Íslendinga er að innbyrða allt of mikið magn transfitusýra.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mælir með að neyslan fari ekki yfir 2 g á dag. Meðan ekki er búið að setja reglur um hámarksmagn transfitusýra geta neytendur reynt að verjast með því að rýna í merkingar á matvörum. Matur sem inniheldur transfitusýrur er oftast merktur á ensku sem „partially hydrogenated oil“ og á dönsku „delvist hærdet olie/fedt“. Neytendur geta einnig valið olíur og mjúka fitu í stað harðrar fitu og tekið lýsi. Brýnt er að Alþingi taki af skarið sem fyrst í þessu mikilvæga neytendamáli og setji reglur um takmörkun transfitusýra í matvælum. Ávinningurinn er mikill.



**Jólakortasala kvenfélagsins Hringsins** stendur yfir. Bryndís Guðjónsdóttir Hringskona hannaði kortið í ár. Kortin eru seld tíu í pakka með hvítum umslögum á 1.000 kr. pakkinn. Allur ágóði rennur í Barnaspítalasjóð Hringsins. www.hringurinn.is



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447




Eirberg

Fjölnota nuddpúði

- Shiatsu nudd
- Infrarauður hiti
- Titringur
- Fjarstýring



Opið virka daga kl. 9 - 18
og á laugardögum kl. 11 - 16

Verð aðeins 17.950 krónur

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • www.eirberg.is

Patti.is

Landsins mesta úrval af sófasettum




Yfir 80 mismunandi sófagerðir.
Mál og áklæði að eigin vali.



Púðar í úrvali Verð frá 2.900 kr

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16

**Samtök um danshús hafa tekið í notkun nýtt rými fyrir dansara:**

# Allt að smella saman

Nú á dögunum voru vinnustofur fyrir danshöfunda teknar í notkun á efstu hæð Skúlagötu 28. Rýmið, sem gengur undir heitinu Dansverkstæðið, er hugsað með samtímadans og þarfir hans í huga. Tveir hópar hafa hreiðrað um sig í húsinu og þegar blaðamann og ljósmyndara bar að garði voru þær Katrín Gunnarsdóttir og Ragnheiður Bjarnason úr Hreyfiþróunarsamsteypunni á æfingu, hæstánægðar með aðstöðuna. „Það er frábært að vera loksins komin með húsnæði sem er ekki undir sama þaki og skóli heldur alveg sér,“ segir Katrín og getur þess að dönsurum hafi og eigi eftir að fjölga enn frekar á Íslandi og verkstæðið svari því brýnni þörf á hentugum vinnuaðstæðum. „Fólk þarf ekki lengur að fara til útlanda til að finna sér gott æfingapláss, því hér er komið fínasta afdrep.“ Standsetningu hússins er ekki lokið en í því hafa þegar verið útbúnir tveir æfingasalir fyrir dansara og vinnusvæði fyrir hugmyndavinnu. Þá hefjast brátt þjálfunartímar og til stendur að halda í framtíðinni helgarnámskeið fyrir dansara. „Þetta er bara allt saman að smella og gaman verður þegar starfsemin kemst á fullt skrið.“

*roald@frettabladid.is*



Katrín og Ragnheiður bregða á leik fyrir ljósmyndara. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Hjálparsessan lyftir 70% af þinni þyngd

HVAÐ ER STUÐNINGSSTÖNGIN?
Hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra.

Auðveld í uppsetningu
Engar skrúfur eða boltar
Tjakkast milli lofts og gólfs
Hægt að nota við hallandi loft, timburloft og mikla lofthæð
Margir aukahlutir í boði

- Falleg og nútímaleg hönnun
- Passar allsstaðar og tekur lítið pláss
- Viðurkennd af Tryggingastofnun ríkisins




10 ÁR Á ÍSLANDI www.vilji.is • Sími 856 3451



**Ófrjósemisaðgerðum** meðal kvenna hefur fækkað talsvert í gegnum árin. Þær voru 154 árið 2009 en flestar árið 1986, þegar þær voru 660 talsins. Ófrjósemisaðgerðum karla hefur fjölgað en þær voru 358 í fyrra. www.landlaeknir.is




# Brunaslys algengari hjá drengjum

**Ný skýrsla um brunaslys barna gefur til kynna að innlögnum vegna brunaáverka hafi fækkað og má draga þá ályktun að forvarnir hafi skilað árangri. Hún leiðir hins vegar í ljós að slysin verða frekar hjá drengjum og eru tíð hjá börnum með hegðunarvanda og börnum erlendra foreldra.**

Skýrsla um brunaslys barna, sem birtist í nýjasta hefti Læknablaðsins, gefur til kynna að innlögnum vegna brunaáverka hafi fækkað og má leiða að því líkum að forvarnir hafi skilað árangri. Hún leiðir hins vegar í ljós að algengustu brunavaldar eru heitt vatn, heitir vökvar, eldur og skoteldar. Hún sýnir enn fremur fram á að flest slys verða hjá börnum yngri en fjögurra ára og hjá drengjum á aldrinum 13-16 ára. Þá virðast brunaslys tíð í hópi barna sem eiga erlenda foreldra og hjá börnum með skyntruflanir, flogaveiki og hegðunarvanda.

Lovísa Baldursdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, er ein þeirra sem unnu að rannsókninni. „Hún náði til allra barna átján ára og yngri sem dvöldu lengur en sólarhring á Landspítala vegna brunaáverka á húð á árunum 2000-2008. Innlagnirnar voru 149 eða að meðaltali 16,5 börn á ári,“ segir Lovísa. Niðurstöðurnar benda til þess að nýgengi innlagna barna vegna brunaáverka hafi lækkað frá fyrri rannsókn sem náði til áranna 1982 til 1995, eða úr 30.4 í 21 á hver hundrað þúsund börn á ári.

„Ályktun okkar er sú að forvarnir hafi að öllum líkindum borið árangur. Fyrir nokkrum árum hleyptu Landspítalinn, Orkuveita Reykjavíkur og Sjóvá forvarnarhús af stað forvarnarátaki og settu upp heimasíðuna www.stillumhitann.is. Þar er að finna gagnlegar upplýsingar um forvarnir og fyrstu hjálp. Þá hefur Sjóvá forvarnarhús tekið að sér ýmiskonar fræðslu, meðal annars sett upp sýndarheimili á heimasíðu sinni þar sem hægt er að skoða algengar hættur á heimilum. Eins hefur hitastýrðum blöndunartækjum að öllum líkindum fjölgað sem hefur sitt að segja.“

Í fyrri rannsókninni voru brunaslysin algengust í desember en nú eru þau algengust í desember og janúar enda skoteldatíminn sífellt að dragast á langinn.



Lovísa vonast til að niðurstöðurnar komi til með að nýtast félagasamtökum, heilsugæslustöðvum og öðrum sem vinna með foreldrum og börnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lovísa bendir þó á að rannsóknin nái eingöngu til barna sem voru lögð inn vegna brunaáverka og taki ekki til minni áverka barna sem koma á slysadeildina. „Þá erum við að tala um miklu fleiri slys.“ Lovísa vonast til að niðurstöðurnar komi til með að nýtast félagasamtökum, heilsugæslustöðvum og öðrum sem vinna með foreldrum og börnum enda varpa þær ljósi á ýmsa þætti sem þyrfti að gefa betri gaum.

„Börn sem eru með flogaveiki, ofvirkni og athyglisbrest eru til dæmis í meiri hættu á að lenda í brunaslysum og sennilega annarskonar slysum einnig. Foreldrar þessara barna ættu því að fá sérstaka fræðslu. Þá leiddi rannsóknin í ljós að börn erlendra foreldra væru í meiri hættu. Reyndar þarf að taka fram að við gerðum ekki greinarmun á börnum sem bjuggu með foreldrum sínum hér á landi og börnum sem voru hér á ferðalagi. Hins vegar gefur þetta til kynna að bæta þarf forvarnarfræðslu til innflytjenda,“ segir Lovísa.

Drengir eru líklegri til að lenda í brunaslysum og þá sérstaklega drengir á aldrinum 13-16 ára. „Á meðan litlu börnin brennast frekar á vatni og heitum vökvum þá eru brunaslys vegna skotelda og fikts með eldfim efni algengari í eldri aldurshópum. „Í fyrri rannsókninni voru brunaslysin algengust í desember en nú eru þau algengust í desember og janúar. Skoteldtíminn er sífellt að dragast á langinn. Hann nær yfir allan þrettándann og jafnvel fram í miðjan janúar og virðast íslensk börn hafa mun greiðari aðgang að skoteldum en börn í þeim löndum sem við berum okkur saman við.“

*vera@frettabladid.is*














Haukur Gröndal, yfirmatreiðslumeistari á veitingahúsinu Fjalakettinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## PORTOBELLO-HAMBORGARI

**Fyrir fjóra**
4 stk. ciabatta-brauð
4 stk. portobello-sveppir
1 stk. lítill rauðlaukur
1 stk. rauð paprika
2 stk. gulrætur
2 stk. sellerístönglar
2-3 msk. ólífuolía
2-3 msk. rautt pestó
búnt fersk salatblöð að eigin vali
1/2 bolli fetaostur
hvítlaukssósa

*Takið stilkana úr sveppunum og skafið fanirnar í burtu. Saxið allt grænmetið smátt og steikið í ólífuolíunni þar til það er meyrt. Hellið rauða pestóinu saman við grænmetið og fyllið svo sveppina með grænmetisblöndunni. Bakið fylltu sveppina í ofni í 7 mínútur við 170° C. Skerið brauðin í tvennt, setjið hvítlauksdressingu á brauðin, því næst ferskt salatbrauð og fetaost og svo fyllta sveppinn. Gott er að bera samlokuna fram með hýðishrísgrjónum.*

**Hvítlaukssósa**
1 dós grísk jógúrt
2 hvítlauksrif
2 msk. sökuð steinselja
salt og pipar eftir smekk

*Maukið hvítlauksrifin og hrærið saman við jógúrtina. Blandið steinseljunni saman við og kryddið.*



Ferskt salat með fetaosti er sett á hamborgarann og gott er að bera hýðishrísgrjón fram með réttinum.

# Sveppaborgari fyrir heilsuna

**Portobello-sveppurinn þykir einkar bragðmikill og safaríkur. Haukur Gröndal, yfirmatreiðslumeistari á veitingahúsinu Fjalakettinum, notaði sveppinn í stað kjötmetis í eins konar hamborgara.**

Veitingahúsið Fjalakötturinn í Aðalstræti býður upp á sérstakan heilsumatseðil alla daga frá klukkan hálftólf í hádeginu til hálfellefu á kvöldin. Meðal rétta er vinsæl Portobello-samloka eða hamborgari sem Haukur Gröndal, yfirmatreiðslumeistari á Fjalakettinum, útbjó fyrir Fréttablaðið. „Portobello-sveppurinn verður mjög safaríkur þegar hann er eldaður og er bragðmeiri en aðrir sveppir.

Kryddaða grænmetið sem hann er fylltur með passar sérstaklega vel með sveppnum,“ segir Haukur. Hann segir samlokuna vinsæla enda geti hún hreinlega komið í staðinn fyrir hamborgara, sé fólk í þannig stuði. *- jma*




30 DAGA
HREINSUN Á MATARÆÐI
með **Davíð Kristinssyni** næringar- og lífsstílsþjálfara. Innifalið í námskeiði er uppfærð handbók með öllum upplýsingum sem þú þarft og 30 daga framhaldsmatseðli.
**Staður og stund:** Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl.19:30 - 21:30
**Fimmtudaginn 18. nóvember**
*Athugið að þetta er síðasta námskeiðið fyir jól!*
*Námskeiðsgjald kr. 6.900 kr. og 9.900 kr. fyrir hjón og pör (ein bók)*
*Skráning og nánari upplýsingar á www.30.is og í síma 864 9155.*
Davíð tekur einnig að sér einstaklingsráðgjöf, mælingar og aðhald á fimmtudögum.
www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið
KRAFTAVERK




Sjónin hefur mikið að segja fyrir jafnvægisskynið.

# Breytingar um fertugt

**Sjón fólks getur farið að breytast þegar fólk hefur náð fertugu og þá er gott að vera viðbúinn snöggum breytingum.**

Fyrstu merki um daprari sjón sýna sig oft í lítilli birtu. Aðrir verða þó blindaðir í myrkri og sjóndeildarhringur skerðist jafnvel.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þessum eðlilegu breytingum sem eiga sér stað á ákveðnum aldri og huga að því að fara til augnlæknis, venja sig jafnvel á að fara þá til augnlæknis árlega enda geta breytingar orðið snöggar. Sem dæmi má nefna að sjónin er afar mikilvæg til að halda jafnvægi og fólk, 65 ára og eldra, dettur sjaldnar sé það með gott jafnvægi. *- jma*


Oticon | Agil





*„Að geta heyrt tónlistina sína aftur eins og hún á að hljóma er lítið kraftaverk - ég heyri aftur söng fuglanna“*

*Bubbi Morthens*

*Pantaðu tíma í heyrnarmælingu í síma*
*568 6880*
*og prófaðu Agil*




**með framúrskarandi heyrnartækjum frá Oticon**

Áttu í erfiðleikum með að heyra í fjölmenni eða klið? Finnst þér aðrir tala lágt eða óskýrt? Tekur þú sjaldnar þátt í hópumræðum en áður? Allt þetta getur verið merki þess að heyrn þín sé farin að versna.

Agil eru byltingarkennd ný heyrnartæki sem hjálpa þér að heyra betur með minni áreynslu. Tölvuörflagan í Agil er helmingi öflugri en áður hefur þekkst en tækin eru samt um helmingi minni en hefðbundin heyrnartæki og búa þar að auki yfir þráðlausri tækni.

Ekki láta heyrnarskerðingu halda aftur af þér og verða til þess að þú missir úr í samskiptum við aðra. Njóttu þess að heyra áreynslulaust með Agil heyrnartækjum.

Heyrnartækni
Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Þjónusta á landsbyggðinni | Sími 568 6880 | www.heyrnartækni.is

©2010 Oticon Inc. All Rights Reserved.

**Orðið jól** kemur þegar fyrir í heiðnum sið og var þá notað um miðsvetrarblót, sólhvarfahátíð. Síðar þegar kristni barst til Norðurlanda og fæðingar Krists var minnst á svipuðum tíma færðist heitið á heiðnu hátíðinni yfir á þá kristnu. www.visindavefur.hi.is




ALVEG NÝTT



teg. FALLON - push up í A,B,C,D skálum á kr. 7.680,- buxur í stíl á kr. 2.990,-



teg. FALLON - push up fyrir þær stærri í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.680,- buxur í stíl á kr. 2.990,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

VIÐ BJÓÐUM BETUR SANNKALLAÐ JÓLAVERÐ Á ÖLLUM INNRÉTTINGUM LÁTTU REYNA Á ÞAÐ
nettoline
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
friform.is
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
vísir.is

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




Jólasveinarnir í Rammagerðinni fá reglulega upplyftingu frá smiðum og rafvirkjum sem huga að þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Jólasveinarnir glatt úti í glugga í nærri hálfa öld

**Tæp fimmtíu ár eru liðin frá því að Rammagerðin í Hafnarstræti flutti inn jólasveina sem vöktu mikla athygli meðal borgarbúa. Sumir Reykvíkingar sem hafa að reglu að heilsa upp á sveinana frá barnæsku.**

Mörgum þykir ótrúlegt að nærri hálf öld sé liðin frá því að fyrstu jólasveinarnir birtust í gluggum Rammagerðarinnar í Hafnarstræti. Enda muna margir eftir því að hafa verið börn að skoða sveinana, sem vöktu ekki síst athygli fyrir það að geta hreyft hendur eða búk lítið eitt. Það er því ekki síður fullorðið fólk, sem ólst upp við að kíkja eftir sveinunum á hverri aðventu, sem guðar á glugga Rammagerðarinnar fyrir jólin.

„Jólasveinarnir í Rammagerðinni eiga sér langa sögu. Fyrstu upprunalegu Rammagerðar-sveinarnir komu frá Ameríku í kringum 1960. Síðan þá hafa sveinarnir eftir því sem við komumst næst einu sinni verið endurnýjaðir með sveinum frá Danmörku og Þýskalandi. Í dag eru sveinarnir fimm í gluggunum auk nokkurra minni sveina,“ segir Hilmar Már Aðalsteinsson, rekstrarstjóri Rammagerðarinnar. Hann bætir við að reynt sé eftir fremsta megni að fara vel með sveinana milli jóla til að þeir eigi sem lengsta lífdaga.





Hilmar Már Aðalsteinsson, rekstrarstjóri Rammagerðarinnar.

„Ég vildi að ég gæti sýnt þér sérherbergi og rúm sem sveinarnir hvíla sig í á milli jóla, en svo er nú ekki þótt við reynum að fara afar vel með þá milli hátíða og löppum upp á þá reglulega með hjálp smiða og rafvirkja. Þeir stíga svo á svið í enda októbermánaðar.“

Hilmar segir starfsfólkið ekki síður hafa gaman af því að sjá upplitið á leikskólabörnum sem koma að kíkja í gluggana en börnunum þykir gaman að sjá sveinana.

„Við fáum mikið af fullorðnu fólki til okkar sem ólst upp við það sem börn að kíkja á sveinana í gluggunum í Rammagerðinni og það þykir okkur voðalega vænt um – að geta verið hluti af jólamenningunni á Íslandi.

*juliam@frettabladid.is*





512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




Jólaföndurhugmyndir er hægt að nálgast á vef Sorpu. Farið er undir Fræðslu/Náms og fræðsluefni/Jólaföndur. Þar má finna hugmyndir að því hvernig nýta má algengt rusl í jólaskraut og gjafir. Til dæmis hitaplatta úr kóktöppum, jólatré úr klósettrúllum og nammibréfi, jólakúlur úr almanaki Sorpu og dagatal úr eggjabökkum.



www.sorpa.is

# lífsstíll

ÞRIÐJUDAGUR 9. NÓVEMBER 2010



## Kartöflur eru ekki af hinu illa

**Ragnhildur Þórðardóttir fjallar um algeng byrjendamistök í ræktinni.**

SÍÐA 2.



## Talnabönd og perlufestar

**Verslunin Kailash sérhæfir sig í vörum frá Tíbet.**

SÍÐA 4




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




HANDKLÆÐI - NÝ SENDING
ÓTRÚLEGT VERÐ

30x30 cm kr. 99,-
50x100 cm kr. 499,-
70x140 cm kr. 995,-
Baðmottur 50x85 cm kr. 1.090,-

ELLEFU LITIR

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-17

Holtagörðum 2. hæð
Sími 512 6800
www.dorma.is
dorma@dorma.is

DORMA
– býður góða nótt

# Nagli í ræktinni og lífinu

**Ragnhildur Þórðardóttir er að eigin sögn heilsufíkill. Hún bloggar um áhugamál sitt á netinu og bendir þar á hluti sem betur mættu fara, algengan misskilning fólks og þau mistök sem það gerir í leit að heilsusamlegu líferni.**



**Ragnhildur Þórðardóttir, eða Ragga Nagli eins og hún er stundum kölluð, hefur brennandi áhuga á líkamsrækt og mataræði. Hún bloggar um þetta hugðarefni sitt á http://blog.eyjan.is/ragganagli**

Ragnhildur Þórðardóttir, eða Ragga agli eins og hún kallar sig á bloggsíðu sinni, er með meistarapróf í heilsusálfræði frá háskóla í Bretlandi og stundar nú cand psych nám í klínískri sálfræði í Kaupmannahöfn. Hennar aðaláhugamál er þó heilsuræktin og holl næring.

„Ég byrjaði að væflast í líkamsrækt í kringum 19 ára aldur. Það vatt síðan upp á sig og er í dag orðið að hálfgerðri fíkn, áhugamáli og lífsstíl," útskýrir Ragnhildur, sem byrjaði að blogga fyrir fimm árum meðan hún var í námi í Bretlandi. „Það var til að leyfa vinum og vandamönnum að fylgjast með. Fljótlega varð ég þó leið á að skrifa um það sem á daga mína dreif, því það var ekki æði margt," segir Ragnhildur, sem ákvað þá að skrifa um það sem henni þætti skemmtilegast og fræða bæði sjálfa sig og aðra um líkamsrækt og mataræði.

Ragnhildur skrifar bæði um það sem hún þekkir sjálf og leitar sér upplýsinga á netinu. Þá lætur hún oftar en ekki fólk heyra það ef henni mislíkar. „Ég er ekki bara nagli í ræktinni heldur líka lífinu og ég nenni ekki einhverju grenji og væli. Svo ég bölsótast heilmikið á síðunni," segir hún glettin.

Meðal þess sem Ragnhildur skrifar um er algeng mistök sem fólk gerir í ræktinni. Hún var innt eftir nokkrum staðreyndum um helstu mistökin og helsta misskilninginn varðandi heilsurækt.

*- sg*

## ALGENG MISTÖK

**„Að nota kílóatölur sem viðmið á árangur."** Kílóin ein og sér eru ekki áreiðanleg mælieining á árangur, það er bara ein breyta af mörgum.

**„Að telja hitaeiningar."** Bæði er það hundleiðinlegt, og allt of erfitt fyrir byrjendur að vita hve margar hitaeiningar eru í mismunandi fæðutegundum og reikna það svo allt saman fyrir heila máltíð. Til að byrja með skiptir meira máli hvað er borðað frekar en hve mikið.

**„Að borða of lítið af kolvetnum."** Kolvetni eru meginorkugjafi líkamans og eini orkugjafi heilans. Án kolvetna er vitsmunastarf ekki 100%. Kolvetnissvelti eða of lítið af kolvetnum tæmir sykur úr vöðvunum og því verðum við orkulaus á æfingu. Þegar líkaminn fær ekki næg kolvetni þá notar hann prótín sem orkugjafa í staðinn sem á að nýtast í að byggja upp vöðva. Því verður lítil sem engin vöðvauppbygging þegar kolvetni vantar í mataræðið. Kolvetni eiga að vera 40% af daglegri orkuneyslu.



**„Að sleppa máltíðum."** Blóðsykur verður of lágur. Það hægist á brennslu líkamans því hann vill spara orkuna. Með því að borða 5-6 litlar máltíðir á dag komum við í veg fyrir blóðsykursfall og niðurbrot vöðva.

**„Að stunda eingöngu brennsluæfingar en ekki lyftingar."** Vöðvar eru virkur vefur og maður gerir líkamann svo effektívan með því að „virkja kjötið."

**„Að borða of lítið."** Algengt sérstaklega hjá konum. Þær kroppa eins og hænuungar í um 1200 kaloríur. Það hægir á öllu kerfinu og líkaminn fer að vinna á móti fólki, sem gerir fitutap í framtíðinni mun erfiðari.

**„Óþolinmæði."** Árangurinn á að sjást eftir viku og ef það gerist ekki þá finnst mörgum þetta vonlaust. Þá lætur fólk ginnast af alls konar töflum og skjótfengnum lausnum.

**„Fólk einblínir á ræktina.** „Algeng setning er: „Ég skil þetta ekki, ég er búin að fara í ræktina þrisvar í viku í fjórar vikur og ekkert gerist." Ok, segi ég þá, en skoðum hvað þú ert að borða. Árangurinn ákvarðast við matarborðið. Æfingarnar móta líkamann og styðja við fitutapið, en það sem þú lætur ofan í þig er númer 1, 2 og 3.

## ALGENGUR MISSKILNINGUR

**„Alls ekki borða kartöflur, þær eru fitandi."** Naglinn hefur heyrt þetta afdala kjaftæði nokkrum sinnum undanfarið. Já einmitt, einföld unnin kolvetni og transfitur hafa ekkert með aukakílóin þín að gera…. Hljóta að vera allar helv… kartöflurnar. Í alvörunni?? Trúir fólk þessu??



**„Aldrei drekka vökva með mat.** Til þess að matur nýtist sem eldsneyti þarf að borða hann einan og sér. Vökvi eyðileggur meltingarensímin." Hhhmmm… sem þýðir að rotinn matur safnast í þörmunum og nýtist ekkert hjá þeim sem dirfast að bleyta í matnum í skoltinum.

**„Próteinstykki eru fín sem millimál."** Alveg hreint rífandi hollusta, næstum jafn heilnæmt í kroppinn og Snickers.

**„Ef ég fæ mér Special-K í morgunmat þá þarf ég ekki að borða aftur fyrr en í hádeginu."** Af hverju að sleppa yndislega morgunkaffinu? Svo ekki sé minnst á að næringin úr Special K er mest megnis einföld kolvetni og blóðsykurinn í rússíbana og hann fellur langt niður fyrir normalmörk svo miðmorguns ertu froðufellandi af hungri.

**„Ef maður fer að sofa um leið og það kemur myrkur og vaknar kl. 6 þá grennist maður hraðar af því að það hægist á brennslunni í myrkri."** Þannig að Íslendingar og aðrir á norðurhjara veraldar hljóta að hríðhorast á sumrin en tútna á veturna í öllu þessu fitandi myrkri.

**„Það er alls ekki gott að borða mikið af kjöti, frekar borða meira grænmeti."** Ööö?? Af því að kjöt er svo óhollt með allar fullkomnu aminosýrurnar, járnið, sinkið, B-vítamínið?



**„Líkaminn getur ekki unnið vatn sem er kaldara en stofuheitt. Það hindrar fitutap að hafa það of kalt."** Og hvað gerist? Safnast vatnið líka upp í innyflunum þar til það fer að renna út um nasir og eyru ef þú dirfist að snúa krananum í átt að bláa litnum? Svo ekki sé minnst á alla fituna sem þú munt aldrei losna við!!

**„Allt sem þú borðar eftir kl. 19 á kvöldin mun strax breytast í fitu meðan þú sefur."** Ef þú treður þig út af kolvetnum rétt fyrir svefn þá kannski… en rétt næring fyrir svefn heldur þér í bullandi uppbyggingu í staðinn fyrir að svelta maskínuna í 12-14 tíma og lenda í niðurtætingu á kjöti.

Sumar staðreyndir eru fengnar af bloggsíðu Ragnhildar.

**Dagatal 2011 á 6 tungumálum með ljósmyndum frá eldgosinu í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi**




**Tilvalin jólagjöf til vina og ættingja heima og erlendis. Fæst í öllum betri bóka- og ferðamannaverslunum.**








# Góð ráð til að sofa vel og hvílast

Hollráð um heilsuna heitir hlekkur á vef Landlæknisembættisins en þar er að finna fræðslugreinar um margvísleg efni sem varða heilsufar. Auk almennrar fræðslu er lögð áhersla á það sem fólk getur gert sjálft til að bæta andlega og líkamlega heilsu sína með daglegum lífsvenjum og viðhorfum.

Þar er meðal annars að finna viðmið fyrir svefnþörf eftir aldri og góð ráð til að sofa vel og hvílast.



**Góður nætursvefn bætir og kætir.**

**HÉR ERU NOKKUR ÞEIRRA:**

- Reglulegur fótaferðartími styrkir líkamsklukkuna og leiðir til reglulegs svefntíma.
- Dagleg reglubundin hreyfing leiðir til dýpri og betri svefns en óregluleg líkamsrækt rétt fyrir svefn getur gert ógagn.
- Hungur truflar svefn en þó er ekki gott að ganga of saddur til hvílu.
- Ekki er gott að liggja andvaka í rúminu. Betra er að fara fram úr í skamma stund, lesa í bók eða fá sér bita en skríða svo aftur upp í.
- Dempuð lýsing nokkrum klukkustundum fyrir svefn virkar vel. Sömuleiðis heitur koffínlaus drykkur eða heitt bað.
- Svefnlyf geta hjálpað í skamman tíma en notkun þeirra til lengri tíma er árangurslaus og jafnvel skaðleg.
- Tuttugu mínútna daglúr getur hjálpað mikið eftir svefnlausa nótt.

*Heimild: www.landlaeknir.is*

# HUGSAÐU VEL UM HÚÐINA






- Húðin okkar er viðkvæm og veðráttan á Íslandi getur verið húðinni erfið.
- Decubal viðheldur heilbrigði og ferskleika húðarinnar – allt árið um kring.
- Kynntu þér eiginleika Decubal og kveddu þurra húð.

DECUBAL
KVEÐJUM ÞURRA HÚÐ

ÞÚ FÆRÐ DECUBAL
Í NÆSTA APÓTEKI



Bergþór Morthens ásamt Helgu Guðlaugu Einarsdóttur við opnun verslunarinnar Kailash á laugardaginn en Bergþór heillaðist af landi og þjóð á ferðalagi um Tíbet í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Skart frá Tíbet og Nepal. MYND/BERGÞÓR

# Heillaðist af fólkinu í Tíbet

**Verslunin Kailash, sem opnuð var síðasta laugardag að Strandgötu 11 í Hafnarfirði, sérhæfir sig í vörum frá Tíbet og Nepal. Bergþór Morthens, eigandi Kailash, segir hugmyndina að versluninni hafa sprottið upp úr pílagrímsferð til Tíbet.**

„Við fórum mikla reisu austur í ágúst, Tolli bróðir og ég. Við gengum meðal annars kringum fjallið Kailash en það er miðja alheimsins í hugum innfæddra og margra annarra,“ segir Bergþór, sem heillaðist af landi og þjóð á ferðalaginu um Tíbet en þeir bræður ferðuðust, í félagi við tvo aðra, í heilan mánuð um landið.

„Þetta er stórmerkileg þjóð sem hefur úr litlu að spila því þarna er mikil fátækt. Það sem greip mig var að fólkið var alltaf brosandi og gaf sér alltaf tíma. Þegar maður kemur héðan frá Íslandi þar sem erfitt er að fá bros frá fólki og lítill er tíminn þá fer maður hvað hugsa hvað er það sem Tíbetbúar hafa sem við gætum haft gagn af? Þeir hafa stundað hugleiðslu í hundruð ára og ég vildi opna gluggann til austursins fyrir þá sem vilja reyna það á eigin skinni,“ segir Bergþór en vöruúrvalið í versluninni byggir á hugleiðsluvörum. Þar er meðal annars hægt að kaupa Búddastyttur, talnabönd, skartgripi, reykelsi, herðaslár, hugleiðsludiska og myndlist og íslenskt handverk, unnið úr ull og silki.

„Við ætlum að reyna að miðla einhverju af því sem við fengum að upplifa, ég held að Íslendingum veiti ekki af andlegu fóðri núna eins og ástandið í þjóðfélaginu er í dag. En fólki er líka velkomið að líta hér við og þiggja tebolla, þótt það ætli ekkert að versla,“ segir Bergþór, sem stendur sjálfur bak við borðið í Kailash. *-rat*



Hugleiðsluvörur eru uppistaðan í vöruúrvali verslunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


„Að laða til sín það góða“

Fræðslunámskeið í Heilsuborg
11. nóvember frá kl. 20.00–22.00

Léttur og kraftmikill fyrirlestur þar sem þátttakendur fá í „nesti“ – „tæki og tól“ til að halda út í framtíðina bjartsýnir og upplitsdjarfir og laða að sér hamingjudaga.



*Sirrý er félags- og fjölmiðlafræðingur og hefur áralanga og farsæla reynslu af námskeiðahaldi í samskiptafærni*

- Fyrirlestur og happdrættisvinningar
- Frjáls aðgangur að heilsurækt Heilsuborgar í eina viku
- Verð aðeins kr. 2.000.- (20% afsl. fyrir korthafa Heilsuborgar)
- Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

Gómsætt heilsusmakk frá gló

Happdrættisvinningar frá m.a.: TEAM, LAURA ASHLEY

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is




Sterkir litir voru áberandi í hönnun Siti Haida.



Amalia Agus á heiðurinn af þessari hönnun og asísku áhrifin leyna sér svo sannarlega ekki.



Siti Haida hannaði þennan fagurrauða kjól sem hæfir hvaða prinsessu sem er.

# Litadýrðin allsráðandi í Jakarta

Allir regnbogans litir og asískur undirtónn í fögrum klæðum voru áberandi á tískuvikunni í Jakarta, höfuðborg Indónesíu, sem hófst með pompi og prakt á laugardaginn var.

Yfir hundrað innlendir hönnuðir, bæði ungir og upprennandi sem og þekktari og reyndari taka þátt í tískuvikunni sem fer nú fram í þriðja sinn í ár og er hugsuð sem eins konar svar Indónesíu við tískuvikum Parísar, Rómar og New York.

Asísk áhrif voru augljós um helgina, þar sem engum duldist að hönnuðirnir sóttu í hefðbundin klæði og efni frá Indónesíu þrátt fyrir að einblína á nútíð og framtíð í hönnun sinni.

Tískuvikan stendur yfir til föstudagsins næstkomandi. *-jbá*

# Hroðvirknislegar fléttur

**Fléttur í hári eru vinsælar í vetur og því hroðvirknislegri og kæruleysislegri sem fléttan lítur út fyrir að vera, því betra.**

Oftast er hárið meðfærilegast ef það er ekki alveg hreint en til að fá fléttuna létta og kæruleysislega er gott að hárið sé nýþvegið og að notuð hafi verið hárnæring í endana. Æfingin skapar meistarann.

● Ekki á að flétta hárið blautt, það fer illa með það. Blautt, sítt hár vill loða saman svo erfiðlega gengur að flokka það. Berið létta froðu í hárið, blásið það svo þurrt með rúllubursta og greiðið það mjúkt með grófri greiðu.

● Það á ekki endilega að flétta laust þó fléttan eigi að sýnast kæruleysisleg. Betra er að flétta þétta fléttu og losa um hana og toga til eftir á. Notið fíngerða teygju í endann og snúið jafnvel utan um teygjuna hárlokk svo hún sjáist ekki.

● Fléttið hvar sem er í hárið. Skemmtilegt er að gera tilraunir með að byrja fléttuna á mismunandi stöðum á höfðinu og flétta fasta fléttu, til dæmis frá enninu og til hliðar, eða frá hægra eyra og yfir kollinn. Einnig er fallegt í síðu hári að leggja eina eða fleiri fléttur um höfuðið og festa niður með spennum.

● Prófið fleiri útgáfur eins og fiskifléttur eða snúninga til að breyta til.



**Fléttið hárið þétt en losið og tætið fléttuna eftir á til að fá kæruleysislegt útlit.**
MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

**● ÁHYGGJULAUS PRADA** Prada er talið vera fágað vörumerki, þar sem hönnuðirnir liggja djúpt hugsi yfir hönnun klæða og fylgihluta með skírskotanir í listasögu eða femínisma á bak við sig.

Annað var þó uppi á teningnum þegar Prada sýndi vor- og sumarlínuna 2011, þar sem hvergi virtist gerð krafa um að áhorfendur legðust í miklar vangaveltur. Hönnunin virtist vera næstum áreynslulaus og klæðin voru bæði litskrúðug og sumarleg. Þá var mikið lagt upp úr skóm og fylgihlutum sem gerðu sýninguna enn bjartari og skemmtilegri og gaf viss fyrirheit um áhyggjulausa daga næsta sumar. *- jbá*



**Nýjasta lína Prada gefur fyrirheit um áhyggjulaust og skemmtilegt sumar.**
NORDICPHOTOS/AFP

**● LANVIN HANNAR FYRIR H&M** Hönnun franska tískuhússins Lanvin fyrir H&M birtist á netinu í síðustu viku. Hönnuðurinn er Alber Elbaz og línan samanstendur af kjólum, kápum, bolum, pilsum, skóm og hönskum. Í myndbandinu sem fer eins og logi yfir akur um netið þessa dagana má sjá módel eins og Natasha Poly, Tati Cotliar og Hannelore Knuts á lúxushótelherbergjum kvartandi yfir að elskhuginn færi þeim rósir í stað Lanvin-klæða.

Herralínan er einnig fjölbreytt og herlegheitin fara í sölu í netverslun H&M og völdum búðum hinn 23. nóvember. *- fsb*



VIÐ ÞÖKKUM
MIKINN HEIÐUR!

SAFFRAN hlaut tilnefningu til
FJÖREGGS MNÍ 2010
sem veitt er af Matvæla- og næringarfræðafélagi Íslands.

SAFFRAN var tilnefnt fyrir að vera
HEILSUSAMLEGUR VALKOSTUR Á VEITINGA- OG SKYNDIBITAMARKAÐNUM
sem hefur náð til fólks á öllum aldri og notið vinsælda allt frá opnun.

HOLLUR FERSKUR FRAMANDI MATUR



SAFFRAN
GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÓP



Erlu langar mest í iPad. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Jóhann hefur á síðustu árum haldið tækni-Lego námskeið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eins og iPhone á sterum

**Það er ótrúlegt til þess að hugsa að ekki sé lengra síðan en á tíunda áratugnum að menn með farsíma þóttu vera boðberar tæknibyltingar eða að aðeins fáein ár séu síðan iPod leit dagsins ljós. Nú gætu margir ekki hugsað sér tilveruna án þeirra, eins og sannaðist þegar Fréttablaðið fékk að gramsa í dótakassanum hjá þremur tækjanördum.**

**Erla Bjarney Árnadóttir, kynningarstjóri hjá Gogogic og formaður Félags íslenskra tölvuleikjaframleiðenda.**

**Ómissandi?** *Dell-tölvan mín. Hana nýti ég til að fylgjast með vinum og ættingjum á Facebook þar sem við erum dreifð út um allan heim og tala við þá í gegnum Skype. Ég geri innkaup í gegnum tölvuna, les fréttir, horfi á sjónvarp og nota hana í vinnunni.*

*Nokia E71 síminn minn er hreinlega límdur við mig. Ég lít á hann jöfnum augum sem öryggistæki, vinnutæki og samskiptatæki.*

*Siemens-uppþvotavélin. Mér finnst frábært að þurfa ekki að vaska upp sjálf, heldur raða bara í vélina og setja hana af stað. Fyrir utan að húsbóndinn á mínu heimili er ekki nógu stór til að vaska upp sjálfur á meðan hann getur sett í vélina.*

**Keyptir síðast?** *iPod Touch.*

**Langar í?** *iPad. Kæmi sér mjög vel að eiga slíkan grip þar sem við hjá Gogogic erum að fara að gefa út leik, Symbol 6 Redux, sem er hannaður fyrir iPad.*

**Elías Ragnar Ragnarsson, leikjahönnuður hjá Fancy Pants Global.**

**Ómissandi?** *iPhone. Ég er alltaf tengdur.*

*Ferðatölvan mín, sem er af gerðinni Macbook Pro 15 tommu. Ég vinn við að hanna tölvuleiki fyrir iPhone og tölvan inniheldur því alla mína vinnu. Svo heldur hún eiginlega utan um allt mitt líf.*

*iPad. Þessi tölvutafla er bara svo æðisleg, svona eins og iPhone á sterum.*

**Keyptir síðast?** *Nýjan iPhone, þann gamla nota ég til að prófa tölvuleiki í vinnunni.*

**Langar í?** *Windows Phone 7. Langar bara mikið að fá almennilegt tækifæri til að prófa hann.*



Elíasi finnst iPhone alveg ómissandi.

**Jóhann Guðmundur Breiðfjörð, heldur utan um tækni-Lego námskeið á vegum Mímis símenntunar.**

**Ómissandi?** *Síminn minn, Sony Ericsson w380i. Hann inniheldur marga skemmtilega fídusa. Með honum get ég til dæmis tengst við póstforritið í tölvunni minni. Annars nota ég hann eins og hefðbundinn síma og vil ekki hafa það flóknara.*

*Tölvan mín. Ég get varla sagt að hún sé af tiltekinni gerð þar sem ég hef verið að dunda mér við að setja hana saman úr alls konar pörtum.*

*Philips-rakvélin mín. Fékk hana í jólagjöf frá konunni fyrir tveimur árum.*

**Keyptir síðast?** *Sonyfarsíma handa eiginkonunni.*

**Langar í?** *Á allt sem ég þarf.*










● **SKART ÚR LAX OG HLÝRA** Guðrúnu Brynju Bárðardóttur blómaskreyti er margt til lista lagt. Auk þess að kenna blómaskreytingar við Landbúnaðarháskólann vinnur hún skartgripi úr fiskiroði undir merkinu Biadesign.

„Ég nota mest lax og hlýra og aðeins ýsu líka en skartið er allt handgert og enginn gripur eins," segir Guðrún Brynja. Skartgripalína hennar samanstendur af armböndum, hálsmenum, eyrnalokkum og hringum og eins hefur Guðrún unnið töskur úr roði.

„Formin á skartinu eru mestmegnis blóm, þar sem ég er blómaskreytir. Enginn gripanna er eins og ég veit í rauninni ekkert hvernig skartgripurinn kemur til með að líta út þegar ég byrja," segir Guðrún Brynja.

Vörur Biadesign fást í versluninni Bjarkarblómi í Smáralind, hjá Álafossi og í Heimahúsinu í Stykkishólmi.

# Verðlaunaljós gert af stærðfræðingi

Þrátt fyrir að sú hönnun sem Moooi hefur sent frá sér undanfarin ár hafi ævinlega vakið ríkulega athygli lítur út fyrir að ljósið Raimond sé að öðlast meiri vinsældir en nokkur önnur vara Moooi hefur gert.

Ljósið heitir eftir hönnuði þess, hinum hollenska Raimond Puts, sem hefur þá óvenjulegu menntun að vera stærðfræðiprófessor og er að sögn hönnuðarins byggt á „fegurð stærðfræðinnar".

Ljósið er hægt að fá í nokkrum útfærslum en hönnun þess byggist á tveimur þríhyrndum rúmfræðilegum lögum.

Samkvæmt fréttatilkynningu frá fyrirtækinu hefur engin vara Moooi selst í jafnmiklum mæli og ljósið. Þá vann ljósið til hinna virtu Sanoma Woon Award verðlauna í flokknum „Besta heimilisvaran" fyrir nokkrum vikum. *-jma*



Ljósið er hannað af hollenskum stærðfræðingi og þykir snilldarverk.

**● NÝSTÁRLEG HÖNNUN** Ron Arad er ísraelskur arkitekt, hönnuður og listamaður sem þekktur er fyrir nýstárlega hönnun. Hann hefur meðal annars hannað ljósakrónur fyrir Swarowski sem sýna sms með díóðum. Einnig er hann þekktur fyrir að hafa hannað fyrsta ilmvatnsglasið fyrir Kenzo. Þessi skemmtilega bókahilla, sem ber nafnið Bókaormur og er frá árinu 1993, er dæmigerð fyrir húsgagnahönnun Arads, en hann hefur meðal annars hannað borð sem líðast upp veggi í stað þess að standa á fjórum fótum á gólfinu.

Ron Arad stundaði nám við Bezalel Academy of Art and Design í Jerúsalem frá 1971 til 1973 og The Architectural Association in London frá 1974 til 1979 og var yfirmaður vöruhönnunardeildar The Royal College of Art í London frá 1997-2009. Hann á tvær dætur og er nágranni Gwen Stefani í London.

Sýnishorn af hönnun hans má skoða á vefsíðunni www.ronarad.co.uk.



**Bókaormurinn líðast fagurlega upp vegginn.**

**● DETOX JÓNÍNU VERÐUR HEILSUHÓTEL ÍSLANDS** Detox Jónínu Ben hefur fengið nýtt nafn og heitir nú Heilsuhótel Íslands. Nýir eigendur eru komnir að rekstrinum ásamt Jónínu og eru það þau Ragnar Sær Ragnarsson framkvæmdastjóri, Anna Katrín Ottesen, sjúkraþjálfari og Chad Keilen, lífsstílsráðgjafi og nuddfræðingur. Meðal nýjunga sem boðið verður upp á er Heilsuskóli til lífsstílsbreytinga, sem hugsaður er sem þjónusta fyrir fyrirtæki og stofnanir sem vilja styðja við heilsurækt starfsfólks síns. Þá var nýlega gengið frá viðamiklum samningi um rannsókn á árangri félagsins sem mun hefjast í árslok og standa yfir næstu þrjú árin. Árangursmatið er unnið af dr. Ásgeiri Helgasyni við Karólínska sjúkrahúsið í Stokkhólmi og samstarfsfólki hans.





**Þeir sem greiða með reiðufé í matvöruverslunum tína síður óhollustu ofan í innkaupakörfuna.**

**● BETRA AÐ BORGA MEÐ REIÐUFÉ** Fólk sem borgar með korti í matvöruverslunum er líklegra til að kaupa óhollustu en fólk sem greiðir með reiðufé. Þetta er niðurstaða vísindamanna við Cornell- og New York háskóla.

Rannsókn þeirra náði til eitt þúsund þátttakenda sem fylgst var með um sex mánaða skeið. Fólkinu var skipt í tvo hópa og var því gert að versla ávallt í sömu verslun. Annar hópurinn greiddi með korti en hinn með reiðufé. Þeir sem notuðu kortin voru líklegri til að setja óhollustu í innkaupakörfuna sína en þeir sem greiddu með reiðufé og héldu þeir sig síður við innkaupalistann.



**● ORKUDRYKKUR Í SKAMMDEGINU** Hvernig væri að gefa skammdegismyrkrinu langt nef og byrja daginn á heimalöguðum orkudrykk? Þessi drykkur er fljótlagaður og kemur blóðinu á hreyfingu. Rífðu niður sirka 10 sentimetra af engiferrót með rifjárni út í sjóðandi vatn. Pressaðu safann úr hálfri sítrónu út í og bættu við örlitlu af cayennepipar. Láttu sjóða augnablik og drekktu í einum teyg á meðan drykkurinn er heitur.

Þessi drykkur eykur brennsluna, virkar úthreinsandi og bólguhemjandi samkvæmt heilsublaði Alt for damerne.





**Svart og hvítt er alltaf klassískt, bæði í fylgihlutum og klæðum.**

# Aftur til fortíðar

Sýningarstúlkur klæddust fatnaði úr smiðju hins virta hönnuðar Guido Maria Kretschmer á tískudögum Charles Vögele í Sviss um helgina.

Ætla mætti að hönnuðurinn hefði ferðast sextíu ár aftur í tímann, þar sem greina mátti áhrif frá fjórða og fimmta áratug síðustu aldar af fallegum höttum og skóm.



Hönnun Kretschmers er afar rómantísk og ætti að geta prýtt hvaða dömu sem er. Litapallettunni er jafnframt stillt í hóf með klassísku svörtu og hvítu í bland við brúnt en það gæti hentað í jólaföt fyrir þá sem heillast af klassískum og fallegum flíkum.

*-jbá*



**• VERSLUN MEÐ SKART OG LISTMUNI** Gallery Jens er ný verslun í Síðumúla 35 með vandaða gjafavöru. Grunnurinn er skart úr smiðju gullsmiðanna á staðnum en Jens er alþekkt merki í skargtripasmíði á Íslandi. Auk þess fæst borðbúnaður, ljós, speglar og listmunir, svo sem málverk, handsmíðaðir skúlptúrar og skálar og undir vandaða vöruhönnun falla plötustandar fyrir vínylplötur, Rocking Records.

Gallery Jens er í rúmgóðu plássi og þaðan sést inn á verkstæðið, þar sem gullsmiðirnir eru við iðju sína.

Handunnar skálar eftir Snorra Sigurðsson eru meðal gripa í Gallery Jens. Þær eru úr eðalstáli og skreyttar íslenskum mugearít-steini.







FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# ;ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn
er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

Bílamarkaðurinn



TOYOTA YARIS LUNA. Árgerð 2000, ekinn 99 Þ.KM, BENSÍN, 5 GÍRAR. Sumardekk,vetradekk Verð 590.000. Rnr.101757



VW BORA 8VI COMFORTLINE. Árgerð 2000, ekinn 115 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSKIPTUR. Verð 690.000. tilboð 565.000 kr Rnr.101735

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

Við elskum að selja bíla
DIESEL.is
Klettháisi 15 • Sími 578 5252



Audi A6 Quattro 2005 ekinn 100 þ.km Mjög fallegur og vel útbúinn bíll, ný vetrardekk, Verð 3.490.000.-

**Diesel.is**
**Klettháisi 15, 110 Reykjavík**
**Sími: 578 5252**
**http://www.diesel.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður




Nú eru lánamál að skýrast. Óskum eftir öllum gerðum af bílum, ferðavögnum, vélum og tækjum á skrá. Visa/Euro lán allt að 500.000 kr til 36 mán. Stórt útipláss. 25 % afsláttur af sölulaunum.

**Ferðavagnamarkaður.is**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

KRÓKUR Bílauppboð

### Þarftu að kaupa eða selja bíl?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**http://bilauppbod.krokur.net**

MOTOR HARLEY-DAVIDSON COMPANY

Fjölbreytt og góð þjónusta. Góð sala í hjólum. Komdu við, láttu okkur ástandsskoða hjólið og/eða selja fyrir þig. Það er alltaf kaffi á könnunni.

**Harley-Davidson umboðið**
**Grensásvegi 16, 108 Reykjavík**
**Sími: 510 9090**
**http://www.harley-davidson.is**

bifreiðasalan




### SÖLULAUN AÐEINS 17.500KR

VILTU SELJA BÍLINN ÞINN EÐA EITHVAÐ ANNAÐ FYRIR LÍTIL SÖLULAUN FYRIR AÐEINS 17500KR EF BÍLLINN KOSTAR UNDIR 1MILLJÓN ÞÚ ÞARFT AÐEINS AÐ SKRÁ BÍLINN Á BIFREIDASALAN. IS OG SENDA MYNDIR AF BÍLNUM Á BIFREDASALAN@BIFREIDASALAN.IS MIKIL EFTIRSPURN AF BÍLUM UNDIR MILLJÓN

**Bifreiðasalan**
**Stórhöfði 15, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

TOPPBÍLAR bílasala



MAZDA 3 H/B T. Árgerð 2007, ekinn 24 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.850.000. Einn eigandi! Rnr.313138

**Toppbílar**
**Klettháisi 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

100bílar.is bílasala




Land Rover Range Rover Sport HSE, árg. 2006, ek 43þús.km, dísel, sjálfsk, Vel búinn bíll, Frábært eintak sem lítur mjög vel út,Umboðsbíll, Ásett verð 6990þús.kr, bíllinn er í salnum hjá okkur,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

**Breiðan ehf**
**821-6292**




Ford Transit Mini Bus 15 manna árgerð 2005, diesel, ekinn 145 þús.km., topplúga, dráttarbeisli, Webasto miðstöð, þjónustubók, sk.'11, verð kr. 3.150.000,- 821-6292



Hyundai H1 árg.'02, diesel, 7 manna, ek. 130þús.km., nýleg tímareim, dráttarkúla, nagladekk, aukadekk, sk.'11, 100% lánað, verð kr. 1.590.000,- 821-6292

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

## Bílar til sölu



Nissan Almera 1.6, ssk, ek. 151þús. árg. ,98.V.250 þús. Uppl. í .s 616 2597.

### Tilboð á stationbíl

Mitsubishi Galant ,99. Nýskr. 10.99 Ek. 138 þ. ssk. Góður og fallegur bíll. Verð. 490þ. Uppl. í síma 650 7066/898 8835.

## 0-250 þús.



### TILBOÐ 265 ÞÚS !!!

Skoda felicia 1.3 2000 ekinn 117þ. skoðaður sept 2011 bsk, dráttarbeysli , cd m/mp3 tengi vetrardekk, uppls 650-3646

## 250-499 þús.



### Tilboð 450þús

Lancer árg. „99 4X4 nýsk. 2011 ek. 173þús. 5 gíra beinsk. Góð heilsársdekk, nýleg tímareim. Verð 450þús. Uppl. s. 659 3459.



### 100% LÁN !!!!!! RENALT KANGOO 379. stgr!

Til sölu Renalt Kangoo nýskráður 28.08.2001 ek. 155 þús. km sk. 2011. (Ath var notadur i blomaflutning!!) Verd 470.000kr eða 379.000 stgr. ath skipti. upplýsingar í síma 693-5053. ATH MÖGULEIKI Á 100% VÍSA EÐA EURO LÁNI í ALLT AÐ 36 MÁNUÐI.



### TILBOÐ TILBOÐ!!!

Mitsubishi Carisma 1600 Sport árg.'00 ek.140 þús. sjálfskiptur, skoðaður 2011, góður bíll sem eyðir litlu! ásett verð 580 þús. TILBOÐ 420 ÞÚS. S.841 8955.



Vw Passat 11/1998 ekinn 162 þ. Nýlega skoðaður, Verð 400 þúsund, skoða skipti á Cherokee á sama eða minna verði, Einnig til sölu Honda Cbr 900rr Fireblade ,93 Verð 400 þúsund. uppl. í síma 659-2805



### 6.5 DIESEL

Chevrolet Van G20 árg 95 ekinn ca 150þ m 5 manna 6.5 diesel sjálfskiptur leður álfelgur CD krókur skoðaður 2011 fínn vinnubíll farið að sjá á boddyi en gott kram verð 350.000 stgr uppplí síma 861-7600 bíllinn er á Suðurnesjum

## 500-999 þús.



Mercedes Benz C220 1996. Ekinn 169.000km. Verð 650 þús. Uppl. í síma 691 0941.

## Bílar óskast

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

### !!! 0-250þús staðgreitt !!!

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

### ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!

Óska eftir bíl á 0-150 þús stgr. má þarfnast lagfæringa s. 691 9374

### !!! VANTAR BÍL STRAX !!!

Á allt að 250þús. má þurfa að laga eða vera óskoðaður en ekki eldri en 1998. uppl. s. 777-3077.

Bíll óskast á verðbilinu 100-200 þús. Má þarfnast lagfæringa. S. 869 1630.

Óska eftir bíl frá 30-250 þús. Sem þarfnast lagfæringa eða er skemdur. Árg. frá ,97. Fólksbíl, jeppa eða sendibíl. S. 770 6400.

## Mótorhjól

Honda Gold Wing Aspanscade 1200 árg. ,87 til sölu. Uppl. í s. 699 4329 e. kl. 17:00.

## Reiðhjól




### Kría Hjól Eina sérhæfða hjólasmíðastofa landsins!

Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.659 159 eða 664 6440 kriacycles.com

## Kerrur

Hestakerra til sölu. Rúmar tvo hesta. Upplýsingar í síma 616-1170 & 698-1710

## Vinnuvélar



Til sölu 28 tonna beltavél ,97 ek. ca. 7400 tíma. Einnig furukafa fleygur, 2.3 tonn og ca. 12-15 ára gamlir og montabert 501, ca. 1 tonn. S. 892 5309.

**LEIGÐU VÉL Í VERKIÐ**



**leiguvelar.is**
**Sími: 414-8600**

## Bílaþjónusta



PETRONAS 15/40W HÁGÆÐA SMUROLÍA AÐEINS KR 495.-Ltr. EINNIG FROSTLÖGUR, GLUSSI, RÚÐUVÖKVI OG GÍROLÍA Á HEILDSÖLUVERÐI. DS-Lausnir ehf. 561-8373 www.dslausnir.is



### Flutningar, partý, hóp

Höfum sendibíla, 9 og 14 manna bíla til leigu sem og allar aðrar helstu gerðir bifreiða. Sendibíll 6.900,- dagurinn. 9 manna 16.000,- dagurinn. 14 manna 29.900,- dagurinn. Ótakmarkaður kílómetrafjöldi og tryggingar innifaldar. Cheap Jeep, 562-6555, www.cheapjeep.is.

## Hjólbarðar

Óska eftir að kaupa 33x12,5" jeppadekk fyrir 15" felgur. Uppl í s. 897 6630

## Varahlutir

**ÓDÝRARI VARAHLUTIR AUKAHLUTIR**

Komdu og láttu okkur gera tilboð í varahluti í bílinn þinn!

Afhending á sérpöntunum frá USA tekur 4-7 vinnudaga. Hraðþjónusta líka í boði.

Getum útvegað hluti í m.a.:
- Toyota
- BMW
- Mitsubishi
- Nissan
- GMC
- Dodge
- Chevrolet
- Pontiac
- Ford
- Dodge
- Chrysler
- Jeep
- Cadillac
- Mercedes

Bílabúð Benna
Stofnað 1975
www.benni.is
**590 2000**

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
**Sími: 587 7659**

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

NET-PARTAR




### Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

### VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Varahlutir í primera ,98. Baleno Wagon ,97. Vitara árg. ,97. MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97 & ,98. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97 og ,99 Civic ,99. Golf ,95, Nissan ,94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Whole bode massage 841 8529.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Bordicoler og íslensk 10 mánaða yndisleg í alla staði. Vantar gott heimili sem getur sint henni vel. S. 892 4305.

4 Chihuahua 8 vikna hvolpar til sölu. S. 865 2253.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




Fislétt og hlý. Ótrúlega þægileg. Hirzlan Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564-5040 www.hirzlan.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**STAY APARTMENTS**

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 30.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM**
**Dags, viku og mánaðarleiga.**
**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG sími 896 4661**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Til leigu 4.herb íbúð í Bökkunum. Uppl. í síma 690 0665/893 3596.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. S. 892 5309.

Til leigu lítil 2.herb risíbúð í gömlu timburhúsi í miðbænum. Íbúðin er laus frá 1.des. Leiguverð er 110 þús. S. 697 3864

Herb. miðb. rvk, húsg. fylgja. Verð 40 þús. S. 895 0482 eftir kl. 16.

Rúmgott herbergi í 101 Rvk. til leigu. 50 þús./mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

Til leigu 3 herbergja rúmgóð íbúð með frábæru útsýni og mikilli lofthæð við sjávarsíðuna hjá Korpúlfsstöðum á 145 þús á mánuði. Upplýsingar í síma: 824 1258.

ROOM F/RENT w/FURNITURE IN 108 RVK.NEAR KRINGLAN AND 109 / 111 BREIÐHOLT 8973611

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 4. herb. 97,6 fm íbúð í Hraunbæ á 2. hæð. Laus strax. Umsóknir sendist á sigurros@isloft.is

2 herb. björt og falleg íbúð í Garðabæ til leigu. Stutt í alla þjónustu. 95þ. á mán. allt innif. S. 899 0764.

Stórt herbergi til leigu með öllu í Garðabæ S. 615 4775.

## Húsnæði óskast



Hreinræktaðir larador hvolpar leita að góðum heimilum. Hvolparnir hafa frábært geðslag eru rólegir, kátir og duglegir. Foreldrarnir eru yndislegir heimils- og veiðihundar og hafa gert góða hluti á sýningum Hrfí. Upplýsingar í síma 899 7167 eða helga1967@hotmail.com

## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu atvinnuhúsnæði í Hafnarfirði.**
Til leigu 100fm atvinnuhúsnæði, 20fm uppi og 80fm niðri, salernisaðstaða. Verð 60þús á mánuði. Uppl. s. 899 2857

## Geymsluhúsnæði

**Geymi tjaldvagna, fellihýsi ofl.**

**Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 13 ára reynsla.**

**Í símaskrá ja.is undir;**

**geymsla asgeirs eirikssonar ehf.**

**Upplýsingar 897 1731 klettar@heimsnet.is**

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

Gistihúsið Himnasalir Egilsá Norður Árdal - Skagafirði. Frábær Gisting fyrir rjúpnaskyttur. Uppl í s. 892 1852

Gisting Akureyri - Gista.is. Íbúðir í göngufæri við miðbæ. Lín og þráðlaust net. S. 694-4314.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Óskum eftir að ráða uppvaskara og aðstoðarmann í eldhús. Kvöld- og helgarvinna ca.60 tímar. Ekki yngri en 20 ára. Uppl. og umsóknir sendist á: eldhus@101hotel.is

## Atvinna óskast

27 ára kk óskar eftir vinnu. Er með Háskólapróf en allt kemur til greina. Get byrjað strax. S. 867 5139.

**Vantar þig smið?**
Húsgagna smiður. Hefur mikla reynslu af trésmíði, þakviðgerðir, parket, inniveggir, sólpallar, mála og fleira. S. 865 7293.

## Viðskiptatækifæri

Vantar þig fríar jólagjafir. Ég kem til þín (austfirðir) og held kynningu á LR vörum. Míla sími 483 1808,692 6756 milahalli@simnet.is

Villt þú vinna mikið og hafa mikil laun eða vinna lítið og hafa lítil laun. Uppl í s. 773 2100

**Takk fyrir vatnið**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Tilkynningar



# Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna kosninga til stjórnlagaþings, sem boðaðar eru 27. nóvember 2010, hefst við embætti sýslumannsins í Reykjavík þann 10. nóvember nk. Atkvæðagreiðslan fer fram í Laugardalshöll og verður opið alla daga frá kl. 10:00 - 22:00, en lokað verður laugardaginn 13. nóvember nk. og sunnudaginn 14. nóvember nk.

Utankjörfundaratkvæðagreiðslunni lýkur kl. 12:00 föstudaginn 26. nóvember nk.

Sýslumaðurinn í Reykjavík

## Útboð

**BÚÐARHÁLSVIRKJUN**
**Útboð BUD-33, nr. 20020**
**Lokur og þrýstipípur**

Landsvirkjun

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í þrýstipípur, lokur og tilheyrandi búnað við Búðarhálsvirkjun samkvæmt útboðsgögnum BUD-33.

Verkið felst m.a. í að hanna, smíða og setja upp eftirfarandi:

- Inntaksristar, samtals 270 m²
- Viðgerðarloka, 5,9x6,5 m
- Inntakslokur (hjólalokur), 5,8x6 m, 2 stk
- Þrýstipípur, lengd 2x57 m, þvermál 5,6 m
- Sográsarlokur, 5,9x4,9 m, 4 stk
- Stálhurð í aðkomugöng, 3x3,6 m

Framkvæmdum skal að fullu lokið haustið 2013.

Útboðsgögn verða afhent í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, frá og með þriðjudeginum 9. nóvember 2010 gegn óafturkræfu gjaldi að upphæð kr. 20.000,- fyrir hvert eintak.

Tilboðum skal skila í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, fyrir klukkan 12:00 þriðjudaginn 25. janúar 2011, þar sem þau verða opnuð sama dag klukkan 14:00 og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

## Atvinna

**Elm óskar eftir að ráða tvo öfluga liðsmenn**



### Skrifstofu og markaðsstarf

**Helstu verkefni:**
- Samskipti við viðskiptavini ELM hérlendis og erlendis
- Samskipti við umboðsmenn erlendis
- Samskipti við erlenda byrgja
- Auglýsingaáætlanir og samskipti við auglýsingastofur
- Önnur tilfallandi verkefni með hönnuðum ELM

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi (eða reynsla af markaðsstörfum)
- Framúrskarandi enska skilyrði
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Samskiptahæfni

### Innheimtustarf / hlutastarf

**Helstu verkefni:**
- Innheimta reikninga og utanumhald þeirra
- Samkipti við viðskiptavini erlendis

**Hæfniskröfur:**
- Framúrskarandi enska skilyrði
- Stúdentspróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á excel
- Reynsla af innheimtustörfum er kostur

Umsóknarfrestur er til og með þriðjudaginn 16. nóvember. Nánari upplýsingar veitir Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir í síma 5110992/ kristin@elm.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Elm er íslenskt hönnunarfyrirtæki sem starfar á alþjóðavettvangi og selur vörur út um allan heim.

**ÍSLENSK HÖNNUN - ÍSLENSKT HUGVIT - ÍSLENSK FRAMTÍÐ**

E L M D E S I G N

**Hringdu í síma**
**512 50 60**




**ef blaðið berst ekki**

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Annar gámur kominn í hús

STÓR PAMPERS PAKKI AÐEINS **1798 KR.** PAMPERS SIMPLY WIPES 72 STK **198 KR.**




# Allt í matinn á betra verði í Bónus

**BÓNUS LASAGNE**
FYRIR FJÓRA
TILBÚIÐ *ÞARF AÐEINS AÐ HITA*
998 KR.1000g

FERSKT NAUTAHAKK
898 KR.kg

ES SPAGHETTI 1 KG.
159 KR.1 kg

ES ÍSTOPPAR 8 STK
498 KR.8 STK

NICKY WC PAPPÍR
12 RÚLLUR
698 kr. 12 stk

HEIMA KÓKOSMJÖL 500g
279 KR.500g

ES HVEITI 1000g
85 KR.1000g

ES SYKUR 1000g
195 KR.1000g

AMERÍSKAR BÓNUS -RÚSÍNUR 500g
249 KR.500g

ES HUNANG 450g
359 KR. 450g

KJARNA KÓKOSOLÍA 500g
379 KR. 500g

MH SMJÖRLÍKI 500g
149 KR. 500g

GK SUÐU-SÚKKULAÐI 300g
259 KR. 300g

EUROSHOPPER FROSIÐ BROKKOLI OG GRÆNMETISBLANDA 1 KG
298 KR. 1kg

FROSIN ÝSUFLÖK M.ROÐI OG BEINI
698 KR.kg

BÓNUS ÝSUBITAR Í RASPI 800g FRYSTIVARA
698 KR.800g

NF GRÆNMETISBUFF
*TILBÚIÐ- ÞARF BARA AÐ HITA !*
998 KR.1000g

GJAFAKORT

Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort.
Hafðu samband við **skrifstofu Bónus** og fáðu nánari upplýsingar.
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**BRAGI SIGURJÓNSSON** rithöfundur og ráðherra (1910-1995) fæddist þennan dag.

*„Öll fyndni hefur sín takmörk.“*

SIGRÚN ELDJÁRN Á 30 ÁRA ÚTGÁFUAFMÆLI Í ÁR: TVÆR BÆKUR Á AFMÆLISÁRI

## Finnst þetta svolítið skrítið

Sigrún Eldjárn gefur út tvær bækur í ár, Forngripasafnið, sem hún bæði skrifar og teiknar, og Árstíðirnar sem hún gefur út ásamt Þórarni bróður sínum. Þetta er tímamótaár hjá Sigrúnu, það eru 30 ár síðan fyrsta bók hennar, Allt í plati, kom út hjá Iðunni. „Mér finnst þetta svolítið skrítið,“ segir Sigrún spurð um hvaða tilfinningar fylgi þessum áfanga. „Skil ekki að þetta skuli vera orðin þrjátíu ár. En þetta er víst alveg rétt. Ég var tuttugu og sex ára þegar fyrsta bókin kom og síðan eru þær orðnar ansi margar. Reyndar hefur okkur gengið svolítið illa að telja þær. “

Önnur nýja bókin er samvinna þeirra systkinanna Sigrúnar og Þórarins. „Það er bók um árstíðirnar, ljóðabók eftir Þórarin sem ég málaði olíumálverk við. Þau hanga reyndar uppi í Þjóðminjasafninu og myndirnar úr Forngripasafninu líka,“ segir Sigrún. Sú sýning mun standa út nóvember.

En hvað getur hún sagt okkur um Forngripasafnið? „Forngripasafnið er fyrsta bókin í þríleik og hugmyndina má rekja til þess að ég ólst upp í Þjóðminjasafninu til fjórtán ára aldurs, án þess þó að sagan byggi á mínum minningum,“ segir Sigrún og hlær. „Sagan er um strák sem flyst í lítinn bæ úti á landi með pabba sínum sem er að taka við forstöðumannsstöðu á mjög sérstöku safni, þar sem ægir saman fornmunum, náttúrugripum og listaverkum.“

Allar bækur Sigrúnar eru skrifaðar fyrir börn. Hefur aldrei freistað hennar að skrifa fyrir fullorðna? „Nei, í rauninni ekki. Mér finnst mjög gaman að gera barnabækur og finnst það mikilvægt starf. Það er mikilvægt að krakkar lesi og ég vil bara vanda mig við það að færa þeim eitthvað skemmtilegt að lesa,“ segir Sigrún, sem sannarlega hefur skemmt ófáum börnum síðustu þrjátíu árin og mun án efa halda því áfram.

fridrikab@frettabladid.is



Sigrún hefur gert yfir fjörutíu bækur á þrjátíu ára ferli. Allt í plati var fyrsta bókin og Forngripasafnið er sú nýjasta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

---



†

*Elsku hjartans unnusti minn, sonur okkar, bróðir, mágur, barnabarn, barnabarnabarn, frændi og tengdasonur,*

**Kjartan Björnsson**

lést af slysförum 30. október. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju fimmtudaginn 11. nóvember kl. 11.

**Katrín Erla Erlingsdóttir**
**Elín Björg Birgisdóttir** **Björn Kjartansson**
**Svanbjörg Helga Björnsdóttir** **Hjörvar Ingi Haraldsson**
**Júlía Guðrún Björnsdóttir**
**Sverrir Karl Björnsson**
**Alexander Birgir Björnsson**
**Svanbjörg Clausen** **Sverrir Karlsson**
**Birgir Júlíusson** **Agnes Svavarsdóttir**
**Kjartan Björnsson** **Guðlaug Guðmundsdóttir**
**langamma, frændsystkini, tengdaforeldrar og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Þórarinn Haukur Hallvarðsson**

varð bráðkvaddur sunnudaginn 31. október. Útförin fer fram miðvikudaginn 10. nóvember kl. 15.00 frá Grafarvogskirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast Hauks er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörgu.

**Erla Long**
**Sigurður Long** **Erla Björk Ingibergsdóttir**
**Sigrún Þórarinsdóttir**
**Kristín Unnur Þórarinsdóttir** **Þórður Benediktsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og systur hins látna.**

---



†

*Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristborg Benediktsdóttir**
Miðleiti 5, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 17. október. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 12. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar afbeðnir en þeir sem vilja minnast hennar láti líknarfélög njóta þess.

**Kristján Oddsson**
**Elínborg Þórarinsdóttir**
**Benedikt Kristjánsson** **Rósa Kristjánsdóttir**
**Sigríður Kristjánsdóttir**
**Már Kristjánsson** **Halla Ásgeirsdóttir**
**Oddur Kristjánsson** **Hafdís Sigurðardóttir**
**ömmubörn og langömmubörn**

---



†

*Faðir minn, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Finnbjörn Guðmundsson**
stýrimaður, frá Sæbóli í Aðalvík,

sem lést 24. október sl., verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 10. nóvember kl. 13.00.

**Jón Finnbjörnsson** **Erla S. Árnadóttir**
**Guðrún Hrönn Jónsdóttir** **Birna Jónsdóttir**
**Sigríður Guðmundsdóttir** **Inga Guðmundsdóttir**

---



†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Haraldar Þorsteinssonar**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 4b Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir frábæra umönnun.

**Sigurður Haraldsson** **Jóna Guðjónsdóttir**
**Þorsteinn Haraldsson** **Lára V. Júlíusdóttir**
**Ingibjörg Haraldsdóttir** **Sturla Þorsteinsson**
**Ástráður Haraldsson** **Eyrún Finnbogadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Henning Finnbogason**
Ljósheimum 18, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 30. október, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 10. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Hennings er bent á Félag áhugafólks og aðstandenda alzheimersjúklinga, FAAS.

**Birgir Henningsson** **Gyða Ólafsdóttir**
**Ómar Henningsson** **Elísabet Pétursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar bróður okkar,*

**Þórhallar Daníelssonar.**

Við viljum þakka starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Fjallabyggðar sérstaklega fyrir umhyggju og hlýju meðan hann dvaldi þar. Einnig viljum við þakka Kiwanisklúbbnum Skildi, Siglufirði, Elíasi Þorvaldssyni og Karlakór Siglufjarðar.

**Sigurður Gunnar Daníelsson**
**Soffía Svava Daníelsdóttir** **Birgir Guðjónsson**
**Ingibjörg Daníelsdóttir.**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Edda Snorradóttir**
frá Þórshöfn,
Núpalind 4, Kópavogi,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi 28. október, verður jarðsungin frá Digraneskirkju miðvikudaginn 10. nóvember kl. 13.00.

**Þorkell Guðfinnsson**
**Snorri Hafsteinn Þorkelsson** **Björg Skúladóttir**
**Guðfinnur Helgi Þorkelsson** **Jóhanna Þorkelsdóttir**
**Edda Björg Snorradóttir**
**Elín Salka Snorradóttir**
**Guðrún Helga Guðfinnsdóttir**
**Þorkell Máni Guðfinnsson**

---



†

*Hjartkær eiginmaður, faðir, afi og langafi,*

**Jón Geir Árnason**
hárskurðarmeistari,
Skarphéðinsgötu 6, Reykjavík,

lést á Landakotsspítala laugardaginn 6. nóvember 2010.

**Sigríður Einarsdóttir, Díana Vera Jónsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# ZANUSSI

ZTK-120
Barkalaus þurrkari með tímastillingu
- Stór lúga 43x33 cm
- Kerfi fyrir viðkvæman og venjulegan þvott
- Niðurkæling á taui
- Tekur allt að 6 kg af taui
- Verð áður kr **94.900**

6 KG

27%



ÞÚ SPARAR 25.000
Verð nú **69.900**

# Electrolux

EWF-146310W
Mest selda þvottavélin okkar. Ótrúlega **lág bilanatíðni**. Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni.
- **1400 sn.** stillanlegur vinduhraði
- Tekur allt að **6 kg.** af taui
- **Hraðval** 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
- **Seinkun** á gangsetningu 0-23 klst.
- Stórt hurðarop
- **Tímaskjár**
- A/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
- Verð áður kr **124.900**

6 KG

1400 SN



ÞÚ SPARAR 35.000
Verð nú **89.900**

# Electrolux

ESF-65050W / ESF-65050X
**Hljóðlát** uppþvottavél með Fuzzy Logic þvottatækni sem skynjar óhreinindi í vatni og aðlagar tíma, vatnþörf og hitastig eftir aðstæðum
- Aðeins **47 dB(A)**
- **5 þvottakerfi** þ.á.m. hraðkerfi, pottakerfi og sparnaðarkerfi
- **3xA einkunn** f. orku/þvott/þurrkun
- Mjög vönduð innrétting
- Án toppplötu
- Skjár sem sýnir tíma
- Verð áður kr **139.900**

3xA

47 dB



Hvít eða stál

ÞÚ SPARAR 40.000
Verð nú **99.900**

# Electrolux

ESF-66814X
Toppgerðin frá Electrolux með **einstakri hljóðeinangrun, aðeins 45 desibil og lúxus innréttingu**
- **5 þvottakerfi** þ.á.m. hraðkerfi og pottakerfi og glasakerfi
- 5 hitastig 45-70°C
- Aqua Sensor óhreinleikaskynjari
- Innrétting breytanleg
- XXL Real Life innrétting og tækni
- Mjög öflug vatnslekavörn
- Án toppplötu
- Verð áður kr **169.900**

3xA

45 dB



Toppmódel!

ÞÚ SPARAR 40.000
Verð nú **129.900**

# exquisit

GS-240WTA
- 165 lítra frystiskápur (nettó)
- Orkuflokkur A
- 6 skúffur
- HxBxD 144x54x58 cm
- Verð áður kr **84.900**



104 CM

ÞÚ SPARAR 25.000
Verð nú **59.900**

# Electrolux

ECN-1156
- 102 lítra frystikista (nettó)
- Orkuflokkur A+
- 1 grind fylgir
- HxBxD 85x55x60 cm
- Verð áður kr **74.900**

27%



ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú **54.900**

# LOKAÚTKALL!

# HLAUPTU KAUPTU



Vandaðar ryksugur frá Electrolux og Tristar.
Komdu og skoðaðu úrvalið og fáðu 25% afslátt.

## ALLAR RYKSUGUR 25% AFSLÁTTUR

# Electrolux

EOB-42100X / EOB-42100X
Vandaður blástursofn með ekta heitum blæstri, grilli, klukku og kjöthitamæli
- 6 eldunarkerfi
- Fæst í hvítu eða kámfríu stáli
- Með kjöthitamæli sem sýnir kjarnhita á skjá
- Verð áður kr 139.900/**149.900**



ÞÚ SPARAR 40.000
Verð nú **99.900**

Hvítur eða stál

Kjöthitamælir

# Electrolux

ERL-6298XX
- Tvöfaldur kæli- og frystiskápur með klakavél
- Kámfrítt stál, stálhandföng
- Mismunandi kælisvæði fyrir kjöt/fisk/grænmeti
- HxBxD: 176x90.5x68 cm
- Verð áður kr **549.900**



1,76 m

Toppmódel!

ÞÚ SPARAR 150.000
Verð nú **399.900**

# Electrolux

ERB-34233W / ERB-34233X
- Nýjung. Mismunandi kælisvæði fyrir grænmeti, kjöt og fisk með Frezh Zone
- Stór og góður frystir með 3 skúffum
- Sjálfvirk affrysting í kæli
- HxBxD: 175x59,5x60 cm
- Verð áður kr **159.900**



1,75 m

Hvítur eða stál

ÞÚ SPARAR 30.000
Verð nú **119.900**

# Electrolux

ELK-12022HV
Mjög vönduð eldavél með ekta blástursofni og keramik helluborði
- Ekta heitur blástur
- Alls 8 eldunarkerfi
- Hraðhellur
- Sjálfhreinsandi ofn
- Kæld þríglerjuð hurð
- 2 plötur, 1 ofnskúffa og 1 grind
- HxBxD: 85/90x59,5x60 cm
- Verð áður kr **159.900**



Heitur blástur

Sjálfhreinsandi

ÞÚ SPARAR 30.000
Verð nú **129.900**

# Rafha ehf

Opið
virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** eyja í asíu, **6.** þófi, **8.** tilvist, **9.** gogg, **11.** ekki, **12.** hald, **14.** dá, **16.** samtök, **17.** vefnaðarvara, **18.** sarg, **20.** sjúkdómur, **21.** göngulag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** samskonar, **3.** bor, **4.** ríki í Suðaustur-Asíu, **5.** ái, **7.** bókastóll, **10.** spor, **13.** flík, **15.** uss, **16.** eyrir, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** java, **6.** il, **8.** líf, **9.** nef, **11.** ei, **12.** skaft, **14.** trans, **16.** aa, **17.** tau, **18.** urg, **20.** ms, **21.** rigs.
**LÓÐRÉTT: 1.** eins, **3.** al, **4.** víetnam, **5.** afi, **7.** lektari, **10.** far, **13.** fat, **15.** suss, **16.** aur, **19.** gg.




# Gildin okkar

**BAKÞANKAR**
**Þórunnar Elísabetar Bogadóttur**



Það er afskaplega auðvelt að hæðast að fyrirbærum eins og þjóðfundi, þar sem 1000 manns koma saman og niðurstaðan verður afskaplega almenn. En það eru nógu margir aðrir í því. Í jákvæðnigír má segja að þjóðfundurinn og stjórnlagaþing séu eins og svo margt annað undanfarin ár: án fordæma. Fyrirbærin gætu jafnvel, ef mjög vel tekst til, breytt einhverju til hins betra. Hvað veit maður?

**Í NIÐURSTÖÐUM** þjóðfundar helgarinnar má lesa ýmislegt fallegt. Til dæmis er það niðurstaða þjóðfundarins að allir skuli njóta mannréttinda svo sem tjáningarfrelsis, friðhelgi einkalífs, trúfrelsis og eignarréttar. Svo á líka að tryggja að við séum öll jöfn og höfum jafnan rétt. Við eigum öll að hafa mannsæmandi lífskjör, óháð því hvers kyns við erum, af hvaða kynþætti eða þjóðerni við erum, hvaða trúarskoðun við höfum og svo framvegis. Þarna eru fleiri fallegar hugsjónir, til dæmis sem lúta að náttúrunni og auðlindum okkar. Og að sjálfsögðu um lýðræðið, valdið, ábyrgðina, gegnsæið og heiðarleikann.

**ÞAÐ** er sannarlega hægt að vera sammála þessu, enda frekar almenn gildi. En ef þetta eru virkilega gildi þjóðarinnar hvers vegna hefur þeim þá ekki verið framfylgt? Eru þessar skoðanir kannski nýtilkomnar og var þá kannski einhver breyting í kjölfar hrunsins eftir allt saman?

**ÞAÐ** er að minnsta kosti ekki hægt að segja að öll þjóðin aðhyllist trúfrelsi eða jafnrétti óháð trúarskoðunum. Nýjustu dæmin um það eru fordómar í garð múslima hér á landi og hörð mótstaða við byggingu mosku. Hér hefur heldur ekki alltaf tíðkast að allt fólk njóti jafnra mannréttinda eða mannsæmandi lífskjara óháð stöðu. Annars hefði það til dæmis ekki viðgengist að vísa fólki nánast miskunnarlaust úr landinu. Og ekki er hægt að segja að við höfum alltaf borið virðingu fyrir auðlindum og náttúru landsins, ó nei.

**MARGT** af þessu sem kom á fundinum efast ég stórlega um að muni enda í stjórnarskránni og sumt á kannski ekkert heima þar. En það breytir því ekki að þessi gildi eru nú skrásett og öllum aðgengileg. Og stjórnmálamennirnir sem ákváðu að þjóðfundurinn yrði haldinn verða þá vonandi minntir á niðurstöðurnar héðan í frá. Og fólkið sem samdi þessi blessuðu gildi verður vonandi á varðbergi næst þegar brjóta á gegn þeim.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott



# Háskólaskáldsaga úr samtímanum

Bækur ★★

**Tregðulögmálið**

Yrsa Þöll Gylfadóttir

**Sögur útgáfa**

Bókmenntafræðingar eru, eins og raunar rithöfundar, meðal fjölmennustu starfstétta skáldsagnaheimsins – líklega vegna þess hversu margir bókmenntafræðingar og rithöfundar leiðast út í skáldsagnaskrif. Háskólaskáldsagan er þekkt og nokkuð útbreidd bókmenntagrein, ekki síst í enskumælandi heiminum. Á íslensku eigum við ekki margar slíkar sögur en að minnsta kosti eina vel heppnaða, *Mína kátu angist* eftir Guðmund Andra Thorsson.

*Tregðulögmálið* eftir Yrsu Þöll Gylfadóttur er tilraun til að skrifa slíka sögu úr íslensku umhverfi og samþætta sögu úr einkalífinu við umræðu um fræðin, stöðu hugvísinda og tilgang.

Bókmenntafræðineminn Úlfhildur á að vera að vinna að BA-ritgerð sinni. Hún er föst í sambandi við heimspekinginn og níhilistann Binna, ríkan strák sem hefur reynt að berjast til fátæktar en endað á því að flýja heim á Hótel mömmu þaðan sem hann lítur niður á allt og alla. Líf Úlfhildar er komið í hálfgerða sjálfheldu. Hún á erfitt með að réttlæta námið og tilgang þess fyrir sjálfri sér og sambandið við kærastann er vítahringur sem endurtekur sig í sífellu. Eina ljósglætan í lífi hennar virðist vera vonin um að komast til útlanda, nánar tiltekið til New York þar sem hún hefur sótt um framhaldsnám.

Verkefnið sem lagt er upp með í *Tregðulögmálinu* er metnaðarfullt og margar hugmyndanna sem fjallað er um eru miðlægar í vestrænni menningu, hér eru pælingar um stöðu kynjanna, tilgang og takmarkanir heimspeki og hugvísinda og fleira í þeim dúr. Þessar pælingar birtast bæði í hugsunum Úlfhildar og í samtölum hennar við aðra. Framan af getur lesandann grunað að verið sé að undirbúa einhverja meiriháttar afbyggingu eða íróníska afhjúpun þeirrar háalvarlegu speki sem veltur upp úr Úlfhildi og vinum hennar. En sú afhjúpun kemur aldrei. Hvorki í lífi Úlfhildar, hugsun hennar eða námi verður nokkur þróun eða umbreyting sem virkar sannfærandi á lesandann. Sagan verður allt of langdregin og eintóna. Pælingarnar og samtölin verða eins og langt endurrit af tali háskólanema sem margir þekkja eflaust af eigin reynslu, nema hvað að í minningunni var það skemmtilegra og umfram allt ábyrgðarlausara og frjórra.




Persónurnar í Tregðulögmálinu eru flestar óhemju alvarlegar og lifna aldrei við. Þær eru týpur, farvegir fyrir tal og orðræður sem eru kunnuglegar fyrir þá sem hafa lifað og hrærst í bókmenntaheiminum undanfarna áratugi, en þær ná aldrei að varpa neinu nýju ljósi á viðfangsefnin, þær koma aldrei á óvart. Stíll sögunnar er í samræmi við þetta, oft stífur og bókmálslegur, sjaldan er brugðið á leik, látið reyna á tungumálið eða tekin áhætta með það.

**Jón Yngvi Jóhannsson**

**Niðurstaða:** Tregðulögmálið er því miður misheppnuð tilraun til að skrifa íslenska háskólaskáldsögu. Sagan tekur sjálfa sig allt of hátíðlega og nær aldrei að varpa nýju ljósi á viðfangsefni sín.




Tónlist ★★★

**The End Is as Near as Your Teeth**

Swords of Chaos

## Keyrsla og læti

Swords of Chaos er fjögurra manna band, skipað þeim Úlfi Einarssyni söngvara, Alberti Finnbogasyni gítarleikara, Ragnari Hrólfssyni trommuleikara og Úlfi Hanssyni bassaleikara. Þeir spila hratt og hart rokk. Flest lögin á þessari fyrstu plötu þeirra hljóma við fyrstu hlustun eins og tónlist ótal annarra harðkjarna metalsveita. Þegar maður hlustar betur fer maður hins vegar að taka eftir smáatriðunum í sándinu og útsetningunum og lagasmíðarnar sem sumar virka kaótískar í byrjun síast inn.

Það er góður kraftur í þessu bandi. Hljóðfæraleikararnir gefa ekkert eftir og Úlfur söngvari er í meira lagi efnilegur. Nokkur lög plötunnar skera sig úr og breyta heildaryfirbragði hennar. Alexis Mardas sem er unnið í samstarfi við Kiru Kiru er eins og hljóðlandslag, Each Thousand Years but a Day hefst á lúðrakafla og lokalagið, Northern Crater, leysist upp í miðri keyrslunni og tekur góðan tíma í að fjara út með tilþrifum. Þessi plata virkar best spiluð í gegn í heild sinni. Ekki er hægt að sleppa því að minnast á umslagið, sem er hannað af Söru Riel og er sérstaklega flott. Það má reyndar alveg hrósa Kima fyrir metnað og framsækni í umslagagerð.

Á heildina litið er þetta ágæt rokkplata. Ef þeir félagar bæta aðeins í undarlegheitin gæti næsta plata orðið meistaraverk!

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Kraftmikil og á köflum stórskemmtileg rokkplata.




**ASA FIMM ÁRA** Djasstríóið ASA heldur upp á fimm ára afmæli með tónleika í Risinu á Tryggvagötu á miðvikudag klukkan 21. Kvöldið eftir leikur það á Græna hattinum á Akureyri. Tríóið skipa þeir Andrés Þór gítarleikari, Agnar Már Magnússon orgelleikari og Scott McLemore trommuleikari.

# Gaflaraleikhúsið tekur til starfa

Nýr leikhópur, Gaflaraleikhúsið, hefur tekið við leikhúsinu að Strandgötu 50 í Hafnarfirði, þar sem Hafnarfjarðarleikhúsið var áður til húsa. Leikfélagið hefur gert samning við Hafnarfjarðarbæ um nýtingu hússins til næstu þriggja ára. Að Gaflaraleikhúsinu standa Lárus Vilhjálmsson, Björk Jakobsdóttir, Gunnar Björn Guðmundsson, Gunnar Helgason og Ágústa Skúladóttir.

Í tilkynningu frá hópnum segir að stefna Gaflaraleikhússins sé að „skapa vettvang fyrir kraftmiklar, fyndnar, harmrænar, lifandi og sjónrænar leiksýningar úr efnivið sem gefa leikurum og listrænum stjórnendum mikið listrænt svigrúm“. Þá sé markmiðið að byggja upp öflugt barna- og unglingastarf í leiklist með vönduðum námskeiðum og leiklistaræfingum.

Fyrsta frumsýning Gaflaraleikhússins verður jóladagskráin Jólaskrall 27. nóvember næstkomandi. Þar munu Selma Björnsdóttir og Björk Jakobsdóttir og tveir Ljótir hálfvitar skemmta gestum með margs konar jólaatriðum. Á næsta ári er stefnt að því að leikhúsið setji upp tvö verk í fullri lengd. Annað er ævintýraleikrit fyrir alla fjölskylduna í leikstjórn Ágústu Skúladóttur og hitt er barnaleikrit í leikstjórn Gunnars Helgasonar. Auk þess setur Leikfélag Hafnarfjarðar verk upp í tilefni 75 ára afmælis síns. Auk alls er ráðgert að standa fyrir námskeiðum í húsinu, þar á meðal nefna handrita- og stuttmyndanámskeið, uppistandsnámskeið, trúða- og leiklistarnámskeið.



**GAFLARALEIKHÚSIÐ OPNAÐ** Lárus Vilhjálmsson hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar, Guðmundur Rúnar Árnason bæjarstjóri, Ágústa Skúladóttir og Björk Jakobsdóttir.



**GILITRUTT Í BORGARNESI** „Þetta er nálgunin, þetta er aðferðin, þetta er sú virðing sem sýna á börnum sem eru í mótun,“ segir í dómnum.

# Svona á að gera það

Leikhús ★★★★★

**Gilitrutt**

Leikstjóri: Benedikt Erlingsson.

**Leikgerð, brúðugerð, leikmyndahönnun og tónlist:** Bernd Ogrodnik.

Í Brúðuheimum niðri við Brákarsund í Borgarnesi opnast ævintýraheimur þar sem agnarlitlar kindur verða að stórum fjárhópum á fjalli. Bernd Ogrodnik semur, leikur, spilar, tálgar, smíðar og hefur eins ofið þá heillandi mynd sem gengið er inn í. Leikið er í Brúðuheimum, sem áður voru pakkhús. Þetta er óður til Íslands, en þetta er líka óður til barna og virðing fyrir þeim. Það vill því miður brenna við að ungviðið sitji varnarlaust fyrir framan æpandi og skrækjandi teiknimyndafígúrur í sjónvar pinu, hér var eins og sú gerviveröld hefði aldrei verið til. Tónar og hljóð úr náttúrunni sjálfri fleygðu ímyndunarafli áhorfenda af stað. Grasið með sínum gulu og brúnu litatónum var eins og það hefði vaxið þarna sjálft úr þæfðri ullinni.

Söguna um húsfreyjuna sem var of löt til þess að vinna ullina og naut aðstoðar tröllskessunnar þekkja væntanlega allir. Hún hefur verið margoft sögð og með mismunandi áherslum. Hér var það birtan og ástin sem var í fyrirrúmi. Freyja og Jón heita þau og flytja nýgift inn í fallega bæinn í fallega dalnum með háum fjöllum, hraundröngum í fjarska og kúnni Skjöldu sem lætur reglulega í sér heyra og eins hinum dýrunum á bænum. Bernd Ogrodnik felur ekkert. Það sem gerist, þær hreyfingar og tilfærslur sem leikurinn býður upp á, er mjög vel sýnilegt og vafalítið mun einhver áhorfandinn búa sér til kindur sem hægt er að reka inn í fjárhús á bakka eða kannski reyna að smíða stórkostlegan farfuglaramma, en þetta var allt svo listilega gert að athygli smáfólksins var alger allan tímann. Því ber að fagna þegar unnið er af alúð og virðingu það efni sem borið er á borð fyrir börn. Gilitrutt sjálf, sem birtist fyrst um haustið og svo í sumarbyrjun eins og allir kannast við, er mátulega hræðileg. Það er mjög góð lending í lausninni. Húsfreyjan gerir sér sjálf grein fyrir því að þau verði að vinna saman og eftir að Gilitrutt er horfin eru þau ennþá góð og ástfangin og framundan góðir dagar í fallegri sveit.

Sagan hefur oft verið túlkuð þannig að húsbóndinn væri fremur fúll og þar með framtíðarsýn húsfreyju ekki mjög fýsileg en hér var það ástin og birtan sem var í fyrirrúmi. Minningin um fallegt sumar með öllum fuglahljóðunum og tónum tærra lækja er umgjörðin. En það var ekki bara sumar í þessu ævintýri, það leið kaldur og erfiður vetur líka.

Þegar Bernd birtist með snjóstrangann og breiðir ullinni yfir túnin og fyrir framan bæjarhlaðið hefur vafalítið einhverjum komið til hugar að einmitt svona hljóti guð að gera á nóttinni þegar snjórinn er búinn til. Hápunktur sýningarinnar var þó þegar allir tóku undir og voru farnir að leika kindur eða hunda þegar Jón húsbóndi var að reka heim fé sitt. Þetta var ein samfelld hugljúf mynd með mörgum skondnum augnablikum og þær leikrænu og hagnýtu lausnir sem fyrir augu bar munu áhorfendur lengi muna og spekúlera í. Hver á sína sveit og minningar um sína fugla en samferðakona mín nefndi þá sveit sem hún þekkir best og þekkti strax hrossagaukinn, sem var oft svo nálægur án þess að sjást.

Allir sem hér hafa komið að verki eiga ekki aðeins hrós skilið heldur einnig þakkir fyrir að muna að þetta er nálgunin, þetta er aðferðin, þetta er sú virðing sem sýna á börnum sem eru í mótun. Á heimleiðinni sagði sú stutta „mér fannst samt held ég hænurnar skemmtilegastar og snjórinn“.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Hugljúf og fyndin sýning sem bregður upp eftirminnilegum myndum og gefur öllum sem sáu eitthvað til að spekúlera í.







GILDRAN
NÝTT SANNKALLAÐ
MEISTARASTYKKI
FRÁ GÖMLU ROKKURUNUM
KOMIÐ Í VERSLANIR
ÖLL BESTU LÖG GILDRUNNAR
ÓMISSANDI EINTAK Í PLÖTUSAFNIÐ
GILDRAN
LIVE 1. MAÍ 2010
NÝR CD
KOMINN ÚT
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
12. NÓV AUSTURBÆR REYKJAVÍK
13. NÓV HÖLLIN VESTMANNAEYJUM
MOSFELLINGUR
sena
BÍLALEIGA AKUREYRAR
Höldur
VEGGSPORT
papco
prime
UMBOÐSSKRIFSTOFA
midi.is

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
DE NIRO NORTON STONE SPENNUMYND AF BESTU GERÐ JOVOVICH 650 KR.
650 KR. MACHETE
650 KR. Úti er ævintýri 2
TILBOÐ í bíó. Gildir á allar sýningar dagsins.
650 KR. 950 KR. AULINN ÉG

SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| STONE | 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| MACHETE | 8 og 10.15 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | 6 | L |
| SOCIAL NETWORK | 7.30 og 10 | 7 |
| AULINN ÉG 3D | 6 | L |

BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓIN
ROBERT DOWNEY JR. ZACH GALIFIANAKIS
ROBERT DOWNEY JR. OG ZACH GALIFIANAKIS EIGA EFTIR AÐ FÁ ÞIG TIL AÐ GRENJA ÚR HLÁTRI
FROM THE DIRECTOR OF OLD SCHOOL AND THE HANGOVER
DUE DATE
LEAVE YOUR COMFORT ZONE
COMING SOON
KR. 650*
RED ★★★★ HOLLYWOOD REPORTER ★★★ EMPIRE
BRUCE WILLIS, MORGAN FREEMAN, JOHN MALKOVICH OG HELEN MIRREN ERU STÓRKOSTLEG Í ÞESSARI ÓTRÚLEGA SKEMMTILEGU GRÍNMYND
KR. 650*
ÆVINTÝRI SAMMA 3D Leynigöngin
KR. 650* THE SWITCH
14.000 gestir ★★★★ H.S. MBL KR. 650* ÓRÓI
KR. 650* LET ME IN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DUE DATE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| RED | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| LET ME IN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 | 16 |
| THE TOWN | kl. 5:30 | VIP |
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 10:30 | 7 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D | kl. 6 | L |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| RED | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI SAMMA-3D ísl. Tali | kl. 3.55 og 6.15 | L |
| DUE DATE | kl. 4 - 5.45 - 8 - 8.20 og 10.15 | 10 |
| RED | kl. 3.45 - 6 - 8.05 og 10.30 | 12 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. Tali | kl. 4 | L |
| ÓRÓI | kl. 5,55 | 10 |
| THE SWITCH | kl. 6 - 10:20 | 10 |
| LET ME IN | kl. 10,40 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| DUE DATE | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| RED | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE SWITCH | kl. 5:50 - 8 | 10 |
| LEGEND OF THE GUARDIANS-3D ótxt Ensku | kl. 5:50 | L |
| THE TOWN | kl. 10:20 | 16 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG KR. 650*
*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR, Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR

ÞRIÐJUDAGAR ERU TILBOÐSDAGAR!
700 kr. You Will Meet A Tall Dark Stranger 16
★★★ -H.S.S., MBL LÚXUS 700 kr. Gildir ekki í Lúxus MACHETE 16
Úti er Ævintýri 2 700 kr. L
ANNETTE BENING JULIANNE MOORE MARK RUFFALO THE KIDS ARE ALL RIGHT MIA WASIKOWSKA JOSH HUTCHERSON 700 kr. 12
INHALE ★★★★ -B.S., Fréttablaðið ★★★★ -J.V.J, DV ★★★★ -S.V., MBL 700 kr. 16
BRIM 700 kr. 12
★★★★ -B.S., Fréttablaðið ★★★★ kvikmyndir.is ★★★★ -Þ. Þ., Fréttatíminn 700 kr. 7

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 FULLKOMIN GÆÐI

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| MACHETE LÚXUS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 3.40 | L |
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10.40 | 16 |
| TAKERS | kl. 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| BRIM | kl. 4 - 6 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 8 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.40 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 | L |

facebook.com/smarabio AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| KIDS ARE ALLRIGHT | kl. 10 | 12 |
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 9 | 7 |
| BRIM | kl. 6 - 8 | 12 |
| MEÐ HANGANDI HENDI | kl. 6 ATH: ekki á tilboði | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | kl. 8 - 10 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 6 | L |
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |

ATH: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíói

# Tímabært að gefa út best of-plötu hérna heima

**Barði Jóhannsson og hljómsveit hans, Bang Gang, hafa gefið út þrjár plötur, sem allar hafa hlotið góðar viðtökur. Nú er komin út Best of Bang Gang sem inniheldur lög af plötunum þremur ásamt ábreiðuplötu þar sem Páll Óskar og Dikta eru á meðal flytjenda.**



**GEFUR ÚT BESTU LÖGIN** Barði í Bang Gang hefur sent frá sér best of-plötu sem inniheldur lög af öllum þremur plötum hljómsveitarinnar.

„Það var orðið tímabært að setja saman svona plötu hérna heima. Og líka bara skemmtilegt,“ segir tónlistarmaðurinn Barði Jóhannsson. „Mér finnst allt í lagi að gera best of svona snemma á ferlinum vegna þess að það hefur liðið svo langt á milli platna hjá mér.“

Barði sendi frá sér plötuna Best of Bang Gang á dögunum. Platan inniheldur þrettán lög af þremur plötum hljómsveitarinnar, en sú fyrsta kom út árið 1998. Útgáfan er tvöföld, en plata þar sem Dikta, Páll Óskar og fleiri listamenn flytja lög Bang Gang fylgir með.

Barði ætlaði upprunalega að gefa út lög sem honum fannst fín en hafði ekki klárað, en hætti við það. „Þegar ég bar aukaefnið saman við hin lögin þá uppgötvaði ég að það var ástæða fyrir því að þessi aukalög enduðu ekki á diski. Þetta var ekki nógu gott,“ segir Barði og bætir við að munurinn á góðum og slæmum listamanni sé að sá góði kann að hætta. „Hann gefur ekki út það sem er ekki tilbúið. Kann að skilja að gott og vont. Það eru margir sem gefa allt út – sama hversu gott það er. Flestir tónlistarmenn gefa út plötur sem í heild sinni hljóma eins og aukaefni sem hefði alveg mátt sleppa.“

Barði lagði höfuðið í bleyti og mundi þá eftir ábreiðuplötu þar sem ýmsar hljómsveitir fluttu lög Carpenters. Þar var Sonic Youth á meðal flytjenda og tók lagið Superstar.

„Mér fannst platan alltaf svo skemmtileg og hugsaði að þetta gæti orðið skemmtilegt,“ segir Barði.

Ásamt Diktu og Páli Óskari eru Mammút, Eberg og Singapore Sling á meðal flytjenda. Síðastnefnda hljómsveitin flytur lagið One More Trip, sem er sama lag og Dikta flytur. Það ætti ekki að koma á óvart að útgáfurnar eru eins og svart og hvítt og þessi fjölbreytileiki er eitt af því sem Barði kann að meta við útgáfuna. „Það kom út úr þessu mjög skemmtilegur aukadiskur sem ég nenni að hlusta á,“ segir hann.

Útgáfutónleikar Best of Bang Gang verða haldnir í Þjóðleikhúsinu á þriðjudaginn í næstu viku og á Græna hattinum á Akureyri næstkomandi laugardag. Miðasala er hafin á Midi.is.

atlifannar@frettabladid.is

## NÝ BANG GANG-PLATA NÆSTA VOR

„Ég er að semja. Ég er kominn með fullt af lögum og er að melta þetta allt saman. Það gerist alltaf. Maður byrjar að henda einhverju inn og stíga svo frá því. Ég held því sem mér finnst skemmtilegt og hitt er látið fara,“ segir Barði spurður um nýja Bang Gang-plötu, sem hann býst við að gefa út næsta vor. Síðasta plata Bang Gang, Ghosts from the Past, kom út árið 2008. Þar áður kom Something Wrong út árið 2003 og You árið 1998.

# Eplavikan í Kvennó 90 ára

„Það verður fullt um að vera og nánast allir nemendur taka þátt,“ segir Sindri Már Hjartarson, formaður skólafélags Kvennaskólans í Reykjavík en í þessari viku heldur skólinn upp á 90 ára afmæli Eplavikunnar.

„Þetta er hefð sem á rætur sínar að rekja til ársins 1920, en þær stúlkur sem ekki komust heim um jólin fluttu leikþátt fyrir starfsmenn heimavistarinnar og fengu rautt epli að launum. Það þótti gríðarlega fínt í þá daga,“ segir Sindri. Dagskráin í Eplavikunni er þétt og upphitun hefst oftast tveimur vikum fyrr.

„Skólinn er skreyttur rauðum og hljómsveitir, kórar og trúbadorar spila og syngja í matsalnum. Svo fær sá sem mætir í flestum rauðum flíkum frían miða á ballið,“ segir Sindri, en Eplaballið verður haldið á Broadway á fimmtudaginn. Þar koma fram Berndsen & The Young Boys, Ultra Mega Technobandið Stefán og Original Melody, ásamt fleiri góðum listamönnum. „Svo má ekki gleyma því að í vikunni fá allir nemendur að sjálfsögðu rautt epli að gjöf frá nemendafélaginu,“ segir Sindri að lokum. - ka



**SPILAÐ FYRIR KVENSKÆLINGA** Eyjólfur Kristjánsson tók nokkra gamla slagara í Kvennaskólanum í gær þegar Eplavikan hófst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BÍÓ ★ PARADÍS CAFÉ BAR

| | |
|---|---|
| SUBMARINO (14) | 18:00, 20:00 |
| HÖLLIN (L) | 18:30, 19:30 |
| MEÐ HANGANDI HENDI (L) | 18:10, 20:20 |
| ÁFRAM STELPUR! (L) | 18:20 |
| NORÐ VESTUR (L) | 20:10 |
| INNÍ TÓMIÐ (ENTER THE VOID) (16) | 20:30 |

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN!
Meðlimakort: 10% afsláttur
Áskriftarkort: allt að 37% afsláttur
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 850 KR. MIÐINN
MEÐ HANGANDI HENDI
ENTER THE VOID
SUBMARINO EFTIR THOMAS VINTERBERG



# GNARR

ALLSKONAR í SAMVINNU VIÐ ENJOY & 10FILMS KYNNA GNARR
JÓN GNARR HEIÐA KRISTÍN HELGADÓTTIR ÓTTAR PROPPÉ
EINAR ÖRN BENEDIKTSSON ÞORSTEINN GUÐMUDSSON
FRAMLEIÐENDUR SIGVALDI J. KÁRASON & BJÖRN ÓFEIGSSON MEÐFRAMLEIÐANDI RAFN RAFNSSON
HLJÓÐHÖNNUN NICOLAS LIEBING HLJÓÐUPPTAKA BOGI REYNISSON
KVIKMYNDATAKA BJÖRN ÓFEIGSSON KLIPPING SIGVALDI J. KÁRASON LEIKSTJÓRI GAUKUR ÚLFARSSON

ALLSKONAR © 2010 ALLSKONAR FILMS WWW.GNARRTHEMOVIE.COM

FYRSTA MYNDIN Í ADHD

**Frumsýnd 12. nóvember**

fjarkinn stefánsson & stefánsson ALLSKONAR enjoy 10FILMS

# sport

sport@frettabladid.is



**GARÐAR JÓHANNSSON** á ekki von á því að hann spili áfam með norska úrvalsdeildarliðinu Strömsgodset á næsta ári. Þetta sagði hann í samtali við Fréttablaðið í gær. Síðasti leikur Garðars með liðinu verður því væntanlega bikarúrslitaleikurinn á móti Follo um næstu helgi.

Evrópumót U-21 landsliða:

## Dregið í dag

**FÓTBOLTI** Í dag verður dregið í riðla í úrslitakeppni EM U-21 landsliða sem fer fram í Danmörku næsta sumar.

Alls hafa átta lið unnið sér þátttökurétt á mótinu og verður Ísland í efri styrkleikaflokki ásamt heimamönnum, Tékkum og Spánverjum.

Reyndar var ákveðið fyrirfram að Danir myndu spila í A-riðli og Tékkar í B-riðli. Ísland mun því spila með öðru þeirra liða og svo tveimur liðum úr neðri styrkleikaflokki.

Þar eru lið Englands, Sviss, Hvíta-Rússlands og Úkraínu. - esá



**GUÐJÓN BALDVINSSON** Skoraði 10 mörk með KR í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Guðjón Baldvinsson:

## Fær sig ekki lausan frá GAIS

**FÓTBOLTI** Guðjón Baldvinsson fundaði með forráðamönnum GAIS í Svíþjóð um helgina en hann var ekki ánægður með niðurstöður þeirra.

„Ég vildi losna þar sem ég á ekki von á því að mín staða hjá liðinu muni breytast,“ sagði Guðjón við Fréttablaðið. „Það verður sami þjálfari áfram en hann hefur gefið það út að hann muni ekki nota mig – sama hvað. Mín staða hjá félaginu er því ekki sterk,“ bætti hann við.

Guðjón var í láni hjá KR í sumar en á enn þrjú ár eftir af samningi sínum við GAIS. „Ég á að mæta aftur til æfinga í janúar og óvíst hvað gerist fram að þeim tíma. Ég hef enn ekki náð að spila einn einasta leik með liðinu en mun gera mitt besta ef engin önnur lausn finnst. Ég vil helst finna mér félag úti en veit ekki hvort það gengur eftir.“

Hann ber liðinu ekki góða söguna. „GAIS skoraði 24 mörk í 30 leikjum í sumar og markahæsti leikmaður liðsins er varnarmaður sem skoraði fjögur mörk. Ég hef líka ekki áhuga á að vera hjá liði sem vill bara halda sér í deildinni á hverju ári.“ - esá

# Ungu hetjurnar aftur inn

**Aðeins níu leikmenn úr síðasta landsleik halda sæti sínu í íslenska landsliðinu og fara með liðinu til Ísraels. Allir þeir sem var kippt úr liðinu vegna verkefnis U-21 landsliðsins eru aftur með nú. Eiður Smári Guðjohnsen var ekki valinn.**

**FÓTBOLTI** Óhætt er að segja að kynslóðaskipti í íslenska landsliðinu hafa aldrei verið greinilegri en þegar Ólafur Jóhannsson tilkynnti í gær leikmannahóp liðsins sem mætir Ísrael í vináttulandsleik ytra í næstu viku.

Frægt er þegar U-21 landsliðið fékk forgang á leikmenn fyrir verkefni sitt gegn Skotum í síðasta mánuði en á sama tíma lék A-liðið gegn Portúgal í undankeppni EM 2012.

Allir þeir sjö leikmenn sem var kippt úr A-landsliðinu þá eru aftur komnir í hóp Ólafs nú, auk Alfreðs Finnbogasonar sem einnig spilaði með U-21 liðinu gegn Skotum.

Reyndar heldur aðeins einn leikmaður úr hópi miðju- og sóknarmanna sæti sínu í A-liðinu úr Portúgalsleiknum en það er Ólafur Ingi Skúlason.

Sóknarmaðurinn Heiðar Helguson er reyndar frá vegna meiðsla og getur því ekki farið með liðinu til Ísraels.

Eið Smára Guðjohnsen, markahæsta leikmann í sögu landsliðsins, er hins vegar hvergi að finna.

„Ég ákvað að velja yngri strákana núna og gefa þeim sénsinn í þessum leik,“ sagði Ólafur Jóhannesson spurður um Eið Smára. „Ég vildi nota þennan leik til að gefa þeim mínútur með landsliðinu. Eiður Smári er allavega ekki í hópnum í þetta skiptið.“

*Ertu hættur að velja Eið Smára í landsliðið?*

„Ég vel bara einn hóp í einu,“ sagði Ólafur.

Eiður Smári hefur átt erfitt uppdráttar hjá liði sínu, Stoke, og hefur ekki enn fengið tækifæri í byrjunarliði liðsins síðan hann kom til félagsins í lok ágústmánaðar. Hann var til að mynda ekki í leikmannahópi liðsins þegar Stoke mætti Sunderland um helgina.

Meðalaldur landsliðsins nú er ekki hár og segir Ólafur það ekki vera neina tilviljun.

„Ég hef verið með þessa yngri stráka í landsliðinu í nokkurn tíma og þeir koma því aftur inn núna. Þetta eru framtíðarleikmenn landsliðsins. Eins og ég hef margsinnis sagt eiga sér nú stað ákveðin kynslóðaskipti í landsliðinu og með því að velja þá í svona leiki flýtir það því ferli. Þessir strákar fá dýrmæta reynslu og auka getu sína með því að spila leiki sem þessa. Það er jákvætt fyrir okkur,“ sagði Ólafur.

Hermann Hreiðarsson er aftur valinn í landsliðið en hann var reyndar ekki á skýrslu fyrir leikinn gegn Portúgal.

„Mér finnst mikilvægt að Hermann sé í hópnum. Hann er vissulega ekki í sínu besta leikformi en Hermann er okkur afar mikilvægur hlekkur í leikmannahópnum hvað félagslegu hliðina varðar. Ég hafði hann síðast í hópnum vegna þessa og þannig er það aftur nú. Hann mun hins vegar örugglega fá að spila í þetta skiptið.“

Ólafur má nota átján leikmenn í leiknum og fer því aðeins með átján leikmenn með sér til Ísraels. „Það er erfitt að meta það nú en ég vona að sem flestir fái að spila í þessum leik.“

eirikur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**GYLFI ÞÓR** Einn af átta leikmönnum úr U-21 landsliðinu sem eru kallaðir í A-landsliðið nú.

### Leikmannahópur Íslands á móti Ísrael

**Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari valdi 18 leikmenn í hóp sinn fyrir vináttulandsleik á móti Ísrael sem fer fram eftir rúma viku. Landsleikir leikmanna eru innan sviga.**

| Voru með á móti Portúgal | Koma aftur inn í liðið |
|---|---|
| Arni Gautur Arason, Odd Grenland (71) | Aron Einar Gunnarsson, Coventry (20) |
| Gunnleifur Gunnleifsson, FH (20) | Sölvi Geir Ottesen, FC København (14) |
| Hermann Hreiðarsson, Portsmouth (85) | Rúrik Gíslason, OB (9) |
| Indriði Sigurðsson, Viking (57) | Jóhann Berg Guðmundsson, AZ (8) |
| Kristján Örn Sigurðsson, Hønefoss (48) | Eggert Gunnþór Jónsson, Hearts (7) |
| Grétar Rafn Steinsson, Bolton (41) | Kolbeinn Sigþórsson, AZ (4) |
| Birkir Már Sævarsson, Brann (20) | Birkir Bjarnason, Viking (3) |
| Ragnar Sigurðsson, IFK Göteborg (16) | Gylfi Þór Sigurðsson, Hoffenheim (3) |
| Ólafur Ingi Skúlason, SønderjyskE (14) | Alfreð Finnbogason, Breiðablik (1) |



**HLYNUR BÆRINGSSON** Var búinn að missa af 3 leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sundsvall í sænsku körfunni:

## Tap við endurkomu Hlyns

**KÖRFUBOLTI** Hlynur Bæringsson sneri aftur eftir meiðsli þegar Sundsvall Dragons tapaði 94-77 á móti LF Basket í sænsku úrvalsdeildinni í körfubolta í gærkvöldi.

Hlynur Bæringsson, sem var búinn að missa út þrjá leiki vegna meiðsla, byrjaði af krafti og var með 7 af 11 fyrstu stigum liðsins í leiknum. Honum tókst þó ekki að ná tvennu eins og í fyrstu þremur leikjum sínum með Sundsvall og endaði leikinn með 9 stig og 8 fráköst. Jakob var með 15 stig, 4 fráköst og 4 stoðsendingar í leiknum. - óój

Stelpurnar í Algarve-bikarnum:

## Sluppu við þær bandarísku

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta tekur þátt í Algarve-bikarnum fimmta árið í mars á næsta ári og nú er ljóst að íslensku stelpurnar eru með Svíum (4. sæti á heimslistanum), Dönum (10. sæti) og Kínverjum (14. sæti) í riðli. Ísland mætir Svíþjóð í fyrsta leik.

Stelpurnar okkar sluppu þar með við þær bandarísku (1. sæti á heimslistanum) að þessu sinni en þetta er í fyrsta sinn síðan 2008 að íslenska landsliðið er ekki með Bandaríkjunum í riðli. - óój

Grétar Ólafur Hjartarson:

## Fór í Keflavík

**FÓTBOLTI** Grétar Ólafur Hjartarson skrifaði í gær undir eins árs samning við Keflavík. Grétar skoraði 3 mörk í 20 leikjum með Grindavík í sumar en fékk ekki nýjan samning hjá félaginu. Hann er 33 ára sóknarmaður sem hefur skorað 65 mörk í 156 leikjum í efstu deild. - óój




Sigfús Sigurðsson spilar fyrir Patrek hjá Emsdetten:

# Hjálpar vini sínum

**HANDBOLTI** Sigfús Sigurðsson mun spila með þýska B-deildarliðinu Emsdetten næstu sex vikurnar í það minnsta en Patrekur Jóhannesson þjálfar liðið.

„Þetta kom þannig til að Patta, vin minn, vantaði mann,“ sagði Sigfús en Patrekur setti færslu inn á Facebook-síðuna sína og bað um aðstoð þar sem hann var búinn að missa bæði línumann og varnarmann í meiðsli.

Sigfús segir að líkamleg heilsa hans sé ágæt. „Leikæfingin er ekki mikil en líkamlega standið er betra en oft áður hefur verið. Ég fór í stóra aðgerð fyrir einu og hálfu ári síðan en fór aðeins of fljótt af stað með Val á síðasta tímabili. Í sumar var ég mikið að synda og hreyfa mig og er orðinn léttari en áður. Löppin er öll að koma til og ég get spilað með aðstoð spelku.“



Sigfús fagnar því að geta komið Patreki til aðstoðar. „Þegar ég byrjaði að spila aftur með landsliðinu árið 2001 þá var hann einn af þeim sem hjálpuðu mér sem mest. Vonandi fæ ég núna tækifæri til að hjálpa honum á móti.“

Sigfús segist einnig reiðubúinn að hjálpa íslenska landsliðinu verði þess óskað. „Það er ekki mitt að ákveða það en ef þjálfarinn myndi vilja nota mig og þiggja mína hjálp er ég alltaf boðinn og búinn til þess.“ - esá

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

**m.visir.is**
**Fáðu Vísi í símann og iPad!**



# MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

## Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins




Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

**Meiri Vísir.**

vísir.is

## > Michael Cera

„Ég eiginlega gaf það upp á bátinn að vera álitinn fallegur eða myndarlegur. Ég ákvað að gerast spenntur fyrir því að vera álitinn fífl.“

***Michael Cera hefur gert það gott í gamanmyndabransanum. Hann fer með eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni Superbad, sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.00.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR ER ÁNÆGÐ MEÐ NÝJA VIÐBÓT Í SJÓNVARPSFLÓRUNNI

## *Konan sem veitti innsýn inn í heim Hitlers*

Traudl Junge (1920-2002) var yngsti einkaritari Adolfs Hitler og starfaði hjá honum frá 1942 og þar til yfir lauk árið 1945. Hún var aðeins 22 ára þegar hún fór að vinna hjá einræðisherranum og taldi að í starfinu gæti hún komist að öllum sannleikanum um stríðið. Því var fjarri og eftir því sem hún sagði frá síðar, vissi hún í raun minna en aðrir hvað var á seyði í heiminum þar sem hún lifði í vernduðum og lokuðum heimi foringjans.

Heimildarmynd frá árinu 2002 sem ber heitið Blind Spot: Hitler's Secretary var sýnd á nýju íslensku sjónvarpsstöðinni Stöð 1 um helgina. Myndin, sem leikstýrt er af André Heller og Schmiderer, er ein löng einræða Traudl Junge um reynslu sína sem ritari Hitlers. Hljómar kannski hálf leiðinlega en kom ótrúlega á óvart. Junge segir frá öllu, bæði því undarlega, skemmtilega og hræðilega sem hún upplifði. Frá ljúfmenninu Adolf sem var mjúkmáll, elskaði hundinn sinn og átti við magaólgu að stríða, til foringjans sem sturlaðist úr reiði þegar eitthvað gekk ekki eins og planað.



**DER UNTERGANG** Þýska verðlaunamyndin var byggð á frásögn Traudl Junge.

Junge lifði fremur hefðbundnu lífi mestan part þess en þegar aldurinn færðist yfir steig hún fram í sviðsljósið og sagði sögu sína. Hún lést sama ár og heimildarmyndin kom út, úr krabbameini.

Stöð 1 er ágæt viðbót í íslensku sjónvarpsflórunni en hún fór í loftið í lok október. Ef myndin um Traudl Junge er það sem koma skal á þeirri stöð, þá verð ég í það minnsta tryggur áhorfandi.

### SJÓNVARPIÐ

**16.05 Dreymir um Ísland** Heimildarmynd eftir Dúa Landmark um franskan hamskera sem kemur til Íslands á hverju sumri.
**16.55 Handboltinn** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Svona eru mæður** (3:6) (Sådan er mödre)
**18.00 Friðþjófur forvitni** (10:20)
**18.25 Krakkamál – Heigullinn Tino** (2:5)
**18.30 Kobbi gegn kisa** (4:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Skólaklíkur** (27:34) (Greek) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright.
**20.50 Sportið** Í þættinum er fjallað um hinar ýmsu íþróttagreinar frá margvíslegum hliðum.
**21.25 Návígi.**
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Luther** (4:6) (Luther) Breskur sakamálaflokkur um harðsnúnu lögguna Luther sem fer sínar eigin leiðir.
**23.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**08.00 My Blue Heaven**
**10.00 Top Secret**
**12.00 Mee-Shee: The Water Giant**
**14.00 My Blue Heaven**
**16.00 Top Secret**
**18.00 Mee-Shee: The Water Giant**
**20.00 Superbad**
**22.00 The Kite Runner**
**00.05 Man in the Iron Mask**
**02.15 The Prophecy 3**
**04.00 The Kite Runner**
**06.05 Leatherheads**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Bratz, Íkornastrákurinn
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (5:25)
**11.00 Wipeout USA**
**11.45 Monk** (6:16)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (3:24)
**13.25 The Seeker: The Dark is Rising**
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Ben 10, Nonni nifteind, Strumparnir
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (2:22)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (6:19)
**19.45 How I Met Your Mother** (3:22)
**20.10 The Middle** (15:24) Frábærir gamanþættir í anda Malcholm in the Middle.
**20.35 Two and a Half Men** (3:22) Sjöunda sería þessa bráðskemmtilega þáttar um bræðurna Charlie og Alan.
**21.00 Cougar Town** (22:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends.
**21.25 White Collar**
**22.10 The Shield** (9:13) t.
**22.55 Daily Show: Global Edition**
**23.20 Pretty Little Liars** (10:22)
**00.10 Grey's Anatomy** (6:22)
**00.55 Irresistible**
**02.35 Cathouse: Sex, Guys and Video**
**03.10 District B13**
**04.35 The Middle** (15:24)
**05.00 Cougar Town** (22:24)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag** (e)

### 2 SPORT *besta sætið*

**18.15 Á vellinum** Skemmtilegur þáttur þar sem barna- og unglingastarfinu er veitt athygli. Fjallað verður um yngri flokkana í knattspyrnunni og þeim gerð góð skil.
**18.45 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**19.15 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - (E)**




**21.00 24/7 Pacquiao - Margarito** Hitað upp með 24/7 fyrir bardaga Manny Pacquiao og Antonio Margarito.
**21.30 Spænsku mörkin 2010-2011** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**22.15 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker Main Event þar sem allir bestu spilarar heims eru mættir til leiks.
**23.10 Monte Carlo 2** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.15 Bolton - Tottenham**
**18.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**18.30 Football Legends - Alfonso** Frábær þáttur um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar. Í þessum þætti verður fjallað um hin snjalla og skemmtilega leikmann Alfonso.
**18.55 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**19.55 Tottenham - Sunderland** Bein útsending frá leik Tottenham og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.
**22.00 Stoke - Birmingham**
**23.45 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.20 Spjallið með Sölva** (7:13) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Spjallið með Sölva** (7:13) (e)
**12.40 Pepsi MAX tónlist**
**15.05 90210** (2:22) (e)
**15.50 Game Tíví** (8:14) (e)
**16.20 Dr. Phil**
**17.00 Rachael Ray**
**17.45 Parenthood** (5:13) (e)
**18.30 Fyndnar fjölskyldumyndir** (6:10) (e)
**18.55 Real Hustle** (3:10)
**19.20 Rules of Engagement** (6:13) (e)
**19.45 Whose Line is it Anyway** (15:20).
**20.10 The Marriage Ref** (9:12) .
**21.00 Nýtt útlit** (8:12) .
**21.50 Nurse Jackie** (6:12) .
**22.20 United States of Tara** (6:12) .
**22.50 Jay Leno**
**23.35 CSI: Miami** (6:24) (e)
**00.25 Sordid Lives** (9:12) (e)
**00.50 CSI: Miami** (13:25) (e)
**01.35 Nurse Jackie** (6:12) (e)
**02.05 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.40 World Golf Championship 2010** (3:4) (e)
**12.40 Golfing World** (e)
**13.30 World Golf Salutes King Bhumibol** (1:1) (e)
**17.30 Golfing World** (e)
**18.20 Golfing World**
**19.10 Ryder Cup Official Film 2010**
**20.25 European Tour - Highlights 2010** (5:10) (e)
**21.15 PGA Tour Yearbooks** (6:10)
**22.00 Golfing World** (e)
**22.50 Ryder Cup Official Film 2006** (e)
**00.05 Golfing World** (e)
**00.55 ESPN America**

### 2 EXTRA

**19.05 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**19.50 Gossip Girl** (10:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**20.35 Little Britain USA** (3:6) Fyndnasta tvíeyki Bretlands, Matt Lucas og David Walliams, er mætt aftur og að þessu sinni ætla þeir að grínast í Bandaríkjunum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 V** (9:12) Vandaðir spennuþættir sem segja á afar raunverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims.
**22.35 Dollhouse** (6:13) Spennuþáttaröð sem gerist í nánni framtíð þar sem skotið hafa upp kollinum undirheimafyrirtæki sem gera út sérstaka málaliða, svokallaðar „brúður“.
**23.25 Unhitched** (2:6) r.
**23.50 Gossip Girl** (10:22)
**00.35 Little Britain USA** (3:6)
**01.00 The Doctors**
**01.40 Sjáðu**
**02.10 Fréttir Stöðvar 2**
**03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Birna Einarsdóttir forstjóri Íslandsbanka.
**21.00 Græðlingur** Allir græða á Græðlingi Gurrýar.
**21.30 Svartar tungur** Birkir Jón, Sigmundur Ernir og Tryggvi Þór skoða þingmál í brennidepli.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





**Meðal efnis í blaðinu:**
Allt um jólamatinn; forréttir, aðalréttir, eftirréttir og borðskreytingar.

Fjölbreytt jólaskraut og jólaföndur.

Ólíkir jólasiðir.

Íslenskar og alþjóðlegar uppskriftir að jólakökum og jólasælgæti.




**... allt sem þú þarft**

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.35

### Two and a Half Men



Nýjasta sería þessa bráðskemmtilega þáttar, eins vinsælasta gamanþáttar Stöðvar 2, um bræðurna Charlie og Alan. Charlie er eldhress piparsveinn sem kærir sig ekki um neinar flækjur en Alan er sjúklegur snyrtipinni sem á í stökustu vandræðum með sjálfstraustið.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefs **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Fjölradda sveiflusöngur **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Friðhelgi **14.03** Um ljúfan dreng sem lifir enn **15.03** Útvarpssagan: Stormur **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn 18.50 Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.05** Næturtónar

### BBC entertainment

**12.35** The Weakest Link **13.20** Deal or No Deal **13.55** Monarch of the Glen **14.45** Absolutely Fabulous **15.15** Absolutely Fabulous **15.45** Last of the Summer Wine **16.15** Waterloo Road **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Life of Riley **19.30** QI **20.00** How Not to Live Your Life **20.30** Spooks **21.20** Life of Riley **21.50** QI **22.20** How Not to Live Your Life **22.50** Come Dine With Me **23.15** Come Dine With Me **23.40** EastEnders

### DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **12.55** Surfing ved Svalbard **13.00** Mission Ledelse **13.30** Fængslet **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Svampebob Firkant **15.50** Nik & Jan **16.00** Karlsson på taget **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Ha' det godt **19.00** Hammerslag på Nordfyn **19.30** Stemmer fra Vollsmose **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Johan Falk: Den tredje bølge **22.55** Borgen **23.55** Naruto Uncut

### NRK 1

**12.50** Førkveld **13.30** Fredag i hagen **14.00** NRK nyheter **14.10** Sjukehuset i Aidensfield **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** En Noman i Pakistan **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Ut i naturen **19.15** På tro og are **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Brennpunkt **21.30** Storbynatt **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Den store reisen **23.25** Skavlan

### SVT 1

**12.05** Från Lark Rise till Candleford **13.10** Järnjätten **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Ung & bortskämd **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Vem tror du att du är? **20.00** Veckans brott **21.00** Dox **22.45** State of Mind **23.30** Starke man **00.00** Niklas Mat







## MORGUNMATURINN



*„Þessa dagana fæ ég mér alltaf AB mjólk með púðursykri, cheerios og bönunum. Og svo tek ég alltaf lýsi.“*

Ólöf Jara Skagfjörð, söng- og leikkona.

# Upplýsingafulltrúi BSRB hinn nýi Randver

„Ég er örugglega ekki eini maðurinn sem hefur hugsað eitthvað í þessa veru. Ég er ekki farinn að ljúga að sjálfum mér að þeir hafi afritað þetta viljandi,“ segir Kolbeinn Óttarsson Proppé, kynningarfulltrúi BSRB.

Á laugardaginn virðist Spaugstofan hafa gert sér mat úr bakþankapistli Kolbeins sem birtist í Fréttablaðinu í nóvember árið 2008. Fyrirsögn pistilsins var *Skorpuþjóðin* og fjallaði hann um eðli Íslendinga, sem skilja eftir sig sviðna jörð, telji þeir sig vera í fullum rétti. Atriði Spaugstofunnar snérist einnig um skorpuþjóðina og vísaði í sömu atriði og Kolbeinn benti á í pistlinum.

„Menn eru bara að velta fyrir sér íslenskri þjóð eftir hrun og hugsa á svipuðum nótum, ég hugsa þetta sé ekki flóknara en það,“ segir Kolbeinn sem hefur hvorki krafist þess að vera skráður sem meðhöfundur atriðisins né haft samband við lögfræðing. Hann var í leikhúsi umrætt kvöld og sá ekki atriðið.

„Fyrir það fyrsta skal ég nú ekki segja til um að þeir hafi lesið pistilinn,“ segir Kolbeinn laufléttur. „Kannski fengu þeir sömu hugmynd. En að sjálfsögðu er það heiður að vera bendlaður við Spaugstofuna – er ég ekki nýi Randver? Með á bakvið tjöldin.“

Þrátt fyrir að Kolbeinn hafi ekki fylgst með Spaugstofunni reglulega segist hann vera aðdáandi. Spurður hvort fleiri pistlar hans séu efni í grínatriði segir hann þá allavega vera nógu marga. „En ég var yfirleitt í ægilega alvarlegum og pólitískum málum í bakþönkum, en það þykir kannski fyndið í dag.“



**BARA GRÍN** Spaugstofan virðist hafa gert sér mat úr pistli Kolbeins Proppé á laugardaginn. Kolbeinn gerir lítið úr málinu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það sannaðist rækilega um liðna helgi að Ríó tríóið á sér dygga aðdáendur þegar uppselt var á ferna tónleika sveitarinnar í Salnum í Kópavogi. **Helgi Pétursson** og félagar voru svo ánægðir með viðtökurnar að þeir hafa bókað aukatónleika á sama stað á fimmtudagskvöld. Óvæntur bónus fyrir þá sem mæta á tónleikana verður heimsókn **Snorra Helgasonar** en hann er að ljúka tónleikaferð um Kanada og kemur við á leiðinni til London þar sem hann gerir út um þessar mundir. Og svo geta menn borið saman og pælt í því hvort ungi maðurinn á eitthvað í þann gamla. **- hdm**






„Ísland hefur auðvitað verið mikið í umræðunni og það hefur kannski smitast út í listirnar

**ARNALDUR INDRIÐASON**
RITHÖFUNDUR

ARNALDUR INDRIÐASON: TEKUR FRAM ÚR SIGUR RÓS Í SÖLU

# Hefur selt næstum sjö milljónir bóka á heimsvísu

Arnaldur Indriðason hefur nú selt næstum því sjö milljónir eintaka af bókum sínum á heimsvísu, samkvæmt upplýsingum frá útgáfufyrirtæki hans hér á landi, Vöku Helgafell. Það þýðir að hann hefur tekið fram úr strákunum í Sigur Rós; hefur selt fleiri eintök af bókum sínum en fjórmenningarnir hafa selt af plötum sínum. Arnaldur á þó langt í land með að ná Björk Guðmundsdóttur.

Sala á bókum Arnaldar hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár úti í heimi. Hann hefur til að mynda selt rúma milljón eintaka á árunum 2009-2010. Sigur Rós hefur selt plötur í rúmlega sex milljónum eintaka samkvæmt upplýsingum frá Kára Sturlusyni, umboðsmanni hljómsveitarinnar hér á landi, en Björk Guðmundsdóttur verður erfitt að velta úr sessi á þessum vettvangi; hún hefur selt í kringum 17 milljónir platna á sínum sólóferli samkvæmt upplýsingum hjá útgefanda hennar hér á landi, Ásmundi Jónssyni.

Arnaldur kom næstum af fjöllum þegar Fréttablaðið bar þessar tölur undir hann. En ekki alveg þó. „Ísland hefur auðvitað verið mikið í umræðunni og það hefur kannski smitast út í listirnar, það er allavega mikill áhugi á bókunum víða um Evrópu.“ Arnaldur er hins vegar ekki reiðubúinn til að kvitta upp á að bankahrun og eldgos, sem vissulega hafa vakið athygli á Íslandi, leiki jafnstórt hlutverk og sumir vilja meina. „Ég veit ekki hvort gengi minna bóka í Frakklandi og víðar er bein afleiðing af hruninu, maður finnur hins vegar alltaf áhuga á íslenskum bókum þegar maður kemur.“

Bækur Arnaldar eru orðnar fjórtán talsins en sú nýjasta, Furðustrandir, kom út 1. nóvember eins og venja er. Þar snýr Erlendur Sveinsson, rannsóknarlögreglumaðurinn skeleggi, aftur eftir að hafa verið utan hringiðunnar í síðustu tveimur bókum.

Arnaldur er ekki í vafa um að Erlendur sé lykillinn að vinsældunum. „Hann virðist auðþýðanlegur,“ segir Arnaldur en aðeins ein bíómynd hefur verið gerð eftir bók Arnaldar: Mýrin í leikstjórn Baltasars Kormáks. Arnaldur segist hafa fengið fyrirspurnir frá erlendum framleiðendum um að gera sjónvarpsþætti eftir bókunum sínum en hann segist aldrei hafa verið spenntur fyrir slíkum tilboðum. „Kvikmynd eftir Grafarþögn er næsta mál á dagskrá og vonandi fer hún í tökur á næsta ári,“ segir Arnaldur en það er Baltasar sem á réttinn að henni.

freyrgigja@frettabladid.is

# Fékk Benzinn aftur og blóðugar sprautunálar í kaupbæti

Fréttablaðið sagði frá því um helgina að Benz-bifreið kvikmyndagerðarmannsins Heimis Sverrissonar hafi verið stolið fyrir utan heimili hans í síðustu viku. Bíllinn er nú fundinn, en glöggur lesandi rakst á hann á bak við Austurbæjarskóla á laugardag.

„Það var maður sem hringdi í mig strax á laugardagsmorgni og hafði þá rekist á bílinn á bak við skólann. Ástandið á bílnum er ekki gott, það var búið að stela öllu innan úr honum sem var einhvers virði auk þess sem hann var allur úti í blóði, sprautunálum, sprautum og blóðugum pappír,“ segir Heimir.



**ÞAKKLÁTUR** Bíl Heimis Sverrissonar var stolið í síðustu viku. Hann hefur nú endurheimt gripinn og er þakklátur fyrir það. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bíllinn var einnig klesstur að framan eftir árekstur við tökubíl tökuliðs kvikmyndarinnar Gauragang, en þjófarnir höfðu ekið bílnum aftan á tökubílinn.

Heimir segist ekki enn hafa lagt í það að þrífa bílinn eftir þjófana en gerir ráð fyrir að bíllinn fari á verkstæði í vikunni. „Ég hafði mig ekki í þetta um helgina, en er í dag búinn að vera að leita að nýju húddi og öðrum varahlutum svo ég geti farið að tjasla honum saman,“ segir Heimir sem er þakklátur fyrir að hafa endurheimt gripinn. „Ég er mjög þakklátur að bíllinn hafi fundist þokkalega heill. Leitin að þjófunum er nú í höndum lögreglunnar, þeir skildu í það minnsta eftir sig nóg af sönnunargögnum, bæði blóði og fingraförum.“ **- sm**




25% AFSLÁTTUR

Miele Tango Plus
Vinsælasta ryksugan frá Miele

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar, með stillanlegu röri og úrvali fylgihluta. Þær hafa hlotið hæstu einkunn hjá neytendasamtökum í Þýskalandi.

Tilboð kr.: 24.900
Verðlistaverð kr.: 33.200

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Ráðgjafaþjónusta í *skuldamálum einstaklinga*

# Við höfum *opnað* sérhæfða ráðgjafaþjónustu

## *— fyrir einstaklinga í greiðsluvanda*

Við munum á næstu mánuðum hringja í þá viðskiptavini sem eiga í verulegum greiðsluvanda vegna húsnæðislána og vinna að lausn þeirra mála með ***Ráðgjafaþjónustu Arion banka*** í Garðabæ. Þegar hefur Arion banki aðstoðað um **14.000** viðskiptavini í greiðsluvanda.

Til að koma til móts við viðskiptavini okkar í greiðsluvanda höfum við nú opnað ráðgjafaþjónustu í skuldamálum einstaklinga. Þar höfum við safnað saman á einn stað helstu sérfræðingum úr öllum útibúum okkar á höfuðborgarsvæðinu.

- Ráðgjafaþjónusta Arion banka í skuldamálum einstaklinga er á 2. hæð við útibú bankans við Garðatorg 5 í Garðabæ.
- Hver viðskiptavinur fær sinn eigin ráðgjafa sem vinnur með honum allt ferlið og fylgir málum hans eftir.
- Við ætlum að leggja okkur fram við að finna lausn sem hentar hverjum og einum og hrinda henni í framkvæmd.
- Okkar markmið er að allir, sem við getum hjálpað, hafi fengið lausn sinna mála innan nokkurra mánaða.
- Viðskiptavinir geta eftir sem áður einnig farið í útibú bankans og fengið ráðgjöf um þær lausnir sem í boði eru.






Opið virka daga kl. 9:00- 16:00.

***— Verið velkomin***

Ráðgjafaþjónusta **Arion banka** í skuldamálum einstaklinga er opin alla virka daga kl. 9:00–16:00. Viðskiptavinir geta komið í heimsókn, hringt í **444 7000** eða sent okkur tölvupóst á netfangið radgjafathjonusta@arionbanki.is

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 52075 11/10

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



TIGER fylgir með Fréttablaðinu í dag

TIGER Villidýr á verði · www.tiger.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Jónsi til Fallon

**Jón Þór Birgisson**, best þekktur sem Jónsi í Sigur Rós, ferðast nú um Bandaríkin til að kynna fyrstu sólóplötu sína, Go. Hann verður gestur kvöldþáttar Jimmy Fallon annað kvöld en sá tók einmitt við af Conan O'Brian og er feikilega vinsæll í heimalandi sínu. Aðdáendur söngvarans geta jafnframt hitað upp með tvöfaldri tónleikaplötu og mynd undir nafninu Go Live sem kemur út á vef 9. nóvember. Þar verður að finna lokaæfingu Jónsa í London fyrir framan útvalda gesti, aukalög sem hafa aldrei heyrst áður og fyndin myndbönd af því sem gerist baksviðs.



### Miðstöð alþýðunnar

**Björgvin G. Sigurðsson**, fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra og þingmaður Samfylkingarinnar, heldur ásamt bakhjörlum sínum teiti í tilefni útkomu bókarinnar Stormurinn – Reynslusaga ráðherra í dag. Teitið hefst klukkan fimm og verður haldið í Umferðarmiðstöðinni í Vatnsmýri. Þar geta þeir sem keyptu bókina í áskrift fengið hana afhenta og aðrir tryggt sér eintak. Umferðarmiðstöðin hefur um árabil verið þekktur sem miðpunktur alþýðunnar, sem þaðan fer um alla landsins fjórðunga. Ráðamenn og auðmenn, jafnt núverandi sem fyrrverandi, skutu þar stundum upp kollinum í uppsveiflunni fyrir hrun. Þar á meðal Björgólfur Guðmundsson, fyrrverandi formaður bankaráðs Landsbankans, sem stundum sást þar snæða hefðbundinn heimilismat í hádeginu í félagi við aðra stórlaxa í viðskiptalífinu.



- fgg, jab

## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Sakaður um barnaníð
2. Mannránið á Akureyri upplýst
3. Sakaði fréttakonu Rúv um heimsku og vanþekkingu
4. Rannsaka „mannrán" á Akureyri
5. Jónas frægasta byttan
6. Sylvía yfirgefur aldrei Karl Gústaf


Útsölulok

10% auka afsláttur af öllum útsöluvörum

LÍFLAND

Lynghálsi 3 Reykjavík
Lónsbakka Akureyri

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

Gerið gæða- og verðsamanburð

SVEFNSÓFAR



Hágæða svefnsófar.
Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. 264.900

BOARD WALLHUGGER



2x90x200
Verð frá 499.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum



BOAS
Leður hægindastóll
79.900
Nokkrir litir

BOAS
Leður hægindasófi 3 sæta verð frá 169.900
Svefnsófi verð frá 169.900

SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

VALHÖLL/FREYJA
Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. 99.900



NÝTT

Svefnsófi
með tungu hægri/vinstri og geymslu
Svefnflötur 140x200
Tveir litir, verð 199.000

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX

2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins 349.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar.
Íslensk framleiðsla.

Gerið gæða- og verðsamanburð



Baldursnesi 6
AKUREYRI

Svefn & heilsa

www.svefn.is



Listhúsinu Laugardal
REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00